



ÁGÚSTA OG GUNNI
Uppgötvuð á Youtube af heimsfrægum stórlaxi Heimsfrægð handan við hornið?



ARON EINAR
Þurfti að borga fyrir HM eftir mótið
■ Ljúft að snúa aftur

26. OKTÓBER 2018 / 41. TBL. 108. ÁRG. / VERÐ 995 KR.

DMZ

REGURDARDROTTNING GENGIN UT



Heiðveig María
BÚIÐ AÐ VARA MIG VIÐ LJÓTUM LEIK
■ Átök í Sjómannafélaginu ■ Tvítug á togara
■ Fjarlægðin frá börnunum erfið

Yfir 20 konur saka nuddara íslensku stjarnanna um kynferðisofbeldi



TÍMAVÉLIN
Steingrímur handtekinn með börnin í Miami
■ Málið þaggað í íslenskum fjölmiðlum



Gerist ekki aftur
Starfsmaður dreifði myndum af kynlífsathöfn sundlaugagesta



Margar gerðir af **FARANGURSBOXUM**



Dráttarbeisli
undir flestar tegundir bíla



VÍKURVAGNAR
Hyrjarhöfða 8 - vikurvagnar.is - Sími 577 1090



Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis



Webasto
Feel the Drive

Bílasmiðurinn hf. Bíldshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmiðurinn.is - bilasmiðurinn@bilasmiðurinn.is



Síðustu orðin

„Hví grátið þið. Hélduð þið að ég væri ódauðlegur?“

– Loðvík 14. Frakklandskonungur (1638–1715)

Á þessum degi, 26. október



1377 – Tvrtko I er krýndur fyrsti konungur Bosníu.



1775 – Georg III Bretlandskonungur fer fyrir þingið til að lýsa því yfir að nýlendur í Bandaríkjunum hafi gerst sekar um uppreisn og gefur út heimild til hernaðaradgerða til að brjóta uppreisnina á bak aftur.



1881 – Skotbardaginn í O.K. Corral á sér stað í Tombstone í Arizona.



1905 – Svíþjóð samþykkir sjálfstæði Noregs.



2002 – Um 50 tsjetsjenskir hryðjuverkamenn og 150 gíslar láta lífið þegar rússneskar sersveitir ráðast til atlögu í Dubrovka-leikhúsinu í Moskvu. Hryðjuverkamennirnir höfðu náð leikhúsinu á sitt vald þremur dögum fyrr og haldið þar um 850 manns í gíslingu.

VINSÆLASTI VEITINGASTAÐUR LANDSINS ER MATARVAGN Í FÓGETAGARÐI

■ Johnny Cole og Steve McCarthy eiga og reka Fish & Co-matarvagninn

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Ég kom til Íslands til þess að taka upp plötu en hlutirnir þróuðust aðeins í aðra átt,“ segir tónlistarmaðurinn og matarvagnseigandinn Johnny Cole í samtali við DV. Johnny hefur aðeins búið á Íslandi í rúma fimm mánuði en hefur á þessum stutta tíma náð að opna matarvagninn Fish & Co ásamt félaganum, Steve McCarthy. Vagninn, sem er staðsettur í Fógetagarðinum við Kirkjustræti, hefur slegið í gegn og er núna vinsælasti veitingastaður höfuðborgarinnar samkvæmt vefsíðunni Tripadvisor. Sú síða hefur mikið að segja varðandi hvaða veitingastaði erlendir ferðamenn heimsækja. Árangur þeirra félagna er því í raun ótrúlegur.

Stefán Silfurtunga var happafengur

„Við komum báðir frá borginni Middlesbrough í norðausturhluta Englands. Ég var búin að vera í stutta stund á Íslandi þegar þessi hugmynd um matarvagninn fór að gerjast og ég ákvað að að hringa í Steve og bjóða honum að taka þátt. Sem betur fer sló Steve til. Ég kalla hann Silfurtunguna því hann er svo góður í kjaftinum og ég vildi leggja mikla áherslu á það að gestir okkar skemmtu sér vel og upplifðu sig velkomna. Það á að vera upplifun að panta sér mat hjá Fish & Co,“ segir Johnny. Bendir hann á að það sé farið að setja svip sinn á miðbæinn þegar Steve öskrar „ferskur fiskur, ferskur fiskur“ úr matarvagninum svo undir tekur

Skilvirkt ferli hjá Reykjavíkurborg

Íslenskur vinur Johnnys, Unnar Helgi Daníelsson, sem á og rekur Icelandic Street Food og Icelandic Craft Bar við Lækjargötu, var félögunum til halds og trausts þegar kom að því að koma ævintýrinu í gang. Johnny segir að ferlið hafi gengið ótrúlega hratt fyrir sig og kann borgaryfirvöldum bestu þakki fyrir það. „Ég væri sennilega enn að vinna í pappírnum í Englandi. Yfirvöld voru mjög jákvæð varðandi opnun vagnsins. Hér virðast menn hafa opinn huga



„Ég kalla hann Silfurtunguna því hann er svo góður í kjaftinum og ég vildi leggja mikla áherslu á það að gestir okkar skemmtu sér vel og upplifðu sig velkomna. Það á að vera upplifun að panta sér mat hjá Fish&Co.

fyrir öllu því sem getur gert miðbæinn meira lifandi og skemmtilegri,“ segir Johnny.

Fyrsta uppskriftin var best
Til að byrja með er matseðillinn á

Fish & Co mjög einfaldur. Aðeins er boðið upp á einn rétt, þorsk á grænmetisbeði, þar sem kirsu-berjatómatar leika lykilhlutverk. Johnny og Steve virðast þó gera það ansi vel því erlendir ferðamenn halda ekki vatni yfir réttinum, ef tekið er mið af umsögn á Tripadvisor. „Ef þú ert bara með einn rétt á matseðlinum þá verður að gera hann rosalega vel. Það lá beinast við að vera með fisk enda elska allir fisk og hann er svo ferskur hérna á Íslandi. Við vorum með nokkrar uppskriftir sem við vorum að henda á milli okkar en þetta var sú fyrsta og hún var best. Næsta skref verður að stækka aðeins matseðilinn,“ segir Johnny kíminn.

Lambkjötíð gæti orðið næst á dagskrá

Athygli vekur að hvorki Steve né Johnny hafa nokkra reynslu af því

að elda eða reka veitingastað. „Við höfðum báðir reynslu af því að vinna á bar en ekki í eldhúsi. Viðtökurnar hafa verið ótrúlegar og við erum mjög þakklátir fyrir þær,“ segir Johnny. Hann segist þegar vera farinn að leggja drög að öðrum vagni þar sem lambkjöt verður í öndvegi. „Ég held að það séu mikil tækifæri með matarvagna í Reykjavík enda er húsnæði mjög dýrt. Þetta hefur verið þróunin um allan heim,“ segir Johnny.

Aðspurður hvort platan góða muni einhvern tímann koma út segir hann brosandí: „Að sjálf-sögðu. Ég skilgreini sjálfan mig fyrst og fremst sem tónlistarmann. Ég hef samt alltaf verið lélegur í því að halda mörgum boltum á lofti í einu og því ætla ég að einbeita mér að rekstrinum næstu misserin. Ég mun samt aldrei hætta að búa til tónlist,“ segir hann hress. ■

5 leiðir til að kveikja í IKEA-geitinni

Búið er að reisa IKEA-geitina fyrir utan verslunina í Kaupþúni í Garðabæ. Það er orðið að eins konar jólahefð að kveikja í geitinni. Allt er gert til þess að koma í veg fyrir að borinn verði eldur að geitinni í ár, er hún m.a. viggirt og vöktuð með myndavélum. DV tók saman nokkrar aðferðir sem skemmdarvargar gætu notað til að kveikja í geitinni, skal það tekið skýrt fram að DV vill ekki að neinn noti þessar aðferðir.



Mólóttov-kokteill

Gamla góða íkveikju-aðferðin. Bensín í glerflösku, bensínvætt grisja sett í stað tappa, kveikt í og kastað. Mikið notað af skæruliðum.



Eldvarpa

Sennilega hættulegasta og flóknasta aðferðin. Bannað er að flytja slík töl til landsins en ekki er hægt að stöðva einhvern með einbeittan brotavilja og nógu mikinn tíma og rúmgóðan bílskúr. Netheimar hafa einnig að geyma uppskriftir að heimagerðu napalmi. Slíkt gæti grandað geitinni og myndavélunum á sama tíma.

Dróni með eld

Drónar, eða flygildi, eru úti um allt þessa dagana. Hægt er að kveikja í einhverju, festa við drónann, fljúga með hann yfir gaddavirinn, kveikja í geitinni og fljúga í skjól.



Logandi ör

Beint úr Hróa hetti. Það þarf boga, ör og bensínvætta grisju til að festa framan á örina. Eins og Þórarinn Ævarsson, framkvæmdastjóri IKEA, benti á í viðtali á Bylgjunni nýverið þá er mikill vindur í Kaupþúni þannig að þessi aðferð krefst mikillar lagni.

Göng

Erfidasta aðferðin og það þarf líklega að byrja strax í dag ef kveikja á í geitinni fyrir jól. Hægt er að finna einhvern stað í Kaupþúni sem er nálægt geitinni en þó í nógu mikilli fjarlægð frá myndavélunum. Grafa undir gaddavirinni og kveikja í geitinni neðan frá.



Sterkari saman!

43. þing ASÍ
24.-26. október 2018



Alþýðusamband Íslands

OPIÐ HÚS

sunnudaginn 28. okt. kl. 14:00 - 15:30

Hafnarbraut Kársnesi

9



Glæsilegar 2ja-4ra herbergja fullbúnar íbúðir með sjávarútsýni á vestanverðu Kársnesinu

Fyrstu 24 íbúðir í nýju bryggjuhverfi með fallegum útivistar- og göngusvæðum við sjávarsíðuna

Ný brú mun tengja Kársnesið, háskólasamfélaginu við Öskjuhlíð og miðbæ Reykjavíkur.

Mikil og metnaðarfull uppbygging á Kársnesinu.

Lýftuhús með bílakjallara.



íb. 102

íb. 101




íb. 204 / 304



Verð frá kr. 38,9 milljónir

íb. 201 / 301




íb. 202 / 302




íb. 401



íb. 403



íb. 404



MIKLABORG Með þér alla leið




Eign.	Herb.	Stærð	Verð
0101	3	108,1	57.900.000 kr.
0102	4	145,4	68.900.000 kr.
0106	3	81,8	48.900.000 kr.
0201	4	114,2	59.900.000 kr.
0202	4	140,8	70.900.000 kr.
0203	2	68,1	41.900.000 kr.
0204	3	101,8	52.900.000 kr.
0205	3	86,7	49.900.000 kr.
0206	3	95,2	50.900.000 kr.
0207	2	59,3	38.900.000 kr.
0208	3	93,5	50.900.000 kr.
0301	4	114,0	SELÐ
0302	4	141,0	71.900.000 kr.
0303	2	68,4	42.900.000 kr.
0304	3	101,8	54.900.000 kr.
0305	3	86,3	50.900.000 kr.
0306	3	90,1	51.900.000 kr.
0307	2	59,3	SELÐ
0308	3	91,5	51.900.000 kr.
0401	4	172,4	110.000.000 kr.
0402	3	105,5	61.900.000 kr.
0403	3	89,7	56.900.000 kr.
0404	3/4	115,4	71.900.000 kr.
0405	3/4	122,9	73.900.000 kr.

íb. 106



íb. 203 / 303



íb. 402

íb. 405



Nánari upplýsingar veita:



Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307
olafur@miklaborg.is



Jörunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is



Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300
svan@miklaborg.is



KÁRSNESIÐ

HVERFIÐ OKKAR

www.karsnes.is

MIKLABORG



Kristjana hannar kápu afmælisþakka Coldplay

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Breska hljómsveitin Coldplay fagnar 20 ára starfsafmæli með sérstakri útgáfu, The Butterfly Package, eða Fiðrildapakkanum, sem kemur út 7. desember. Pakkinn inniheldur heimildarmynd, tvo diska með „live“ upptökum og mynd frá tónleikum. Þetta er pakki sem allir aðdáendur Coldplay þurfa að eignast.

Það sem vekur þó athygli okkar Íslendinga er að kápa þakans er hönnuð af Kristjönu S. Williams, sem er margverðlaunadur íslenskur hönnuður. Kristjana býr í London, en hún útskrifaðist sem grafískur hönnuður frá Central St Martin's. Tvítug opnaði hún verslunina Beyond The Walley og árið 2012 opnaði hún eigið hönnunarstúdíó, KSW Studio.

Hönnun hennar hefur vakið mikla athygli, en hún hef-

ur hannað fatnað, heimilsvöru, veggfóður, vegglistaverk, húsgögn og fleira. Hún hefur einnig tekið þátt í fjölmörgum stórum sýningum, meðal annars London Design Festival.

Myndin fyrir Coldplay er klippimynd (collage) sem inniheldur fjölda sjónræna myndefna sem dregin eru af listaverkum hljómsveitarinnar, myndböndum og sögu hennar. ■



Lagerstarfsmaður og frumkvöðull

„Þetta er ekki fallegasta app í heimi en það virkar“

Björn Porfinnsson
bjornth@dv.is



Ég lenti ekki í neinu misjöfnu en mér fannst þörf á vettvangi þar sem fólk gæti með einföldum hætti komist sannarlega að því hvort iðnaðarmaðurinn sem það skiptir við væri sannarlega með réttindi eða ekki. Það er mjög erfitt fyrir fólk að nálgast þessar upplýsingar og því vildi ég skapa vettvang þar sem fólk þarf ekki að hafa áhyggur,“ segir Hjálmar Friðbergsson í samtali við DV.

Hjálmar, sem starfar sem lagerstarfsmaður hjá Actavis, stofnaði Facebook-hópinn Iðnaðarmenn Íslands fyrir nokkrum árum og fór síðan alla leið með því að gefa út samnefnt app í kjölfar mikilla vinsælda síðunnar en tæplega 6.000 Íslendingar eru í hópnum. Í appinu geta landsmenn, sem þurfa á hjálp iðnaðarmanns að halda, sett inn upplýsingar um verkið og mögulega fengið tilboð í verkið frá skráðum iðnaðarmanni.

Fær myndir af prófskrirteinum iðnaðarmanna

„Ég hélt fyrst utan um skráningarnar á Facebook-síðuna í gegnum Google Docs. Þá voru rúmlega 200 iðnaðarmenn skráð-

ir. Síðan ákvað ég að fara fram á að fá sönnun fyrir því að viðkomandi aðili væri með tilskilin réttindi. Þá fækkaði skráningunum um helming,“ segir Hjálmar. Flestir iðnaðarmennirnir sendu til hans ljósmyndir af skirteinum sínum til þess að sanna menntun sína. „Ég læt það duga, enda þyrftu menn að vera ansi bíræfnir til þess að fara að falska slík skirteini,“ segir Hjálmar. Í dag eru 186 iðnaðarmenn á skrá hjá Hjálmar og sífellt fleiri notendur nýta sér appið.

„Þetta er ekki fallegasta app í heimi en það virkar og kemur viðskiptavinum saman við iðnaðarmenn. Það er eini tilgangurinn, að koma fólki sem þarf hjálp saman við iðnaðarmenn sem sannarlega eru með tilskilin réttindi. Sjálfur tengdist ég engum iðnaðarmönnum og hef engar tekjur af þessu. Þetta er í raun og veru áhugamál og ég lít á þetta sem þjónustu við samfélagið,“ segir Hjálmar. Hann segir að aðstæður í þjóðfélaginu séu þannig að iðnaðarmenn geti valið úr verkefnum. „Það þarf því bara lítill hluti að leita að verkefnum með þessum hætti. En á móti kemur þá geta þetta verið stutt verkefni sem henta vel til að fylla upp í dauða tíma,“ segir Hjálmar. ■

Næsti kafli hefst hér

GIMLI
FASTEIGNASALA

Bjöldum uppá frítt söluerömát



FOSSALEYNIR 16, 112 REYKJAVÍK

Bjart og rúmgott atvinnuhúsnæði miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu samtals 936,4 fm, þar af skrifstofuhúsnæði, á 2.hæðum, alls 636,2 fm og iðnaðarhúsnæði, 2 bil með innkeyrsluhurðum, alls 300,2 fm

Allar nánari upplýsingar veitir Halla fasteignasali s. 659 4044, halla@gimli.is

235.000.000 kr.

Tegund Atvinnuhúsnæði
Stærð 936 M²

gimli.is / Grensásvegi 13 / 108 Reykjavík / 570 4800 / gimli@gimli.is

Iðnaðarmenn Íslands.





**TYGGÐU EXTRA
TIL GÓÐRA VERKA**

**MEÐ ÞVÍ AÐ TYGGJA EXTRA
STYÐUR ÞÚ SOS BARNAPORPIN TIL BÆTTRAR
TANNHEILSU BARNNA Í GHANA OG BOTSWANA**



Í SAMSTARFI VIÐ



**SOS
BARNAPORPIN**
Öll börn vilja gott heimili

Í OKTÓBER OG NÓVEMBER 2018

SAKA NUDDARA ÍSLENSKU STJARNANNA UM KYNFERÐISOFBELDI

Ari Brynjólfsson
ari@dv.is



Jóhannes Tryggvi Sveinbjörns-son hefur verið kærður til lög- reglu fyrir kynferðisbrot af minnst þremur konum. Þá hafa yfir tuttugu konur leitað til Sigrúnar Jóhannsdóttur lögmanns og saka Jóhannes um kynferðisbrot. Jóhannes rekur fyrirtækið Postura sem sérhæfir sig í meðhöndlun á slæmri líkamsstöðu og lagfæringar á verkjum í stoðkerfi. Jóhannes er afar vinsæll, bæði hjá almenningi og eins fræga fólkinu. Samkvæmt heimildum DV hefur Jóhannes í þriggja mála kærður áður og sak- áður um kynferðisbrot enn öll þau mál voru látin niður falla. Aldrei hefur eins stórt mál sem inniheldur jafn alvarlegar áskanir komið upp í þessum geira fyrr. Nýju kærurnar og meint brot eiga hafa verið framin þegar konurnar voru í meðferð hjá Jóhannes.

DV skoðaði málið

Fyrir rúmu ári ræddu blaðamenn DV við þrjár konur sem sökuðu Jóhannes um kynferðisbrot. Án þess að farið verður í saumana á því hér taldi ritstjórn rétt að biðja með þá frétt og fylgjast með framvindu málsins. Fréttablaðið hóf svo að fjalla um Jóhannes í síðustu viku án þess að greina frá nafni hans. Þar kom fram að eftir fyrstu frétt Fréttablaðsins stígu sjö konur til viðbótar fram og sökuðu hinn fræga sjúkranuddara um kynferðisofbeldi. Þá var rætt við Björn Leifsson eiganda World Class sem lét Jóhannes fara eftir aðeins um viku í starfi við að hnykkja og meðhöndla viðskiptavini. Konráð Valur Gíslason, einka- þjálfari hjá World Class, sagði:



„Þetta kom upp þegar ung stúlka, um 16-17 ára, var í meðferð hjá honum þegar hann starfaði hjá World Class. Eftir meðferðina sagði hún kærasta sínum frá sem hringdi hingað inn og kvartaði yfir manninum,“ segir Konráð. „Ég vissi af þremur konum í þjálfun hjá mér

sem höfðu farið til hans og lent í einhverju misjöfnu.“

Sigrún Jóhannsdóttir réttargæslumaður kvennanna sagði í samtali við Fréttablaðið: „Til mín hafa nú leitað alls sautján konur. Sjö þeirra hafa nú þegar mætt í skýrslu- töku hjá lögreglu og þrjár hafa

beðið þess að gefa skýrslu síðan í apríl. Nokkrar eru að meta stöðu sína,“ sagði Sigrún Jóhannsdóttir, lögmaður og réttargæslumaður kvennanna, í samtali við Fréttablaðið í síðustu viku.

Sigrún segir í samtali við DV að wnnú hafi yfir 20 konur leitað til hennar. Kærurnar eru minnst þrjár en samkvæmt heimildum DV eru fjórar kærur á borði lögreglu. Þá hefur Jóhannes verið kærður áður en þau mál fóru ekki fyrir dóm. Sigrún segir í samtali við DV:

„Þær eru fleiri, ég er að tala við fleiri konur á hverjum degi sem lýsa því hvernig hann braut á þeim. Ég er ekki búin að taka það saman hvað þær eru margar, þær eru orðnar fleiri en tuttugu, en ég hef síðan heyrt um fleiri konur.“

Hvað eru margar búnar að kæra til lögreglu?

„Það er svo stutt síðan þetta fór af stað, þetta tekur allt sinn tíma, það eru nokkrar sem eru búnar að fá tíma í skýrslutöku.“

Jóhannes steinhissa á konunum

Steinbergur Finnbogason, lögmaður Jóhannesar, segir í samtali við DV að skjólstæðingur sinn hafi komið af fjöllum þegar hann heyrði af þessu. „Þetta er um margt sérstakt mál og auðvitað ber þar hæst að bakgrunnur þess virðist í raun auglýsing að undirlagi lögmanns kvennanna eftir hugsanlegum skjólstæðingum og um leið viðskiptavinum. Það er sem sagt verið að safna liði til höfuðs einum tilteknum einstaklingi. Í öðru lagi eru engar staðfestingar komnar fyrir því að 17 konur hafi svarað auglýsingu lögmannsins enda þótt hann hafi kosið að upplýsa um þann fjölda í fjölmiðlum. Sjálfum er mér kunnugt um þrjár konur sem telja að á

sér hafi verið brotið eða að minnsta kosti upplifað óþægt andrúmsloft og um leið tilfinningu í meðhöndluninni.“

Sigrúnu var orða vant þegar blaðamaður spurði hana hvort það gæti verið að hún sé að safna liði gegn Jóhannes. „Ég hafna því alfarið. Mikill er máttur lögmanns að geta safnað saman hópi kvenna til að koma fram með svona áskanir. Það er fráleitt. Svona orð dæma sig sjálf,“ segir Sigrún.

Allir í bransanum heyrt um Jóhannes

Jóhannes er ekki meðlimur í osteópatafélagi Íslands, Sjúkranuddarafélagi Íslands eða Kírópraktorafélagi Íslands. Öll þessi félög segjast hafa heyrt af honum sögur og sverja hann af sér.

„Þessi félög finna sig knúin til að tjá sig um málið og verja sína félagsmeðlimi. Meðlimir innan allra félaganna hafa heyrt fjöldann allan af sögum frá skjólstæðingum sínum um óeðlilega starfshætti frá þessum manni. Við höfum fengið til okkar fólk sem hafa leitað álits um það hvort aðferðir sem hann beitir þyki eðlilegar. Við fordæmum svona starfsaðferðir,“ segir í yfirlýsingu frá Osteópatafélaginu og Sjúkranuddarafélaginu. Egill Þorsteinsson, formaður Kírópraktorafélags Íslands, vildi ekki ræða málið við blaðamann DV og vísaði í ummæli sín í Fréttablaðinu um að Jóhannes tengdist stétt kírópraktora ekki á neinn hátt.

Haraldur Magnússon, formaður Osteópatafélags Íslands, sagði í samtali við DV að allir í bransanum hefðu heyrt um hann. „Ég held að hver einasti meðhöndlari hafi heyrt sögur af honum,“ segir Haraldur. „Þar sem hann er ekki okkar félags-

J&S Watch co.
REYKJAVÍK

VELDU ÚR MEÐ SÁL
Frisland Classic

GILBERT
ÚRSMÍÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is

Aron Jóhannsson Ein fjölmargra stjarna sem hefur nýtt sér þjónustu Postura.



meðlimur þá er þetta ekkert á okkar borði.“

Aðspurður um aðgerðir vegna málsins segir Haraldur að í umsóknarferlinu til að gerast meðlimur í félaginu verði beðið um sakavottorð. „Okkur hafði ekki dottið það í hug en greinilega fínt að hafa. Það hefði ekki stoppað Jóhannes því hann hefur aldrei verið dæmdur.“

Haraldur segir málið slæmt fyrir alla meðhöndlara á landinu. „En í rauninni er þetta kostur fyrir okkur þannig séð, þó það sé kalt að segja það, því það sýnir mikilvægi þess að velja fagmenn. Þarna er maður sem heyrir ekki undir neitt og er ennþá bara starfandi. Segjum sem svo að ég hafi gert þetta, þá væri búið að stoppa mig. Ostreopatar eru löggild heilbrigðisstétt, heyra undir Landlækni og ég yrði stoppaður eins og skot.“

Afstaða byggð á öfund

Steinbergur gefur í skyn að afstaða félaganna þriggja megi rekja til vinsælda Jóhannesar sem meðhöndlara. „Í ljósi þessa er auðvitað líka sérstakt að fagfélög á borð við félag sjúkranuddara og fleiri félög sem væntanlega vilja láta taka sig alvarlega skuli álykta um málið án þess að hafa á því nokkra þekkingu utan umfjöllunar fjölmiðla. Sú staðreynd að skjólstæðingur minn hefur tekið á móti yfir fimmtíu þúsund heimsóknum ánægðra viðskiptavina af báðum kynjum og á öllum aldri án þess að tilheyra neinum einum hópi fagfólks hér á landi kann að hafa þar einhver áhrif.“

Kallaður „galdrakallinn“

Jóhannes Tryggvi er vel þekktur innan íslenska mótorkrossheimsins. Hann hefur gefið sér gott orð sem meðhöndlari og hefur unnið með íþróttamönnum á borð við Gunnar Nelson og Aron Jóhannsson. Fjallað var um Jóhannes í Bændablaðinu árið 2014, þar kom fram að frægð hans væri orðin svo mikil að hann væri orðinn „nuddari og galdralæknir keppnisliðs Honda í Dakar-keppninni“. Í færslu á Instagram ári síðar þakkaði Hafþór Júlíus Björnsson, kraftajötunn, Jóhannesi opinberlega fyrir að halda sér frá meiðslum fyrir keppnina Sterkasti maður í heimi.

Knattspyrnumaðurinn Aron Jóhannsson ræddi um Jóhannes í viðtali við Vísi árið 2016. „Eftir tvær vikur hjá honum var hann búið að hjálpa mér meira en allir aðrir í fimm mánuði. Ég kalla hann alltaf galdrakarlinn, en ég á honum mikil að þakka,“ sagði Aron.

Á heimasíðu Postura má finna fjölda jákvæðra umsagna um starfið frá þekktum afreksíþróttamönnum. Meðal þeirra sem gefa umsögn eru Aron Jóhannsson atvinnumaður í knattspyrnu, Pétur Gunnarsson heimsmeistari í samkvæmisdöns- og Eypór Örn Baldursson Ís-

Þær eru fleiri, ég er að tala við fleiri konur á hverjum degi sem lýsa því hvernig hann braut á þeim.

landsmeistari í áhaldafimleikum undir 18 ára. Einnig breski mótorkjólakappinn Johnny Campbell.

Aron segir: „Var búið að glíma við erfið meiðsli í nára í langan tíma og búið að flakka á milli virtra sérfræðinga víðs vegar um Evrópu. Það var ekki fyrir en ég komst til Jóa þegar mér for að liða betur. Kipti mér í lag á nokkrum tímum þessi meistari.“

Aftaka almennings

Steinbergur segir að um sé að ræða dæmigert mál sem snýst um að skjóta fyrst og spyrja svo. „Það er líka auðvelt í andrúmslofti undanfarinna missera að vekja upp spurningar um hugsanlegt kynferðislegt áreiti og jafnvel misnotkun af einhverju tagi. Ég hef sagt að e.t.v. sé það einmitt tilgangurinn að framkvæma aftökuna hjá almenningsálitinu en láta það svo ráðast á seinni stigum hvort ástæða þyki til ákæru og ennþá síðar hvort dómstólar úrskurði um sekt eða sýknu. Rétturinn til þess að teljast saklaus þar til sekt er sönnuð er einfaldlega orðinn að engu í samfélagi netvæðdra samskipta þar sem einstaklingurinn er í raun sjálfstæður fjölmiðill og hefur myndast fyrir því að í lagi sé að láta nánast hvað sem er flakka,“ segir Steinbergur.

Eins og áður segir hefur Jóhannes samkvæmt heimildum DV í þriðgang verið kærður fyrir kynferðisbrot. Hann hefur aldrei verið dæmdur og öll hans mál verið felld niður. Jóhannes var kærður árið 2005 grunaður um brot gegn 14 ára stúlku. Hann hefur tvisvar áður verið kærður fyrir meint kynferðisbrot í starfi, annað málið var látið niður falla síðastliðin jól, hitt málið var felld niður í september síðastliðnum.

Nú hafa eins og áður segir yfir tuttugu konur leitað til sama lögfræðingsins. Nokkrar þeirra hafa nú þegar lagt fram kæru. Jóhannes hefur í gegnum lögfræðing sinn lýst sig saklausan af meintum brotum.

DV hefur ítrekað reynt að ná tali af Jóhannesi en án árangurs. Samkvæmt heimildum hefur hann tekið þá ákvörðun að láta lögfræðing sinn um að tala fyrir sig í málinu. ■



Fjöldi mála Jóhannes var kærður árið 2005 grunaður um brot gegn 14 ára stúlku.



Postura.is Hafþór Júlíus sáttur eftir meðhöndlun.



STARFSMAÐUR BREIÐHOLTSLAUGAR DREIFDI MYNDUM AF GESTUM Í ÁSTARATLOTUM

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Myndband af pari í ástaratlotum í Breiðholtslaug fór sem eldur í sínu um samfélagsmiðla í vikunni. Myndbandið var tekið upp af skjá

öryggismyndavélar af starfsmanni laugarinnar sem sendi það út til fylgjenda sinna á Snapchat. Aðrir notendur tóku síðan skjáskot af myndbandinu og fóru myndirnar víða. Samkvæmt forstöðumanni laugarinnar er málið litið alvarlegum augum en gripið hafi verið til

aðgerða til þess að koma í veg fyrir að nokkuð þessu líkt eigi sér stað aftur.

Hafa tryggt að þetta komi ekki fyrir aftur

Umrætt myndband var tekið upp um miðjan dag í Breiðholtslaug í heitum potti undir útsýnissturni sundlaugararða. Þar má sjá mann veita konu munnmök í ylvolgu vatninu. Ástaratlotin voru tekin upp á öryggismyndavél og tók starfsmaður laugarinnar afrit af verknaðinum og sendi út á samfélagsmiðla. Fram kemur að ungt barn hafi setið nærri í pottinum. Eins og áður segir vöktu myndirnar af fangbrögðunum mikla athygli á samfélagsmiðlum og bárust fregnir inn á borð stjórnenda sundlaugarinnar.

„Við lítum málið alvarlegum augum og tókum þegar á því. Við funduðum með starfsfólki og gripum til aðgerða sem ættu að tryggja að ekkert þessu líkt gerist aftur,“ seg-



ir Sólveig Valgeirsdóttir, forstöðumaður Breiðholtslaugar. Að hennar sögn hefur trúnaðarbrot sem þetta ekki átt sér stað áður. Hún staðfesti ekki hvort starfsmaðurinn hefði fengið reisupassann.

Aðspurð hvort að óvænt ást-

aratlot gesta séu tíður viðburður í lauginni þá þvertur Sólveig fyrir það. „Slíkt gerist nánast aldrei. Í þau örfáu skipti sem gestir fara út fyrir einhver mörk þá hefur dugað að starfsmenn biðji gesti að láta af þessari iðju,“ segir Sólveig. ■

Vandaðar innréttingar



Hjá Parka færðu flottar innréttingar í hæsta gæðaflokki. Mikið úrval.

Þjófum aðeins það besta fyrir þig!

Parki
INTERIORS

Dalvegi 10-14 • 201 Kópavogi • 595 0570 • Parki.is

PINNAMATUR

VEISLUR ERU OKKAR LIST!

BJÓÐUM UPPÁ FJÖLDA TEGUNDA
PINNAMATS OG TAPASRÉTTA



AFGREITT Á EINNOTA FÖTUM, TILBÚIÐ FYRIR VEISLUNA
HRINGDU OG PANTAÐU Í SÍMA 555 1810

Veislulist

HÓLSHRAUN 3, 220 HAFNARFJÖRÐUR / S 555 18 10 OG 565 1810 / VEISLULIST@VEISLULIST.IS / VEISLULIST.IS



Flutningaþjónusta



**milli Suðurnesja og
höfuðborgarsvæðis**
cargoflutningar.is

- ➔ Suðurnes
- ➔ Reykjavík
- ➔ Suðurnes

*Tvisvar
á dag!*



ENDANLEGT LEIGUVERÐ ÓLJÓST

■ HR hefur tekið hluta húsnæðisins í notkun ■ Hafa enn ekki greitt Reykjavíkurborg krónu í leigu

Bjartmar Oddur Þeyr Alexandersson
bjartmar@dv.is



Mikil óvissa ríkir um hvert endanlegt leiguverð Háskólans í Reykjavík verður til Reykjavíkurborgar fyrir afnot af bragganum umdeilda í Nauthólsvík. Leiguverðið átti að miðast við að endanlegur kostnaður yrði 158 milljónir króna en kostnaðurinn er nú þegar orðin um 415 milljónir króna þrátt fyrir að verkefninu sé ekki lokið. Menntastofnunin hefur þegar leigt hluta húsnæðisins út undir veitingastarfsemi og þiggur leigutekjur fyrir.

HR hefur ekki greitt neina leigu fyrir braggann

Samkvæmt leigusamningi sem HR og Reykjavíkurborg skrifuðu undir 16. júlí 2015, og var samþykktur af borgarráði, hljómaði leigusamningurinn upp á 450 þúsund krónur fyrir 446 fermetra eða um 1.009 krónur á fermetrann. Í samningnum er tekið fram að leiguverð sé tengt við vísitölu neyslu-

verðs og ætti því leigan í dag að vera 482.083 krónur. Tekið er fram í leigusamningnum að fari kostnaður vegna framkvæmda yfir 158 milljónir mun leigan hækka í samræmi við þá kostnaðaraukningu og mun Reykjavíkurborg taka á sig um 67% af þeirri hækkun en HR 33%. Mun þetta því þýða einhverja hækkun á leigu fyrir HR.

Hversu mikil hækkunin verður er þó með öllu óljóst. Í samningnum er sérákvæði þar sem fram kemur að séu framkvæmdirnar vegna minjaverndar taki Reykjavíkurborg allan kostnað vegna þess á sig. Ekki liggur fyrir hversu stór hluti kostnaðaraukningarinnar flokkast undir minjavernd og um það snýst deilan. Samkvæmt gögnum sem borgarráð og borgarstjórn Reykjavíkurborgar fékk á sínum tíma um verkefnið var framkvæmdin flokkuð sem minjavernd og getur það því flækt stöðuna fyrir Reykjavíkurborg krefjist þeir hækkunar á leigunni. Bjarni Brynjólfsson, upplýsingastjóri Reykjavíkurborgar, sagði í svari til DV að HR hafi

ekki ennþá greitt neina leigu af húsnæðinu. Eins og komið hefur fram í fjölmiðlun hefur Háskólinn í Reykjavík þegar tekið hluta húsnæðisins í notkun, þó að afhendingin hafi ekki farið formlega fram.

Veitingahúsið Bragginn Bístró opnaði í miðjum júní síðastliðnum, en byrjað var að koma fyrir eldhústækjum í húsnæðinu í apríl. Í samtali við DV sagði Dalmar Ingi Daðason, veitingarstjóri á Bragganum, að hann vissi ekkert um leigusamning veitingastaðarins við HR og benti á föður sinn, Daða Júlíus Agnarsson. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir náðist ekki í Daða við vinnslu fréttarinnar, svo ekki er vitað að svo stöddu hvort veitingastaðurinn sé byrjaður að borga leigu til HR eða ekki. Þegar blaðamaður DV mætti á svæðið ásamt ljósmyndara var einnig búið að koma fyrir sætum og sófum fyrir í húsinu þar sem frumkvöðlasetur HR á að vera. Sagði Dalmar að þau hefðu fengið það lánað hjá HR til að setja auka-húsgögn inn í fyrir geymslu en

samkvæmt heimildum DV hafa verið haldin einkasamkvæmi í húsnæðinu sem áætlað var fyrir frumkvöðlasetur. Þar mátti sjá stór hljómlutningstæki merkt símafyrirtækinu Nova ásamt því að auglýsingar fyrir tilboð á áfengum drykkjum voru á borðunum.

Leiguverð langt undir markaðsverði

DV ræddi við nokkra leigumiðlara sem sérhæfa sig í leigu á atvinnuhúsnæði og staðfestu þeir allir að leiguverðið í núverandi samningi væri afar lágt. Í samtali við DV sagði einn leigumiðlari: „Þúsund krónur á fermetra er algjörlega óþekkt þó það sé ekki vatns- eða vindhelt hús. Venjulega er verið að leigja svona húsnæði á 5 til 10 þúsund krónur á fermetrinn, annað er bara fráleitt. Þetta er ekki verð sem þekkt á markaðnum. Þetta er bara eitthvað gæluverkefni, það er alveg augljóst.“ Samkvæmt leigumiðlurunum sem DV ræddi við eru fleiri verkefni á vegum borgarinnar þar sem í boði er leiguverð langt

Þúsund krónur á fermetra er algjörlega óþekkt þó það sé ekki vatns- eða vindhelt hús. Venjulega er verið að leigja svona húsnæði á 5 til 10 þúsund krónur á fermetrinn, annað er bara fráleitt.

undir markaðsverði. Til dæmis Mathöllin á Hlemmi ásamt verkefni á Langhóltsvegi þar sem verslunin Sunnutorg var, svo eitthvað sé nefnt. ■

GRÆNA TUNNAN AUÐVELDAR FLOKKUNINA



Pappír, pappa, plast og minni málmhluti má setja beint í tunnuna - Muna að skola Hugsum áður en við hendum!



ÍSLENSKA
GÁMAFÉLAGIÐ

Pantaðu grænu tunnuna í síma 577-5757 eða www.igf.is/panta



J Ó H A N N




H E L G I & C o

Við sérhæfum okkur í heildarlausnum á leik og íþróttasvæðum.

Útileiktæki, girðingar, fallvarnarefni, gervigras, gúmmíhellur, gúmmí-grasmottur, gúmmíyfirborð-tartan, hjólabrettarampar, sparkvellir, mörk, körfur, bekkir, útigögn o.fl.

**Fjöldi umboða og einnig breið vörulína úr endurunnu plasti
Innflutningur, sala, þjónusta, viðhald og uppsetningar.**



Bændur og búalið, athugið.

Plastrimar í fjárhúsgólf, nótuð plastborð í milligerði, bása og drenmottur og ýmislegt.

Jóhann Helgi Hlöðversson - Skróðgarðyrkjumeistari
jh@johannhelgi.is - www.johannhelgi.is - Sími 5651048 - 8208096



Er hann hinn nýi Obama?

■ Ein helsta vonarstjarna demókrata fer mikinn í Texas

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Beto O'Rourke berst nú hatrammlega fyrir að ná kjöri sem öldungadeildarþingmaður fyrir Texas í kosningunum sem verða í Bandaríkjunum í byrjun nóvember. Texas er sterkt vígi repúblikana og því ræðst O'Rourke ekki á garðinn þar sem hann er lægstur. Hann hefur verið þingmaður í fulltrúadeildinni síðan 2013 en vill nú komast í öldungadeildina. Kosningabaráttu hans hefur vakið mikla athygli undanfarna mánuði og er O'Rourke orðinn einhver konar pólitísk figúra sem höfðar til margra innan og utan Texas. Hann þykir góður ræðumaður og hefur á stundum verið líkt við Robert

F. Kennedy. O'Rourke hefur sett met í fjáröflun fyrir kosningarnar og hefur safnað miklu meira fé en helsti keppinautur hans í Texas, Ted Cruz.

Þegar lagt var upp í þessa vefferð leit út fyrir að O'Rourke væri að takast á við vonlaust verkefni. Síðast sigraði demókrati í kosningum um öldungadeildarsæti í Texas árið 1988. Ted Cruz á sér marga gagnrýnendur og er ekki sá vinsælasti en hann vann öruggan sigur í kosningunum 2012. En hinn orkumikli og brosmildi O'Rourke hefur lagt áherslu á jákvæðan boðskap í kosningabaráttunni og það hefur fallið vel í kramið í því pólitíska landslagi sem nú ríkir í Bandaríkjunum þar sem vantrú og öfgar ráða för.

O'Rourke er gamall pönkari og

var í pönkhjólsvæit á árum áður. Hann hefur nýtt tónlistarhæfileikana í kosningabaráttunni og söng til dæmis dúett með kántrístjórnum Willie Nelson. Hann hefur gert mikið til að leggja áherslu á afslappaðan stíl framboðs síns og að það sé byggt á grasrotarhreyfingu.

„Það er enginn sem gerir skoðanakannanir fyrir mig. Ég geri ekki skoðanakannanir,“ sagði O'Rourke nýlega á kosningafundi.

Ein helsta von demókrata

Demókratar vona að O'Rourke geti endurreist stolt þeirra og hefðir í Texas en ríkið var áður eitt af höfuðvígjum demókrata. Lyndon B. Johnson forseti var öldungadeildarþingmaður ríkisins árum saman. Lloyd Bentsen, fjármála-

ráðherra í stjórnartíð Bills Clinton, var öldungadeildarþingmaður ríkisins í rúmlega 20 ár.

Sjálfsöryggi og mælska O'Rourke hefur orðið til þess að bandarískir fjölmiðlar hafa grafið upp gamlar fréttir og umfjöllun og líkja O'Rourke við Barack Obama og jafnvel Robert F. Kennedy. Orðið „Betomania“ hefur verið notað um O'Rourke og vísar til skírnarnafns hans, Beto. Margir telja að hann sé vænlegur kostur demókrata þegar kemur að forsetakosningum 2020.

Ekki hefur það dregið úr áhuganum á O'Rourke að það er Ted Cruz sem hann berst við um öldungadeildarsæti. Cruz var kjörinn í öldungadeildina fyrir sex árum en hann var fulltrúi í haldssamra afla í repúblikanafloknum sem sóttu að miðjumönnum í flokknum. Þarna var hin svokallaða Teboðshreyfing að verki. Cruz er ekki vinsæll meðal allra repúblikana en hann varð fyrst landsþekktur 2016 þegar hann sóttist eftir að verða frambjóðandi repúblikanaflokksins til embættis forseta Bandaríkjanna. Eins og kunnugt er beið hann lægri hlut fyrir Donald Trump í þeirri baráttu en Trump sótti hart að honum og sparaði ekki stóru orðin um Cruz og kallaði hann meðal annars „lygarann Ted Cruz“.

Þrátt fyrir að O'Rourke stæri sig af að reka aðeins kosningabaráttu á jákvæðu nótunum hefur hann tekið silkihanskana af sér að undanfögnu og á kosningafundi nýlega gat hann ekki stillt sig um að segja að uppnefnið „lygarinn Ted Cruz“ hefði hlotið hljómgrunn því það væri satt.

Þegar Cruz og Trump tókust á í forvali repúblikana 2016 sagði Trump meðal annars að faðir Cruz hefði tengst Lee Harvey Oswald, sem var sakfelldur fyrir morðið á John F. Kennedy 1963. Þá sagði Cruz að kosningabaráttu hans snerist um atvinnu, frelsi og öryggi í Bandaríkjunum en kosningabaráttu Trump væri byggð á fölsuðu rusli úr gulu pressunni. En nú er öldin önnur og Cruz er orðinn mun blíðmæltari í garð Trump sem mætti einmitt á kosningafund í Texas á mánuðaginn til að sýna Cruz stuðning.

„Sjálfsöryggi og mælska O'Rourke hefur orðið til þess að bandarískir fjölmiðlar hafa grafið upp gamlar fréttir og umfjöllun og líkja O'Rourke við Barack Obama og jafnvel Robert F. Kennedy.“

Hefur safnað háum fjárhæðum

Ekki er víst að O'Rourke takist að sigra Cruz sem nýtur góðs forskots ef miða má við skoðanakannanir. En O'Rourke hefur afrekað svolítið í kosningabaráttunni sem hefur vakið mikla athygli í bandarískum stjórnmálum. Hann hefur safnað miklu meira fé í kosningasjóð sinn en nokkur annar frambjóðandi. Hann hefur nú þegar safnað 62 milljónum dollara. Þar af eru um 28 milljónir frá rúmlega 100.000 manns sem hafa lagt lágar upphæðir af mörkum, að hámarki 200 dollara hver.

Þetta hefur vakið mikla athygli eins og áður segir en innan demókrataflokksins eru uppi raddir um að betra væri að nota þessa peninga í öðrum kjördæmum þar sem demókratar eigi meiri möguleika á að sigra. Það sé frekar ólíklegt að þeir nái að sigra í Texas.

Þá hefur verið minnt á að O'Rourke sé ekki með öllu flekklaus. Houston Chronicle segir að hann hafi reynt að flýja af vettvangi umferðaróhapps árið 1998 en þá var hann undir áhrifum áfengis og lenti í óhappi.

Svo hefur digur kosningasjóður O'Rourke ekki náð að heilla Texasbúa alveg upp úr skónum ef miða má við skoðanakannanir. Samkvæmt Real Clear Politics þá sýna meðaltalsniðurstöður skoðanakannana að Ted Cruz njóti stuðnings rúmlega 50 prósentu kjósenda en stuðningur við O'Rourke er um 44 prósent. Það er því á brattann að sækja hjá honum en vika er langur tími í stjórnmálum og margt getur breyst á skömmum tíma. ■



Nett fjölnotataeki
MANITOU MLT 625-75 H

Manitou eru magnaðir skotbómulyftarar


- Lyftiget: 2.500
- Lyftihæð: 5.900 mm
- Fjór hjóladrífinn
- Fjór hjólastýrður
- 75 hestöfl, Kubota
- Hlaðinn aukabúnaði t.d. skólfa, gaflar og útvarp.

Staðgreiðsluverð:
6.800.000 kr. + VSK

Viðurkennd varahluta- og viðgerðarþjónusta

PON

Það er staðreynd að...



Á meðaldegis slasast 40 manns á trampólíni.



Heilbriggt hjarta dælir um 2.000 lítrum af blóði á dag.



Aðeins 10–15% allra jarðarbúa eru örvhent.



Yngsti páfi sögunnar var 11 ára.



Deilt hefur verið um lokun Vonarskarðs um árabíl.

ALLT Í HÁALOFT Á HÁLENDINU

Fimm útivistarfélög segja sig frá samstarfi við Landvernd Ósammála um lokun Vonarskarðs

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Þróunin er í þá átt að þrengja aðgengi almennings að náttúruverjum. Við erum ekki hlynnt því nema að sterk náttúruverndarrök liggja að baki. Við teljum að engin slík rök séu á bak við lokun Vonarskarðs. Það má segja að baráttan um opnun skarðsins sé táknræn fyrir baráttuna um aðgengi almennings að hálendinu almennt," segir Skúli Skúlason, framkvæmdastjóri Ferðafélagsins Útivistar í samtali

við DV. Rúm fimm ár eru síðan lokað var fyrir umferð um Vonarskarð í kjölfar stofnunar Vatnajökulsþjóðgarðs. Deilt hefur verið á þá ákvörðun æ síðan.

„Það hefur verið reynt að ná sáttum við stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs en öllum þeim tilraunum hefur verið hafnað. Nú hefur staðan versnað því auk lokunar Vonarskarðs hefur verið bannað að tjalda á þessu 100 ferkílómetra svæði sem endanlega útilokar að fólk geti notið þeirrar náttúru sem þarna er að finna," segir Skúli. Að hans mati eru engin vísindaleg

rök að baki lokunar Vonarskarðs. „Þetta er gríðarstórt svæði, aðallega sandar og melar, en aðeins lítil hluti þess er virkilega viðkvæmur, Snapadalur og hverasvæðin þar um kring. Þetta svæði er alltaf notað sem rök fyrir lokuninni. Á sama tíma er Vatnajökulsþjóðgarður að setja upp skilti og gera göngustíga inn í þetta viðkvæma svæði. Það er ákveðinn tvískinnungur," segir Skúli.

Slíta samstarfi við Landvernd

Á dögnum sögðu fimm útivistarfélög sig úr samstarfi við Landvernd vegna viljayfirlýsingar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands undir heitinu „Hálendið – Hjarta landsins“. Ritað var undir viljayfirlýsingu þann 7. mars 2016 en með úrsögninni líta útivistarfélögin svo á að Landvernd sé ekki aðili að samstarfi við félögin á grundvelli viljayfirlýsingarinnar. Félögin sem um ræðir eru Ferðafélagið Útivist, Íslenski alpaklúbburinn, Skotveiðifélag Íslands, Ferðaklúbburinn 4x4 og Kayakk-klúbburinn.

Astæðan fyrir úrsögn félaganna er sú að í umsögn Landverndar um stjórnar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs lýsa samtökin yfir afgerandi stuðningi við áframhaldandi hömlur á aðgengi almennings í Vonarskarði. Í skriflegri yfirlýsingu, sem DV hefur undir höndum, segja forsvarsmenn félaganna fimm að erfitt sé að skilja umsögnin á aðra leið en þá að Landvernd hafi ekki hug á að standa við viljayfirlýsinguna og þá samstöðu sem félögin treystu á varðandi Miðhálandisþjóðgarð. Trúnaðarbrestur hafi átt sér stað og í ljósi þess er niðurstaðan sú að Landvernd eigi að óbreyttu ekkert erindi í samstarf við félögin.

Í skriflegu svari til DV segir Rósbjörg Jónsdóttir, formaður Landverndar, að samtökin styðji og treysti niðurstöðum vísindamanna sem mæla með því að halda Vonarskarði lokuðu. „Við treystum því að stjórn Vatnajök-

Þetta er gríðarstórt svæði, aðallega sandar og melar, en aðeins lítil hluti þess er virkilega viðkvæmur, Snapadalur og hverasvæðin þar um kring. Þetta svæði er alltaf notað sem rök fyrir lokuninni.

ulsþjóðgarðs taki réttar ákvarðanir á grundvelli þess," segir Rósbjörg. Hún segist eiga von á því að funda með félögunum fimm á næstunni. „Við höfum alltaf verið tilbúin til að funda með þeim um málið, því það er meira sem sameinar okkur en sundrar. Við erum tilbúin að taka umræðuna um Vonarskarð en minnum á að það er stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs sem tekur þessa ákvörðun og svæðið er á þeirra ábyrgð," segir Rósbjörg.

Sér ekki fyrir endann á átökum. Mjög skiptar skoðanir eru uppi vegna fyrirhugaðrar stofnunar Miðhálandisþjóðgarðs. Sumir tala um sjálfsagða verndun náttúruverðmæta til framtíðar en aðrir spyrja hvort vernda eigi manngerðar auðnir og hvort þrengja eigi enn frekar að rétti almennings til að fara um eigið land. Sumir taka svo djúpt í árinna að tala um pólitíska sýndarmennsku þegar ráðast eigi í stórt verkefni án þess að liggja fyrir hver sé ávinningurinn og hvernig eigi að fjármagna verkefnið. Bent hefur verið á að Íslendingum hafi ekki enn tekist að standa almennilega að þeim þjóðgördum sem fyrir eru í landinu enda séu þeir vanfjármagnaðir. Jafnframt eru verulegar efasemdir um verkefnið á landsbyggðinni, óttast margir að tilgangurinn sé að taka skipulagsvaldið af sveitarfélögum. ■

VEGGKLÆÐNINGAR

Fyrir allar gerðir húsa, ný jafnt sem gömul, fjöldi lita og gerða

Kostirnir eru ótvíræðir:

- Fallegra hús
- Ekkert viðhald

FEGURÐ
ENDING
MÝKT



Ál er okkar mál • Fossaleyni 8 • 112 Reykjavík • Sími: 577 4100 • altak.is

Gat ekki hlaupið fyrir HM og gat varla hlaupið að móti loknu

„Ef ég myndi lenda í þessari stöðu aftur, þá myndi ég gera alveg það sama. Að spila á HM hafði verið draumur.“



Aron Einar færði fórnir fyrir íslenska landsliðið Hefur náð bata og er bjartsýnn á komandi tíma

Hörður Snævar Jónsson
hodd@433.is

Á hugafólk um íþróttir fagnaði vel um síðustu helgi þegar fyrirliði karlalandsliðsins í fótbolta, Aron Einar Gunnarsson, snéri aftur á knattspyrnuvöllinn. Endurkoma sem margir höfðu beðið eftir og þessi þjóðhetja frá Akureyri hafði ekki spilað fótbolta í 116 daga þegar hann byrjaði í sigri Cardiff á Fulham í ensku úrvalsdeildinni. Aron hafði ekkert spilað síðan Ísland féll úr leik á HM í Rússlandi gegn Króatíu. Síðan þá hefur gangan verið löng, erfið á köflum en meiðslin má rekja til þess að Aron Einar tók sénsa með líkama sinn fyrir íslenska þjóð, til að geta leitt liðið út á völlinn í Rússlandi. „Það segir sig sjálf að það var mjög ljúft að snúa aftur. Þetta hefur verið langur aðdragandi og erfitt að horfa af hliðarlínunni, það er samt

alltaf jafn sætt þegar maður kemur aftur, líka miðað við hvernig leikurinn þróaðist. Þetta var gaman,“ sagði Aron þegar fréttamaður ræddi við hann í vikunni, hann var þá á leið heim af æfingu.

Borga fyrir að fara á HM

Aron var meiddur í aðdraganda Heimsmeistaramótsins og þurfti að leggja mikið á sig til að ná mótinu, hann fór í aðgerð á hné og ökkla skömmu fyrir mót en náði bata. Hann þurfti að borga fyrir það eftir mótið.

„Þetta er bara í rauninni hnéð sem hefur angrað mig, það hefur verið að koma vökvi í það eftir æfingar. Það er aðallega það sem hefur verið að stríða mér aðeins, sérstaklega eftir sumarfríið. Að koma til baka á undirbúnings tímabili eftir að hafa ekkert gert í tvær vikur, þá var hnéð ekki alveg nógu ánægt með mann. Það er ekki að bregðast eins mikið við æfingum í dag, eins og það gerði. Ég fór til Katar í viku á dögnum og þar var ég bara að byggja upp vöðvamassa í kringum þetta. Fá styrkinn í kringum þetta allt aftur.“

Aron segist hafa tekið sénsa með því að keyra allt í botn fyrir HM, hann hafi hins vegar ekki getað vitað að líkaminn myndi svara svona. „Það var vitað fyrir fram, ég vissi ekki hvernig þetta myndi fara. Ég var að borga fyrir það núna, ég fór of snemma af stað. Ef ég myndi lenda í þessari stöðu aftur, þá myndi ég gera alveg það sama. Að spila á HM hafði verið draumur, ég setti auka pressu á líkamann á þeim tímamarki. Ég gat ekki vitað hvernig líkaminn tæki því eftir mót, ég er að komast í gegnum það og er jákvæður á framhaldið. Ég er ekkert sloppinn, ég þarf að hugsa um hnéð og einbeita mér að því að endurheimta eftir leiki.“

Gat ekki hlaupið skömmu fyrir HM

Í huga Arons stóð það aldrei tæpt að hann myndi leika á HM, þrátt fyrir að hafa varla geta hlaupið skömmu fyrir mót. „Það kom aldrei til greina að sleppa HM, það komu samt augnablik þar sem ég var efins. Það voru tímar í undirbúningnum fyrir mót þar sem ég gat bara ekki hlaupið. Að fara á HM og geta ekki hlaupið er smá vesen. Ég náði að koma mér í gegnum það á hausnum, ég var búinn að segja sjálfum mér það að ég myndi spila í gegnum sársaukann og taka svo á því seinna. Á HM fann ég ekkert mikið fyrir þessu en undirbúningurinn var erfiður. Hann reyndi á.“

Cardiff gaf Aroni góðan tíma eftir sumarið til að jafna sig, hann ætlaði að ná sér alveg góðum. „Það var alveg planið, Cardiff var með mér í þeirri ákvörðunartöku. Ég reyndi aðeins að koma til baka á æfingar en ég var ekki klár í það á þeim tímamarki. Þetta var húllumhæ, hvort ég ætti að spila eða hvað. Þjálfarinn sagði í viðtölum það sem hann sá á æfingum en svo eftir þær þá var ég ekki nógu

góður. Það var gott að taka sér tíma og reyna að halda sér heilum út tímabilið, frekar en að koma til baka og fara út aftur eftir tvo leiki.“

Leikmannahópur Cardiff er sterkur andlega

Cardiff var að vinna sinn fyrsta sigur um liðna helgi, þegar Aron snéri aftur. Liðið er með fimm stig eftir níu umferðir og vitað er að veturinn verður erfiður. „Það er mikilvægt fyrir sjálfstraustið, það er það góða við þetta samt, þetta er þannig hópur. Þetta er góður leikmannahópur, við þekkjum okkar gæði og takmörk. Við þurfum að hafa fyrir hlutunum, við gerum okkur fulla grein fyrir því að þetta verður erfitt tímabil. Byrjunin er ekkert að hjálpa okkur en við höfum verið að mæta mörgum sterkum liðum, það er góðs viti að hafa klárað þá leiki. Það var gott að vinna Fulham, við þurfum að taka stigin af liðunum í kringum okkur. Þessi deild skiptist í tvær deildir, fyrir neðan og ofan miðju, það er mikilvægt að ná punktum á móti liðunum í kringum okkur, reyna svo að stríða liðunum fyrir ofan okkur. Það er erfiður leikur við Liverpool næst, það má segja að það verði 90 mínútna eltingaleikur. Maður er í þessari deild til að kljást við stærstu liðin.“

Erfitt að horfa á landsliðið ströggla

Aron hefur misst af fjórum landsleikjum eftir HM, þar sem hann hefur verið meiddur. Liðið fékk vonda skelli og umræðan hefur breyst fljótt. Talað er um krísu hjá landsliðinu, nokkrum mánuðum eftir að liðið komst á HM. „Þetta hefur verið mjög erfitt, þegar ég hef verið meiddur þá hef ég farið og hitt hópinn. Að vera heima og vera ekki partur af hópnum og stemmingunni í kringum það, það hefur verið erfitt. Sérstaklega í fyrstu tveimur leikjum gegn Sviss og Belgíu, að sjá félagana í vesni var erfitt. Mér leið eins og ég ætti að vera þarna með þeim og ströggla og reyna að hjálpa til, fá drullið yfir sig. Vera með og taka ábyrgð, það var erfitt að taka því. Síðustu tveir leikir voru flottir og menn sá hvernig voru að bregðast við. Við fengum Jóhann Berg og Alfred aftur inn, fleiri leikmenn með mikla reynslu. Það var mikilvægt upp á sjálfstraustið.“

„Það er hluti af þessu að hlusta á slæmu umræðuna líka, við tökum því eins og menn. Við kvörtum yfir þessu okkar á milli og ætlum að sýna okkur og sanna aftur. Það er búið að afskrifa okkur, það er líka alveg ágætt. Við höfum alltaf eitt-hvað að sanna og bæta, við erum enn að bæta okkur. Með nýjum þjálfara, Erik Hamren, koma nýjar áherslur. Við eigum nokkur góð ár eftir til að halda áfram á sömu braut. Menn eru ekki saddir þrátt fyrir að það séu búin tvö stórmót í röð, maður hefur tekið eftir slíkri umræðu. Það er gaman að vera á stórmóti og menn vilja þangað aftur. Það er hugur í mönnum.“

HÁGÆÐA DANSKAR

BADHERBERGIS-

INNRETTINGAR

nettoline

STYRKUR - ENDING - GÆÐI

FJÖLBREYTT ÚRVAL AF HURÐUM, FRAMHLIÐUM, KLÆÐNINGUM OG EININGUM

ÞITT ER VALIÐ

Þú velur að kaupa innréttinguna í ósamsettum einingum, eða lætur okkur um samsetninguna. Að sjálfsögðu önnunumst við líka uppsetningu og endanlegan frágang. Fullkomin þjónusta, eigið verkstæði.

Opið:
Mán. til föstudaga kl. 09 til 18
Laugardaga kl. 11 til 15

Friform

Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • friform.is



SVART STÁL VEISLA FYRIR AUGAÐ

KitchenAid®

NÝTT frá KitchenAid. Heimilistæki til innbyggingar úr svörtu ryðfríu stáli í hæsta gæðaflokki.
Stílhrein, einstök og aðdúnarverð hönnun sem endurspeglar þinn stíl.

BETRA BORGAR SIG



RAFLAND

Síðumúla 2-4 | 520 7900 | rafland.is



Súðurlandsbraut 14
2. hæð
108 Reykjavík

FRÉTTASKOT
512 7070
ABENDING@DV.IS

Útgáfufélag: Frjáls fjölmiðlun ehf. Stjórnarformaður: Sigurður G. Guðjónsson
Frákvæmdastjóri: Karl Garðarsson Adalritstjóri og ábyrgðarmaður: Kristján Kormákur Guðjónsson
Aðstoðarritstjóri: Einar Þór Sigurðsson Prentun: Landsprent Dreifing: Árvakur

DV áskilur sér rétt til að birta adsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Aðalnúmer: 512 7000
Auglýsingar: 512 7050
Ritstjórn: 512 7010

Sandkorn



Alltaf glatað að nefna Hitler

Útvarpsmaðurinn beitti, **Frosti Logason**, vakti mikla athygli í vikunni fyrir að líkja feministanum **Hildi Lilliendahl Viggsdóttur** óbeint við Adolf Hitler í umræðum á Bylgjunni. Var hann að vísa til hópsins sem setur „læk“ við hverja einustu færslu Hildar og stuðlar þannig að öfgakenndri umræðu. Talaði hann um fólkið sem studdi Hitler í blindni á árunum fyrir stríð. Frosti bað Hildi innilegrar afsökunar á þessum ummælum í þættinum Harmageddon á X-inu daginn eftir. Verða sagn- og stjórnmalafræðispekuálfantar að setta sig við að þrátt fyrir að margt sé merkilegt við Þriðja ríkið og uppgang þess þá mun Helförin alltaf verða það eina sem almenningur tengir við. Eins og Frosti sagði sjálfur, það er alltaf glatað að nota Hitler í samlíkingum. Er þetta meira að segja sérstaklega kennt í rökræði undir fræðiheitinu Reducto ad Hitlerum.

Skatta-Bjarni kominn á kreik

Fjármálaráðherrar hafa í gegnum tíðina fengið viðurnefni tengd sköttum. Var Ólafur Ragnar til dæmis kallaður Skattman og Steingrímur J. kallaður Skattgrímur. Nú þykir mörgum sem ný persóna, Skatta-Bjarni, sé kominn á kreik.

Nú er hávær krafa uppi um hækkun skattleysismarka, meðal annars frá verkalýðsfélagunum, og hafa bæði hægri og vinstri menn talað fyrir því. Meðal þeirra sem talað hafa fyrir þessu eru Ólafur Ísleifsson og Jón Magnússon, gamlir samherjar Bjarna.

Hinn síðarnefndi gagnrýnir ráðherrann og segir flokkinn farninn að snúast gegn grunnstefnu sinni. Í staðinn sé það verkalýðshreyfingin, sem áður vildi stækka báknið, sem þrýsti á um skattalækkunar. Á meðan streitist ráðherra við skattalækkunar og finnur þeim allt til foráttu.

Ráðherra verndar gerendur, ekki þolendur

Leiðari

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is

Sigríður Andersen dómsmálaráðherra lagði nýverið fram frumvarp sem myndi hafa í för með sér breytingu á birtingu dóma. Yrðu þá dómur og úrskurðir í „viðkvæmum málum“ svo sem kynferðisbrotamálum ekki birtir hjá héraðsdómstólum. Einnig yrðu nöfn sakborninga í öllum öðrum sakamálum afmáð í dómum.

Ástæðan fyrir þessu er að sögn ráðherra að vernda brotabola, vitni og fleiri sem koma við sögu með tilliti til persónuverndar. Væri sú vernd ekki nægilega tryggð í hinum viðkvæmu málum með einungis nafnleynð því það væri hægt að greina persónur út frá öðrum atriðum og stundum væru mistök gerð í nafnhreinsunum.

Þessi rök eru augljóslega aðeins til málamynda, réttlætning á slæmum gjörningi. Raunverulega ástæðan fyrir frumvarpinu er að vernda kerfið.

Dómskerfið allt hefur á undanförunum árum fengið harða gagnrýni fyrir linkind í ofbeldismálum, sérstaklega kynferðisbrotamálum. Hafa skammarlega lágir dómur fallið fyrir alvarleg brot og ofbeldismenn fengið umtalsvert styttri



MYND DV/HANNA

dóma en til dæmis fíkniefnasalar og burðardýr sem hafa fengið meira en tíu ára fangelsisdóma. Auðvitað er löggjafinn ábyrgur fyrir refsirammaðum sjálfum en dómur eru ábyrgir fyrir því hvernig hann er nýttur. Hefur fólki sí og æ blöskrað að sjá fréttalutning af lágum dómum barnaníðinga og annarra kynferðisafbrotamanna.

Þetta sést til að mynda í mælingum á trausti stofnana. Fyrir á árinu mældist dómskerfið aðeins með 36 prósentum traust og hafði lækkað um 7 prósent frá mæl-

ingunni þar áður. Til samanburðar mældist embætti saksóknara með 48 prósent traust og lögreglan með 77 prósent. Þetta kemur sér ekki vel fyrir Sjálfstæðisflokkinn sem hefur haldið á dómsmálaráðuneytinu síðan 1991 ef frá er talið kjörtímabilið eftir hrun.

Nú á að slökkva á þessari gagnrýni handvirkt. Ekki með því að taka til í málaflokknum og gera hann mannlegan heldur með þöggun. Með því að birta dómuna ekki er hægt að fela þetta fyrir almenningi og þannig lægja reiðiöldurnar gegn dómskerfinu.

Óvíst er hvort Vinstri Græn, sem skilgreina sig sem femínist afl, samþykki þennan gjörning því hér er verið að halda hlífiskildi yfir kynferðisafbrotamönnum og ofbeldismönnum.

Hluti af réttarvitund okkar er að réttarhöld séu opin og það megi ekki raska því nema í ítrustu nauðsyn. Það að dæmdir sakamenn séu ekki nafngreindir sendir út óæskilega hvata út í samfélagið. Ábyrgð þeirra verður minni og þar með líklegri að þeir láti til skarar skríða. Ráðherra er að vernda gerendur, ekki þolendur. ■

Reif ekki upp stráin



Svarthöfði

Vegna sögusagna sem ganga í bænnum þá vill Svarthöfði gefa út eftirfarandi yfirlýsingu: Það var ekki Svarthöfði sem reif upp stráin við braggann í Nauthólsvík. Svarthöfði ber virðingu fyrir eignum almennings og er ekki skemmdarvargur. Þá telur Svarthöfði ekki með þegar hann braut rúðu þinghússins í bú-sághaldabyltingunni. Heldur ekki þegar hann kveikti í Ikea-geitinni. Það voru sérstakar aðstæður.

Að því sögðu vill Svarthöfði einnig koma því á framfæri að braggamálið hefur tekið tilfíningalega mjög á Svarthöfða. Enginn hefur viljað taka ábyrgð á myrkraverkinu. Ekki Dóra Pírati, ekki Holu-Hjálmar, ekki Lóa Pind og allra síst Dagur Bergþóruson sem þykist vera veikur heima. Og

hvar er Líf? Hefur einhver séð Líf síðan þetta mál kom upp?

Á meðan 101-liðið í borgarstjórn eys milljörðum í þessa braggavitelsu þá blæðir Breiðholtinu. Hér eru enn fjölmargar óyfirbyggðar strætisvagnabiðstöðvar og verðið í Breiðholtslauginni var hækkað í 980 krónur. Fólkið í Breiðholtinu er ekki að fara að slafra í sig snitsel í bragganum.

Steininn tók úr þegar fréttin um milljón króna stráin var birt. Frá Danmörku af öllum stöðum. Er þetta fólk búið að gleyma Kópavogsfundinum og maðkaða mjölinu? Fyrir Svarthöfða er það að sjá þessi dönsku strá flaksa um í vindinum líkt og að sjá Dannebrog við hún á Stjórnarráðinu.

Jú, Svarthöfði gekk þarna fram hjá til að skoða aðstæður og kippti nokkrum stráum upp. Var það ekki annað en eðlilegt viðbragð við því óréttlæti sem íbúar Breiðholts og



annarra úthverfa hafa mátt þola í þessu máli. Svarthöfði var ekki að vinna neinum mein. Bestu og áhrifaríkustu mótmæli heimsins hafa verið algerlega blóðlaus, samannan Gandí og Mandela. Friðsamar aðgerðir eins og þessar hafa mestu áhrifin.

Komu svo fréttir af því að stráin við braggann væru svokallaður dúnmelur. Ágengur arfi sem kæf-

ir og drepur allt í kring. Fannst Svarthöfða það þá samfélagsleg skylda sín að fjarlægja restina og gerði það eina nóttina með stunguskóflu. Ekki sem skemmdarverk heldur sem bjargræði fyrir náttúru Vatnsmýrarinnar og Öskjuhlíðarinnar. Munu komandi kynslóðir þakka Svarthöfða í framtíðinni. ■

Spurning vikunnar

Heldur þú upp á hrekkjavöku?





**MARGAR
GERÐIR**

*Sjáðu úrvalið
á goddi.is*

Eigum fjórar stærðir af lokum á
lager í gráum og brúnum litum
Verð aðeins **58.500 kr.**

Sauna- og gistitunnur ásamt viðarkyntum pottum



GODDI.IS

AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550

MYND HANNA

Heiðveig í ólgu sjó

■ Hörð átök í Sjómannafélagi Íslands ■ Fór á sjóinn um tvítugt
■ Fjarlægðin frá börnunum erfið

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Heiðveig María Einarsdóttir boðaði fyrir skemmstu framboð sitt til formanns Sjómannafélags Íslands. Sú barátta hefur hins vegar verið þyrnum stráð því að núverandi stjórn félagsins breytti reglum um réttindi félagsmanna án heimilda, að því er virðist til að hindra að framboð líkt og hennar nái fram að ganga. Af þessu hafa hlotist mikil átök en Heiðveig stendur keik og telur að lög félagsins hafi verið brotin. DV ræddi við Heiðveigu um þessa framvindu, æskuárin og sjómennskuna.

Vissi aldrei hvenær pabbi kæmi eða færi

Heiðveig er Vestfirðingur að upp- runa og fædd inn í mikla sjómannaætt árið 1979. Fyrstu árin ólst hún upp á Tálknafirði og í Reykjavík, elst fjögurra systkina. Faðir hennar, Einar Jóhannsson, var sjómaður og síðar stýrimaður og skipstjóri og móðir hennar, Þórdís Ólafsdóttir, því mikið ein með börnin.

„Þegar ég var þrettán ára vorum við fjölskyldan rifin upp og gert að flytja til Siglufjarðar. Pabbi var ráðin þangað sem afleysingaskipstjóri og stýrimaður á togara og bæjarfélagið vildi útsvarið. Sem ung-

lingi fannst mér ekki spennandi að flytja þangað úr Breiðholti, þar sem ég var á fullu í íþróttum og félagslífi. Ég ætlaði nú ekki að flytja með og pakkadi ekki saman í herberginu fyrir en rétt áður en gámurinn kom til að sækja búslóðina,“ segir Heiðveig og hlær.

Af hverju fórst þú á sjóinn?

„Ég skildi ekki af hverju pabbi var alltaf svona lengi í burtu og af hverju við fengum sjaldnast að vita neitt um hvenær hann kæmi eða færi, ekki einu sinni hvort planið væri að vera á Íslandsmiðum eða ekki. Á þessum tíma var sennilega minna skipulag á hlutunum og útgerðunum hefur ekki þótt ástæða til að upplýsa fjölskyldur sjómanna um þessa hluti. En ég hef þá tilfinningu að það sé breytt í dag og til mikilla bóta.

Í eitt skiptið, þegar ég var fjórtán eða fimmtán ára, var hann búinn að vera meira en níutíu daga í burtu í einu. Veidiferðirnar voru alltaf framlengdar og hann þurfti að taka aukatúra, þá var skipið gert út frá Flæmska hattinum. Þá ákvað ég að ég yrði að prófa að fara á sjó. Ég vissi að pabba þætti vænt um okkur og það hlaut að vera eitthvað meira í þessu en aðeins vinnan, fyrst hann gat verið svona lengi frá okkur.“

Ráðum ekki konur

Á Siglufirði snerist lífið um sjáv-

„Ég sótti um allt frá smábátum upp í togara. Flestir sögðu nei og sumir hlógu.“

arúttveg og Heiðveig kynntist snemma öllum hliðum fiskvinnslu, rækjuvinnslu, saltfiski og fleiru. Þegar aflinn var mikill var hringt úr frystihúsinu í skólann til að Heiðveig og skólasystur hennar gætu fengið að fara fyrir til að vinna. Atvinnulífið hafði forgang. Í kringum tvítugt ákvað hún að reyna fyrir sér sem háseti og faðir hennar hvatti hana til að sækja um á skipum rétt eins og aðrir myndu gera.

„Ég sótti um allt frá smábátum upp í togara. Flestir sögðu nei og sumir hlógu. Aðrir sögðu mér að hringja aftur eftir viku og því hélt ég utan um símtölin í stílabók.“

Fannst þeim skrýtið að stúlka væri að sækja um?

„Margir sögðust ekki ráða konur, punktur,“ segir Heiðveig með áherslu. „Aðrir reyndu að tala um fyrir mér og sögðu að ég hefði ekkert að gera í þetta. Ég komst loksins á togara frá Hafnarfirði sem heitir

Ýmir, því það vantaði mann. En ég þurfti að þræta við skipstjórnann og sannfæra hann að þetta væri sama vinna og í frystihúsinu. Hann þurfti að fá leyfi frá eigandanum, Guðrúnu í Stálskipum, sem var nú oft talin harðstjóri. Loks fékk ég að fara ef ég borgaði slysavarna- skólann sjálf. Ég hafði hálf tíma til að drífa mig út í Fjarðarkaup til að kaupa nærbuxur og sokka og síðan fórum við á finan þrjátíu daga úthafskarfatúr.“

Heiðveig segir að í upphafi hafi hún ekki séð sjómennskuna fyrir sér sem framtíðarstarf heldur hafi hún aðeins verið að athuga hvort þetta væri virkilega eitthvað sem varið væri í.

„Mér fannst þetta æði. Á þessum tíma var ekkert internet, ég var vakinn og búíð að elda fyrir mig í hvert skipti sem ég fór á fætur og í lok vaktar. Síðan vann ég eftir klukkunnar og fór að sofa eftir þetta. Þessi rammi og þetta næði var einstaklega heillandi og hent- aði mér.“

Mátti ekki vera ólétt á sjó

Heiðveig starfaði næstu árin sem sjómaður, til skiptis sem háseti og kokkur á frystitogara. Um miðjan þrítugsaldurinn varð hún ólétt af elstu dóttur sinni og neyddist hún þá til þess að hætta um tíma. Heiðveigu fannst það fúlt því hún var fullfrísk en þessar reglur voru

gerðar vegna fjarlægðarinnar frá næsta sjúkrahúsi. Hún glímdi þá við smávægiskvilla á meðgöngunni. Til að hafa eitthvað fyrir stafni fór hún því í viðskiptalög- fræðinám í Háskólanum á Bifröst.

Þegar tvö börn bættust við fór Heiðveig í framhaldsnám í verkefnastjórnun og sjálfbærum orkuvísindum í Háskólanum í Reykjavík og Háskóla Íslands. Eftir það vann hún ýmis störf, til dæmis við stefnumótun og verkefnastjórnun hjá Veðurstofunni í tengslum við eldfjallafræði. Einnig sjálfstætt starfandi sem rekstrarráðgjafi og viðskiptalögfræðingur fyrir fyrirtæki. En hafið togaði alltaf.

„Þegar verkfallið skall á í fyrra fór ég að skoða kjaramálin því að líf mitt hefur alla tíð mótast af kjörum og aðbúnaði sjómanna. Ég sá að þarna var margt að og óunnið verk fyrir höndum. Það hefur alltaf verið sami ómur í þessum málum, alltaf verið að tala um verð og alltaf þessi ótti við atvinnurekandann og óttinn við að hafa skoðanir. Sjálf hafði ég upplifað þetta þegar við sex manna fjölskyldan neyddumst til að flytja til Siglufjarðar þar sem það þótti eðlilegt að sveitarfélagið gerði þá kröfu til útgerðanna að þeir menn sem störfuðu á skipunum þeirra hefðu þar lögheimili. Kerfið býður upp á þessa pressu frá sveitarfélögunum og útgerðarfélögunum. Með reynslu og



þroska fór ég að hugsa hlutina upp á nýtt og fannst ég þurfa að koma því til skila.“

Tilfinningar sjómanna og maka þeirra

Heiðveig fór um þetta leyti aftur á sjóinn og hefur starfað síðan þá sem háseti og kokkur til skiptis. Þá vinnur hún enn við ráðgjöf og viðskiptalögfræði.

Hvað er það besta við að vera á sjó?

„Friðurinn,“ segir Heiðveig og brosir. „Aftengingin við allt áreiti. Ég hefði líklega einhvern tímann verið greind ofvirk, og ég er alveg pottþétt með athyglisbrest. Fyrir manneskju sem vinnur svona mikið með hausnum og fær endalaust af hugmyndum til að hugsa um, þá er þetta algjör lúxus. Sérstaklega að elda þar sem matargerð er sérlegt áhugamál mitt.“

En það versta?

„Fjarlægðin frá börnunum. Ég finn oft fyrir óbilandi söknuði, sérstaklega þegar ég heyri í þeim og þau eru lítill í sér. Ég venst því aldrei. En þau eru fljót að finna sér leiðir. Dóttir mín sagði til dæmis að hún væri leið þegar bæði ég og pabbi þeirra erum á leið út á sjó, sem stundum skarast, en það sé samt allt í lagi af því að það er svo gaman þegar við komum til baka. Það er dásamleg stund þegar börnin geta tekið á móti manni á bryggjunni.“

Heldur þú að það sé erfðara fyrir konur en karla?

„Kannski að vinna líkamlega en við kynin erum misjafnlega byggð. Hvað varðar fjarveruna þá er það ekki svo. En það er snúið að vera sjómanskona því að þú verður að sætta þig við að makinn fari í burtu kannski allt upp í mánuð í senn. Maður áfellingist alltaf þann sem er að fara, það er eðlileg tilfinning og ég upplifði það fyrst. Eins og þetta væri hans val. En ég hef séð þetta frá báðum hliðum og það er alveg jafn vont, eða jafnvel verra, að fara sjálfur. Aðeins ef maður er sáttur getur þetta gengið upp. En þetta er erfð staða því að maður er eins og einstætt foreldri án þess að vera það beinlínis.“

Fær maður samviskubit yfir því að fara á sjóinn frá fjölskyldunni?

„Já, vott af samviskubiti og söknuði. Sérstaklega ef makinn heima kennir þér um að vera skilinn eftir. Ég hef ekki upplifað það nema rétt í byrjun en bæði verið með mönnum á sjó sem hafa upplifað það og svo átt samtöl við aðrar sjómanskonur sem ómeðvitad bera þessar tilfinningar. Ofan á þetta missir maður af mörgum viðburðum og tímamótum í lífi barnanna, fjölskyldu og vina.“

Sjómenn eftir á í kjarabaráttu
Í kringum verkfallið fór Heiðveig að skrifa pistla um kjaramál ▶

ÞÚ FÆRÐ MYNDVARPANN HJÁ OKKUR

HDMI™ 4K HDR ULTRA HD

325" 4K

VITEK 4K

FERIS

sjómanna sem vöktu mikla eftirtekt og var hún hvött til að láta til sín taka á þeim vettvangi.

Það sem hún hefur einna helst gagnrýnt varðandi stéttarfélög sjómanna er hversu illa undirbúningur forsvarsmenn félaganna eru þegar þeir ganga að samningaborðinu.

„Sjómenn eru eftir á hvað varðar mörg réttindi sem landverka-fólki þykja sjálfsgöð. Til dæmis varðandi veikindarétt, veikindarétt barna, slysarétt, lífeyrissjóðsréttindi, orlofsréttindi og fleira. Við störfum jú eftir hlutaskiptakerfi en það breytir því ekki að við erum í launþegasambandi við atvinnurekendur okkar.“

Annað sem Heiðveig nefnir er hvernig Sjómannafélagið sjálf starfar á ógegnsæjan og ólýðræðislegan hátt.

„Mér fannst algjörlega galið að eftir svona langt verkfall þá höfðu þeir 40 tíma til að meta þessa samninga og kjósa um þá. Kosningin var ekki einu sinni raf-ræn heldur þurfti að mæta á skrifstofuna. Þá var leitað til mín um möguleika á að kæra atkvæðagreiðsluna sem ég leiðbeindi mönnum með, en það var ekkert úrskurðarvald heldur urðu þeir að

kæra félagið til þess sjálfs.“

Af hverju viltu verða formaður Sjómannafélagsins?

„Af því að ég tel að það þurfti nýtt blóð þarna inn, nýjar áherslur, faglegri nálgun og breytt vinnubrögð. Ég tel mig fullkomlega geta klárað það. Ég hef óbilandi áhuga á málefnum sjómanna sem og óbilandi þörf til að leiða mál til lykta. Að kafa djúpt í mál eins og lög, lögskýringargögn og söguna á bak við lagasetningar er eitt af mínu uppáhalds,“ segir Heiðveig.

„Eitt það helsta sem skortir á er að miðla upplýsingum um félagið til félagsmanna. Þar er mjög torvelt að fá þær, hvort sem er á heimasíðunni eða með öðrum leiðum. Þeir sem stjórn þarna fara með félagið eins og það sé þeirra eigið, enda búnir að gera það í langan tíma. Kjarabaráttu snýst ekki um það að berja í borðið heldur að vera undirbúinn og skipulagður þegar maður leggur fram sínar kröfur. Viðsemjendur okkar, SFS, koma alltaf vel undirbúin á fundi og eru komin fram úr okkur. Þeir eru líka sameinaðir á meðan við erum sundruð í um tuttugu félög. Ég myndi vilja sameina alla sjómenn í eitt félag og taka þá mjög opnar

og góðar umræður um það með hvaða hætti sé best að gera það, þá með aðkomu þeirra sem eiga félagin, félagsmannanna sjálfra.“

Skripaleikurinn

Eftir að Heiðveig kynnti framboð sitt og síns lista nýverið, var reglum félagsins um kjörgengi skyndilega breytt á heimasíðunni. Mest íþyngjandi ákvæðið var að þriggja ára vera í félaginu var gerð að skilyrði fyrir kjörgengi til formanns, og var Heiðveig ásamt mörgum öðrum þar með útilokuð.

„Margir hverjir töldu að þeir væru að fara inn í félagið á fullum réttindum rétt eins og tekið er fram á heimasíðu og í samtölum við starfsmenn skrifstofu,“ segir hún.

Þegar Heiðveig spurðist fyrir um þetta var henni tjáð að reglum hefði verið breytt á síðasta aðalfundi, fyrir nærri ári síðan, en ekki var hægt að veita aðgang að fundargerð heldur einungis senda ljósmyndir af stílabók með áprentuðum skjölum.

„Þetta eru algjörlega óboðleg og ólögleg vinnubrögð og það þarf að taka efnislega umræðu um þetta. Að breyta lögum stéttarfélags á

Maður áfelli alltaf þann sem er að fara, það er eðlileg tilfinning og ég upplifði það fyrst.

heimasíðu og án heimildar aðalfundar. Á þessum ljósmyndum er aðeins að finna eina breytingu af átta sem voru gerðar á heimasíðunni. Ég set einnig stórt spurningamerki við þessa fundargerð í ljósi þess hversu erfitt var að fá hana og að lagabreytinga er ekki getið í fundarboði eins og lögin kveða á um. Auk þess skrifar formaðurinn, Jónas Garðarsson, einn undir þó að fundarritari í stjórn félagsins eigi að gera það líka samkvæmt lögnum. Þessi skripaleikur í kringum þessi lög og kynningu þeirra hefur gert þau óstarfhæf og greinra stangast á.“

Telur þú að fundargerðin hafi verið fölsuð?

„Nei, ég hef aldrei sagt það. En ég set spurningu við gildi fundargerðarinnar sjálfar miðað við þennan skripaleik og þessar sjö aukabreytingar sem allar varða réttindi félagsmanna og núverandi stjórn.“

Heldur þú að þetta sé gert til að halda þér frá stjórninni?

„Já, og ekki aðeins mér heldur öllum sem vilja breytingar og vilja láta til sín taka.“

Hvað er verið að fela?

Núverandi stjórn kynnti áætlun um sameiningu sjómannafélaga í ársbyrjun 2019 og Heiðveig segir að flestir félagsmenn hafi komið af fjöllum. Hún sé þó líkt og flestir fylgjandi því að sjómenn starfi saman í stéttarfélagi. Eftir að kjörgengismálið komst í há-mæli hafa þrjú félög dregið sig út úr þeim viðræðum í bili og Jónas hefur kennt Heiðveigu persónulega um það uppnám.

„Hann hefur verið að tjá sig um þetta í dagblöðum og í útvarpi og vill meina að þetta sé mér að kenna. Það er í besta falli vanþekking á málinu og í versta falli yfirgengilegur hroki að heimfæra þessi slit á viðræðunum á mig, eingöngu vegna þess að ég bendi á rangfærslur í lögnum og óska eftir skýringum. Ég var ekki á þessum aðalfundi, vegna þess að ég var á sjó,“ segir Heiðveig og brosir.

Jónas hefur sagst ekki ætla að gefa kost á sér áfram en mun samt sinna starfi formanns út árið 2019. Heiðveig og hennar fólk hefur kall-

að eftir afsögn núverandi stjórnar og segir hún:

„Það er vegna þeirra alvarlegu aðgerða sem þeir virðast hafa farið í til þess að halda upplýsingum frá okkur félagsmönnum og mögulega reyna að afvegaleiða umræðuna. Það er samt sem áður mikilvægt að mínu mati, þá algjörlega óháð persónum og leikendum í þessu leiðindamáli, að fráfarandi formaður sitji í tæpt ár frá því að ný stjórn er kosin. Hvort sem hann kys sjálfur að hætta eða verði kosin frá. Þetta ár er vinnuár í undirbúningi næstu samningalotu, þar sem samningar renna út í lok árs 2019.“

Heiðveigu er mikið niðri fyrir um af hverju staðan er þessi en stendur þó keik.

„Ég skil ekki af hverju staðan er þessi. Ég hef óskrað á það að fá að taka þátt í störfum þessa félags, átt samtöl, komið með ábendingar og fleira. Aðrir hafa líka reynt en það er ekki hlustað á fólkið og okkur virðist einhvern veginn haldið viljandi frá, kannski af því að við erum ekki já-manneskjur,“ segir Heiðveig ákveðin.

„Ég veit ekki við hvað þeir eru hræddir, hvort þeir séu að fela eitthvað eða séu hræddir við að einhver sinni starfinu betur. Þessi viðbrögð, þessar ofsafengnu persónuárásir og rangfærslur sem núverandi formaður setur fram í fjölmiðlum gefa að sjálfsgöðu til efni til þess að halda að það sé verið að fela eitthvað. Sá málfutningur sem ég hef borið fram varðandi þetta mál hefur aldrei verið hrakinn. Þessu er frekar svarað með persónulegum árásum og skít-kasti. Til dæmis að ég sé útsendari útgerðarinnar, reynslulaus og fleira í þeim dúr. Það er í rauninni verið að segja: Hvað er þessi kelling að tuða? Hann afvegaleiðir umræðuna af því að hann getur ekki svarað þessu með málefnalegum rökum og vísun í gögn. Það var búið að vara mig við því að það yrði spilaður „ljótur leikur“ en ég hefði aldrei getað ímyndað mér að leikurinn yrði svona.“

Trúnaðarmannaráð Sjómannafélagsins mun tilkynna A-lista fyrir 5. nóvember og mun þá óska eftir mótframboðum. Kosið verður á skrifstofu félagsins frá 24. nóvember til 10. janúar.

Áttu von á því að ykkar lista verði hafnað?

„Alveg eins, miðað við málfutning þeirra og rökleysur. Hins vegar lít ég svo á að framboð okkar sé löglegt þar sem lögin stangast á. Til stuðnings hef ég fengið tvö lögfræðilít sem staðfesta það. Ég hef því óskað eftir að trúnaðarmannaráð taki á þessari spurningu.“ ■

BÓKHALD



- Bókhald
- Afstemmingar
- Ársreikningar
- Launavinnsla
- Árshlutauppgjör
- Virðisaukaskattsskil



PARABAKKA 3
S. 578 6800

3 SKREF

BÓKHALDSPJÓNUSTA
LÖGFRÆÐIRÁÐGJÖF
EIGNASKIPTAYFIRLÝSINGAR

Castello
PIZZERIA

PANTAÐU
Á NETINU

ELDBAKAÐAR
EÐAL PIZZUR
WWW.CASTELLO.IS

DALVEGI 2, 201 KÓPAVOGI
DALSHRAUNI 13, 220 HAFNARFIRÐI



Fjölskyldufyrirtæki í áratugi

Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar er elsta starfandi útfararþjónustan á höfuðborgarsvæðinu. Rúnar hefur alla tíð veitt fyrirtækinu forstöðu sem framkvæmdastjóri þess og útfararstjóri. Útfararþjónustan er í eigu Rúnars og eiginkonu hans, Kristínar Sigurðardóttur, og starfa synir þeirra, Elís og Sigurður, þar ásamt föður sínum. Orðsporið skiptir útfararþjónustu miklu. „Ef maður sinnir sínu starfi vel er það fljótt að spyrjast út,” segir Rúnar sem hefur 35 ára reynslu af útfararþjónustu. „Fyrst og fremst þarf að taka tillit til þess að fólk er í sárum eftir ástvinamissi. Við þurfum að gæta að því sem við gerum og segjum og eins að nálgast fólk með hlýju og auðmýkt. Það getur verið mjög erfitt að bjóða fólki við þessar aðstæður þjónustu gegn greiðslu en þetta hefur lærst í gegnum árin og við tökum mikið tillit til þess hvernig aðstæður eru hverju sinni,” segir hann.

Formaður Félags íslenskra útfararstjóra
Ásamt daglegum störfum við hefðbundna útfararþjónustu er Rúnar Geirmundsson formaður Félags íslenskra

útfararstjóra. Félagið hefur verið starfrækt í yfir áratug og hefur Rúnar verið formaður þess allt frá upphafi. Aðaltilgangur félagsins er skapa vettvang til að halda utan um siðareglur útfararstjóra. „Starf mitt sem formaður felst aðallega í því að halda utan um fundastarf og framfylgja reglum og samþykktum aðalfunda. Ég sækji einnig fundi erlendis enda á félagið í talsverðum erlendum samskiptum. Siðareglur evrópskra útfararstjóra eru til að mynda grunnur íslensku siðareglanna,” segir Rúnar. Ekki er lagaleg skylda að útfararstjóra séu í félaginu en nánast allir starfandi útfararstjórar eru þó félagsmenn og hafa undirritað siðareglur félagsins.

Virðingin og alúð
Rúnar hefur unnið við útfararþjónustu frá því 1983, fyrst hjá Kirkjugörðunum og síðan í eigin fyrirtæki. Aðspurður segist hann hafa lært það á löngum ferli að það skipti ekki höfuðmáli hvaða trú fólk aðhyllist eða hvort það aðhyllist trú yfirleitt, virðingin fyrir hinum látna sé alltaf í forgrunni. „Og það þurfum við alltaf að

hafa í huga, án þess að taka afstöðu til trúmála. Hljýja, auðmýkt og virðing er það leiðarljós sem við fylgjum alltaf.

Þegar andlát ber að garði er mikilvægt að hafa samband við útfararþjónustu sem fyrst,” segir Rúnar. „Í fyrsta lagi þarf að flytja hinn látna af dánarstað og í líkhús og síðan að byrja að undirbúa kistulagninguna. Útfararstjórinn heimsækir yfirleitt aðstandendur daginn eftir og þeir leggja þá fram óskir sínar varðandi framkvæmd kistulagningar og síðan jarðarfarar. Í því felst í flestum tilfellum að velja prest eða athafnarstjóra og síðan að tímasetja allar athafnir og bóka grafartöku eða bálför. Næsta skref er svo að ákveða hvað kemur í okkar hlut að sinna en við síðum um allt er líftur

að undirbúningi og framkvæmd útfara. Til að mynda höldum við utan um öll samskipti við aðstandendur, tónlistarfólk, kirkjur, blómabúðir, kirkjugarða og alla þá sem koma að útför.”

Íslensk hönnun og handverk

Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar leggur mikið upp úr því að vera með fallegar kistur á góðu verði sem standast strönguustu kröfur um umhverfisvernd. Algengastar eru hinar hefðbundnu hvítu kistur en alltaf er eitthvað um að fólk vilji harðviðar kistur, til dæmis eik eða mahóni. Val á kistum getur vafist fyrir aðstandendum enda úrvalið nokkuð. „Við eigum umhverfisvænar og fallegar hefðbundnar hvítar kistur sem eru alænaastar.

en einnig töluvert úrval af viðarkistum.” Í fyrsta sinn á Íslandi hefur Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar nú látið hanna og smíða íslenskar kistur úr íslenskum við í samstarfi við Þorstein B. Jónmundsson trésmið. „Við höfum hannað sértaka kistu og duftker út frá hugmyndinni um íslenska kistu úr alíslenskum við til brennslu og jarðsetningar,” útskýrir Rúnar. Kisturnar eru úr við sem er unninn og þurrkaður í Hallormsstaðarskógi. „Þessi kista er mjög falleg, úr grófum við og ólökkuð eða máluð á náttúrulagan máta.”

Nánari upplýsingar er að finna á utfarir.is eða í síma 567-9110 allan sólarhringinn, alla daga ársins.

Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar

Traust fjölskyldufyrirtæki í áratugi

Rúnar Geirmundsson

Sími · 567 9110 · utfarir@utfarir.is · www.utfarir.is



Rúnar Geirmundsson



Þorbergur Þórhásson



Elís Rúnarsson



Sigurður Rúnarsson

Fyrirsæta sem dvaldi á Íslandi talin hafa verið myrt

■ Féll 14 hæðir ■ Lyfjuð og selt inn á hana í 10 daga

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is

Í nóvember árið 2017 hrapaði litháísk fyrirsæta að nafni Dovile Didziunaityte til bana af hótelsvölum á fjórtánda hæð í borginni Klaipeda í Litháen. Dovile, sem á ömmu búsetta á Íslandi og hafði dvalið hér á sumrin, hafði að öllum líkindum verið byrjuð eiturlyf og henni haldið nauðugri og henni nauðgað í marga daga samfleytt. Ættingjar hennar eru sannfærðir um að hún hafi verið misnotuð og myrt af háttsettum mönnum og í kjölfarið hafi verið hylmt yfir glæpin. Um viku eftir dauða hennar lést hótelsstarfsmaður á voveiflegan hátt.

Dovile Didziunaityte var sláandi fríð og hávaxin fyrirsæta sem bjó í Vilnius, höfuðborg Litháen. Hún var vinsæl bæði sem ljósmynda- og fatafyrirsæta og starfaði úti um allan heim, í Kína, Rússlandi, Þýskalandi, Spáni, Frakklandi og Ítalíu þar sem umboðsmaður hennar starfaði. Frá því að hún var ung stúlka kom hún til Íslands á sumrin og



dvaldi hjá ömmu sinni sem er búsett í Kópavogi. Einnig dvaldi hún mikið hjá móður sinni í Noregi.

Féll fjórtán hæðir

Þann 10. nóvember árið 2017 kom Dovile að hafnarborginni Klaipeda í Litháen í fylgd með framleiðandanum Richard Pinik eftir tiskusýningu í Vilnius. Hegðun hennar var undarleg, líkt

og hún væri lyfjuð. Hún sagði engum í fjölskyldu sinni að hún væri í borginni og svaraði engum símhringingum. Þau innrituðu sig á Amberton-hótelinu og fengu herbergi á fjórtánda hæð. Tveimur dögum síðar átti hún að vera komin til starfa í Ítalíu en lét ekki sjá sig. Hótelstarfsmenn sáu fjölda manns fara inn og út úr herberginu næstu tíu daga. Einnig sáu þeir menn með lyfjaglös.

Klukkan hálf átta um kvöldið þann 20. nóvember fannst Dovile látin fyrir utan hotelið. Hún hafði hrapað af svölum á gangi fjórtánda hæðar og látist samstundis. Lögregla kom á staðinn til að rannsaka málið en skömmu síðar gaf Gintautas Maciulaitis, lögreglustjóri borgarinnar, út yfirlýsingu um að líklegast hefði fallið verið slys.

„Ef maður er grunnður um morð, nauðgun og eiturlyfjasmygl, þá ætti hann ekki að ganga laus.“

Maður í mysunni

Margt benti hins vegar til þess að fall Dovile hefði ekki verið af slysförum eða sjálfsvíg. Fyrir ofan svalirnar voru tvær járnstangir og nokkuð mikið átak þurfti til að komast yfir þær. Fjórir menn höfðu komið inn á herbergið hennar þennan dag og einn þeirra sást á myndbandsupptöku elta Dovile út á svalir gangans. Eftir það heyrdust óp.

Pinik var yfirheyrður en sagðist ekki hafa séð neitt og var honum í kjölfarið sleppt. Ekki hafði starfsfólk hótelsins heldur neitt að segja. Engu að síður var búið að þrifa og dauðhrensa herbergið skömmu eftir fall Dovile þó að vitað væri að þar hefði verið mikið fylleri í gangi. Þegar lögreglan kom var búið að eyðileggja mörg sönnunargögn þar. Ekkert í fari Dovile benti til sjálfsvígs, hún var hamingjusöm, átti góðan feril og gott samband við fjölskyldu sína og vini.

Móðir hennar, Daiva, flaug strax frá Noregi til Litháen og fór beint á Amberton-hótelinu til að reyna að skilja hvað hafði gerst. Eftir að hafa skoðað aðstæður og rætt við fólk varð hún sannfærð um að lát Dovile hefði hvorki verið slys né sjálfsvíg. Einnig skildi hún ekki hvernig Pinik gat gengið laus þar sem hann hlyti að hafa komið að málinu.

Þann 29. nóvember, aðeins níu dögum eftir fall Dovile, fannst annað lík við Amberton-hótelinu. Var það af 27 ára gömlum hótelsstarfsmanni sem fallið hafði af þakinu á annari byggingu hótelsins, tólfstu hæð. Á þakinu fundust sími hans, lykjar og fleiri persónulegir munir. Lögreglan rannsakaði málið en fljótlega kom tilkynning frá lögreglufulltrúa um að dauðfallið væri ekki talið hafa borið að með sagnæmum hætti og tengdist falli Dovile ekki neitt.

Fjölskyldan berst við spillingu

Við rannsókn á líki Dovile kom í ljós að hún hafði innbyrt mikið magn af deyfandi lyfjum og var með áverka sem bentu til barsmíða og fjölmarga marbletti á fótleggjunum. Hún hafði haft samfarir við að minnsta kosti tvo menn þennan dag og var lík hennar án nærklæða. Einnig fannst DNA-sýni sem passaði við lækni að nafni Aivaras Miltenis. Hann var einn af þeim fjórum mönnum sem komið höfðu á herbergið þennan dag.

Fjölskylda Dovile er sannfærð um að henni hafi verið haldið nauðugri og í lyfjamóki á hótelhörberginu í tíu daga. Einnig að það hafi verið selt inn á hana og hátt settir menn nýtt sér það. Fjölskyldan telur líklegt að þegar Dovile rankaði við sér og reyndi að komast burt hafi henni verið fleygt fram af svölunum. Hefur frændi Dovile, Arunas Pakulevicius, gerst talsmaður fjölskyldunnar út á við og komið fram í fjölda viðtala.

Rannsókn málsins hefur verið mjög hæg. Pakulevicius sagði að fyrstu vikuna hefði ekkert verið gert og að lögmaður fjölskyldunnar þyrfti að hafa sig allan við til að þoka málinu áfram. Nú tæpu ári eftir dauða Dovile hefur enginn verið ákærður en mestur grunur beinist að Pinik og Miltenis.

Pakulevicius sagði í þættinum KK2:

„Ég er ekki reiður, en þetta er hættulegt öðru fólki. Maður er ekki sekur nema maður sé dæmdur en ef maður er grunaður um morð, nauðgun og eiturlyfjasmygl, þá ætti hann ekki að ganga laus. Það skapar hættu fyrir aðrar stúlkur.“

Rannsóknin stendur enn þá yfir og fjölskyldan er orðin þreytt á bið eftir réttlætinu og því að saksóknari beiti sér ekki í málinu. Þá sé Pinik ekki grunaður um morð heldur aðstoð við sjálfsvíg. Hefur fjölskyldan komið fram í viðtölum og skrifað opin bréf til að halda málinu lifandi, en í Litháen er mikil spilling, sérstaklega í réttarkerfinu og grunur fjölskylduna að málið verði einfaldlega látið niður falla. ■

Amberton Dovile féll niður 14 hæðir.

BORÐPLÖTUR & SÓLBEEKKIR



Fanntófell

Gylfaflöt 6 - 8
S. 587 - 6688
fanntofell.is

ALVÖRU INNISKÓR!

OOFOS®
feel the oo


**AÐEINS
7.990 kr.**



Í OOFOS® heilsusandalanum er höfundarréttarvarið OOfoam efni sem er **37%** meira höggdempandi en í hefbundnum skóm.

Höfum opnað glæsilega sölusíðu
www.gongugreining.is

OOFOAM. RECOVERY TECHNOLOGY



Einstök fótliga hönnun gefur frábæran stuðning og mikla mýkt, það hefur mjög góð áhrif á hælspora og iljarfellsbólgu og getur minnkað verki í fótum, ökkum, hnjám, mjöðmum og baki. Þess vegna mæla fótaaðgerðafræðingar og sjúkraþjálfarar með OOFOS®.

Sandalarnir eru hannaðir til að hvíla fótinn og henta því bæði sem inniskór, í vinnu, eftir íþróttir og sem sundskór. Þeir þola bleytu og fljóta í vatni, einnig má þvo þá í þvottavél á lágum hita.

Frauðefnið er lokað svo að það dragi ekki í sig raka, bakteríur og þar af leiðandi táfýlu.

Mýktin og dempunin frá OOfoam endist vel og er ekki plastefni eins og þekki í svipað útlitandi sandölum.

Þó það sé ekki hælband á OOFOS® gerir einstakt lagið á fótbeðinu það að verkum að skórnir sitja fastir á fætinum.

Einfaldlega ótrúlega þægilegir heilsusandalar á sambærilegu verði og fæst í Bandaríkjunum og öðrum löndum.



EINS OG FÆTUR TOGA

WWW.GÖNGUGREINING.IS

Orkuhúsinu Suðurlandsbraut 34 og Bæjarlind 4 Kópavogi - Sími 55 77 100

Sýnum tillitssemi k m u m h



SLÖKKVILID
HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS BS.



Fagverk
verktakar



SLYSABÆTUR.is



og ökum varlega, meil heim



Samgöngustofa



VélRás

SJÓVÁ



KRÓKUR

Dekkjahúsið

HLADBÆR
COLAS

VIÐ ELSKUM MALBIK

BÍLRÚÐU
MEISTARINN
S: 571-1133



STEYPUSTÖÐIN



B.S. VERKTAKAR

Mæla með ferðalögum til Sri Lanka, Simbabwe og Belís

■ Árlegur listi Lonely Planet um spennandi áfangastaði ■ Þýskaland líklegt til vinsælda

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Ferðafiklar eru alltaf spennnir þegar ferðabókafyrirtækið heimsfræga, Lonely Planet, birtir árlega lista sína yfir bestu áfangastaði næsta árs, bæði lönd og borgir. Sri Lanka varð fyrir valinu sem það land sem ferða-

langar ættu helst að renna hýru auga til og systurborg okkar, Kaupmannahöfn, varð fyrir valinu sem mest spennandi borgin. Sennilega eru ólíkari staðir vandfundir og þannig eru líka listarnir, blanda af áfangastöðum sem Íslendingar þekkja vel og síðan afar framandi slóðir.



Indónesía er einn af heitustu áfangastöðum næsta árs.



Petra í Jórdaníu er eitt af sjö undrum veraldar.

Topp 10 löndin sem Lonely Planet mælir með árið 2019:

Sri Lanka

Eftir að rúmlega tveggja áratuga borgarstjryöld lauk í Sri Lanka í maí 2009 hefur landið smátt og smátt opnast fyrir ferðalögum. Þar er ótrúlegur suðupunktur menningar auk þess sem náttúran og dýralífið er engu líkt. Þá eru helstu badstrandir Sri Lanka taldar afar fallegar og landið er sagt vera paradís fyrir þá sem stunda brimbretti.

Þýskaland

Þjóðverjar hafa löngum verið þekktir fyrir að vera agaðir og skilvirkir, sérstaklega þegar kemur að hverskonar framkvæmdum. Undantekningin sem sannar þá reglu er uppbygging alþjóðaflugvallar í Berlín sem enginn getur kynnt sér ógrátandi. En hvað sem því líður þá eru þjóðverjar höfðingjar heim að sækja og þar er margt að sjá og skoða. Þá eru þeir miklir áhugamenn um bjórdrýkkju og pylsuát.

Simbabwe

Simbabwe hefur iðulega ratað í heimsfréttimur fyrir spillingu og óðaverðbólgu en það gleymist gjarnan að landið er eitt hið öruggasta fyrir ferðalanga í Afríku. Náttúran þar er stórbrotin, ekki síst hinir mögnuðu Viktoríufossar. Þá eru heimamenn víst einstaklega gestrisnir.

Panama

Það eru ekki bara íslenskir áhugamenn um bókhaldstríkk sem hafa áhuga á Panama. Heimsbyggðin öll þráir að ferðast þangað. Hvítar strandir, magnaðir regnskógar og margbrotin menning er meðal annars það sem er í boði í Panama. Þá geta áhugamenn um fraktflutninga horft á skip sigla um Panamaskurðinn dögum saman. Árið 2019 eru stórbrotin hátíðahöld á döfinni í landinu sem mun fagna 500 ára sögu sinni með allsherjarveisluhöldum.

Viktoríufossar eru ótrúlegt náttúruundur.



Afríkuríkið Saó Tóme og Príncipe er falin paradís.



Panamaborg er lífleg og skemmtileg.



Berlín er frábær borg.



Kýrgystan

Kýrgystanar hafa gert byltingu í samgöngumálum í landi sínu og ferðalangar eru farnir að átta sig á að landið býður upp á ótrúlega ósnortna náttúru. Landið er perla sem er ekki lengur falin.

Jórdanía

Jórdanía hefur uppá margt að bjóða, ótrúlegt eyðimerkurlandslag Wadi Rum, eitt af sjö undrum veraldar í Petru, stórborgina skemmtilegu Amman, einstaka gestrisni heimamanna og hummus eins og hver getur í sig látið.

Indónesía

Indónesía er samansett af rúmlega 17 þúsund eyjum og því segir sig nánast sjálf að allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi í þeirri paradís. Þá hafa stjórnmöld fjárfest gríðarlega í innviðum landsins til þess að auðvelda íbúum, sem og ferðamönnum, að ferðast

um landið. Þá er nú ríkisborgurum 169 þjóðlanda heimilt að ferðast til landsins án þess að sækja fyrirfram um vegabréfsáritun.

Hvíta-Rússland

Hvíta-Rússland er falin perla í Evrópu og þar er margt að sjá og skoða. Höfuðborgin Minsk skartar fallegum gömlum bæ, þar eru lífleg kaffihús og listasöfn auk þess sem sú upplifun að skella sér út á næturlífið er víst eins og að stíga upp í tímavél og ferðast til ársins 1999.

Saó Tóme og Príncipe

Þetta afríska lýðveldið, sem samanstendur af tveimur eyjum utan stranda Gabon, er tekið sem dæmi um stað sem er algjör paradís en fáir heimsækja. Það gæti verið að breytast. Ótrúlegt landslag, fallegar strandir og spennandi frumskógar.

Belís

Mið-Ameríkuríkið státar af næst stærsta kóralrífi heims innan sinnar landhelgi auk þess sem landið er þekkt fyrir ótrúleg hellakerfi sem vert er að skoða. Þrátt fyrir það hafa ferðamenn ekki veitt landinu sérstaka athygli en starfsmenn Lonely Planet telja að það muni breytast á næsta ári. ■

Borgir sem Lonely Planet mælir með að ferðalangar heimsæki:

1. Kaupmannahöfn, Danmörk
2. Shenzhen, Kína
3. Novi Sad, Serbía
4. Miami, Bandaríkin
5. Kathmandu, Nepal
6. Mexíkóborg, Mexíkó
7. Dakar, Senegal
8. Seattle, USA
9. Zadar, Króatía
10. Meknes, Morokkó



Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | www.forlagid.is

Öryggi

26. október 2018

Ábyrgðarmaður: Steinn Kári Ragnarsson / steinn@dv.is Umsjón: Ágúst Borgþór Sverrisson / agustb@dv.is

IPT:

Snjallar lausnir fyrir heimili og fyrirtæki

IPT er verslun og þjónustuaðili sem býður upp á afar fjölbreyttar og spennandi lausnir í öryggismálum og eftirlitsbúnaði. Kappkostar fyrirtækið að bjóða reglulega upp á það nýjasta og besta í þessum bransa. Snjallbúnaður hefur rutt sér mjög til rúms á þessu sviði og IPT býður upp á framúrskarandi snjalllausnir fyrir bæði heimili og fyrirtæki. Meðal annars býður IPT upp á dyrasíma, myndavélar, innbrotsviðvörðun og brunavörn fyrir heimili. Þá vinnur fyrirtækið mikið fyrir hótél og býður þeim upp á aðgangskerfi, myndavélar, innbrotsviðvörðun og brunavörn. Þess má geta að IPT setti upp allan öryggisbúnað í Hörpu.

Kjartan Scheving, framkvæmdastjóri IPT, segir okkur frá þremur áhuga-

verðum vörum hjá fyrirtækinu en upplýsingar um aðrar vörur er að finna á vefnum ipt.is. Við gefum Kjartani orðið:

„Comelit er ítalskt háteknifyrirtæki sem framleiðir dyrasíma fyrir heimili, bæði einbýlishús og fjölbýli, stofnað árið 1956. Hjá Comelit er mikið lagt upp úr hönnun og mjúkum línunum, og í boði eru margar gerðir af kerfum, bæði hliðrænum og stafrænum, og bæði myndkerfi og talkerfi. Hægt að setja upp kerfi með bæði bjölluhnappi fyrir hverja íbúð og lykklaborði þar sem valið er númer íbúðar.

Hægt er að hafa myndavélar tengdar kerfunum, t.d. í sameign eða í einbýlishúsum, og getur fólk haft myndavélar við hús ásamt nándarlestri til að opna dyr. Kerfin geta verið tengd

nánast hvaða hlut sem er með út- eða inngangseinangum sem gerir það að verkum að hægt er að aðlagga kerfin að notendum.“

Kerfinu raðað saman eftir stærð hússins

Næst segir Kjartan okkur frá IKALL-kerfinu sem hentar jafnt fyrir einbýlishús sem mjög stór fjölbýli:

„IKALL-kerfið er kerfi sem hentar öllu frá einbýli til hundraða íbúða. Kerfið er sett saman úr einingum þannig að því er raðað saman eftir stærð hússins. Það hentar einstaklega vel þegar skipta þarf út gömlum kerfum með lágmarks fyrirhöfn. Með IKALL ertu líka kominn með kerfi sem hefur marga viðbótarmöguleika, til dæmis aukamyndavélar, og þú getur látið kerfið elta þig. Hægt er að sérsníða möguleikana fyrir hverja og eina íbúð og því getur þú valið aðra möguleika fyrir þig en nágrenni þinn.

Ikall er 2 vira kerfi sem vinnur á gömlum lögnum frá gamla kerfinu. Þú getur haft öryggiskerfi heimilisins og dyrasímann í einum pakka.“

Dyrasími + app

Kjartan segir okkur loks frá Visto, nýjustu afurðinni frá hinum rómaða, ítalska framleiðanda, Comelit:

„Visto er nýjasta afurð Comelit: Dyrasími sem vinnur eingöngu með appi og hægt er að hafa bæði inni- og útimyndavélar tengdar við appið. Þetta er dyrasími sem veit hvar þú ert og með appi getur hann haft samband við þig, hvar sem þú ert.“

Þess má geta að IPT er með afar góðan afslátt hjá Comelit næstu mánuði og færir þann afslátt beint til viðskiptavina sem geta því fengið hágæða vörur frá Comelit á sérlega góðum kjörum.

Sjá nánar á ipt.is. IPT er til húsa að Skútuvogi 1 G, Reykjavík. Leitið tilboða eða komið með fyrirspurnir í síma 763-8831 eða með tölvupósti á netfangið ipt@ipt.is.



LEIFTUR VERSLUN:

Börnin eru örugg í Axxid-barnabílstólunum



Árið 2011 hófu eigendur Leiftur verslun að flytja inn Axxid bakvísandi barnabílstólana og í kjölfarið varð Leiftur vefverslun að veruleika árið 2013.

„Í dag bjóðum við upp á allar öryggisvörur fyrir barnafjölskyldur og meira en það,” segir Benedikt Ármannsson hjá Leiftur verslun.

„Axxid barnabílstólarnir eru samskipt bakvísandi gæðastólur. Bakvísandi stólar eru meira en fimm sinnum öruggari en framvísandi stólar og mælum við með því að börn séu bakvísandi sem lengst. Minikid stóllinn er vinsælastur, hann er fyrir börn 0–25 kg., sem er fyrir 0–5 ára börn, þó að ég hafi séð börn allt að sjö ára aldri í þeim. Stólarnir eru langir og þægilegt er fyrir börnin að sitja í þeim og sitja lengi í þeim,” segir Benedikt. „Það er þægilegt að festa stóllinn í bilinn og fer lítið fyrir honum.”

Minikid stóllinn fæst í fimm litum: svartur, bleikur, blár, rauður og grár. Mælir Benedikt þó ávallt með því að nota ungbarnabílstól fyrir börnin til að byrja með.

Þar sem bílstóllinn vísar bakinu að bílstjóra, er einnig gott að kaupa spegil sem festa má á höfuðpúðann, svo hægt sé að fylgjast með barninu. Fæst hann einnig hjá Leiftur verslun.

Kannanir hafa sýnt að allt að 80% af stólum eru rangt festir.

„Við viljum að fólk máti stóllinn í bilinn og barnið í stóllinn. Við aðstoðum fólk við að festa stólana í bilinn og

fólk getur alltaf komið aftur ef það er óöruggt með að stóllinn sé ekki rétt festur. Sem dæmi má nefna þá var einn hjá mér í dag sem var kominn með nýtt barn í stóllinn og vildi bara vera viss um að allar festingar væru réttar. Um 80% stóla eru rangt festir skv. könnunum, en flestir sem eru með bakvísandi stóla eru mjög meðvitaðir um stólana hjá sér og öryggið.”

Firstbike jafnvægishjólín – Börn eru enga stund að læra að hjóla

Leiftur verslun selur einnig Firstbike jafnvægishjólín, en með þeim læra börn að hjóla án hjálpardekkja. Hjólín má skoða bæði á firstbike.is eða leiftur.is. „Hjólín eru ætluð börnum á aldrinum 2–5 ára, en börn geta notað þau með lækkunarbúnaði frá 2 ára aldri,” segir Benedikt.

Hjólín koma í einni stærð, en týpurnar eru fjórar, í mismunandi litum og með mismunandi dekkjum. Á öllum hjólunum er handbremsa.

„Börnin hlaupa eða labba með hjólunum og ná jafnvæginu ótrúlega hratt, það er ótrúlegt að sjá 2 ára barn ná jafnvæginu bara á einum degi. Þau eru farin að hjóla með þér bara eftir 1–2 daga.”

Leiftur verslun selur einnig ungbarnabílstóla og sessur með baki. „Hjá okkur fæst allt frá snuðum upp í trampólín,” segir Benedikt, „við bjóðum upp á gæðahluti á góðu verði og handveljum inn gæðavörur í sölu hjá okkur. Við erum með allskonar ör-



yggisbúnaði fyrir heimili þar sem börn eru, hornhlifar, læsingar og fleira. Við seljum barnavagna og trampólín sem eru ein af þeim öruggustu sem hægt er að fá.”

Leiftur verslun selur einnig Snuzalífvaktina. Hún er sett á bleyju barnsins og nemur andardrátt þess og lætur vita ef öndun verður óregluleg eða hættir. Snuzalíf fæst í Móðurást, Fífu og hjá Leiftur verslun.

Allt úrvalið má skoða í vefverslun Leiftur verslun á leiftur.is og bílstolar.is og í barnavörusluninni Litli Gleðigjafinn á Akureyri. Hluti af vörunum fást í Móðurás, Fífu, Heimkaup og fleiri stöðum á höfuðborgar-



svæðinu. Hægt er að skoða og máta barnabílstólana í Mosfellsbæ.

Allar upplýsingar má fá í síma 412-2990 og á netfanginu leiftur@leiftur.is.





SÖLUTRAUST:

Uppfærður öryggisbúnaður

Fyrirtækið Sölutraust hefur verið starfrækt í 15 ár og sérhæfir sig í sölu á ýmsum öryggisvörum, til dæmis sjúkrakössum og skyldum vörum, mengunarvarnarbúnaði og öryggismerkingum. En þessar mikilvægu vörur eru bara einn þáttur í starfsemi þess. Þjónustan við viðskiptavini er ekki síður mikilvægur þáttur og kemur meðal annars fram í stöðugu viðhaldi á öryggisbúnaðinum og aðlögun að hverjum og einum viðskiptavini eftir aðstæðum hans.

„Það hefur orðið hugarfarsbreyting í öryggismálum hér á landi og kæruleysi hefur minnkað og nánast undantekning að starfsmenn noti ekki viðeigandi öryggisbúnað eins og öryggishjálma. Starfsfólk er í auknum mæli farið að gera kröfur til sinna vinnuveitenda um að öryggismál séu í lagi,“ segir Vignir Sigurðsson, framkvæmdastjóri Sölutrausts.

Litið gagn af óáfyltum sjúkrakassa

Einn mikilvægur liður í öryggismálum er að sjúkrakassi sé ekki bara til staðar heldur að hann sé ávallt uppfærður og sé með öllu því innihaldi sem fólk reidir sig á. „Sjúkrakassinn er sambærilegur við slökkvitæki að því leyti að ef tekið er af án þess að fylla á aftur þá verða þessi tæki gagnslaus og skapa falskt öryggi. Hluti af okkar þjónustu er að fylla reglulega á sjúkrakassa og fylgjast með að allt sé í þeim sem þar á að vera. Til að minnka rót í sjúkrakössum út af skránum og smáskeinum þá eru plástraskammtarar góð lausn og eru mjög margir af okkar viðskiptavinum búnir að koma sér upp slíkum búnaði. Einnig eru hafðir augnskols- og eða brunagelsplattar hjá sjúkrakössum sem hægt er að nýta sér eftir þörfum,“ segir Vignir.

Augnskol og brunagel eru líka mikilvægur sjúkra- og öryggisbúnaður sem Sölutraust tryggir að ávallt sé til reiðu þar sem þess er þörf. „Augnskol gegn ætandi efnum er bráðnaðsynlegt



á stöðum þar sem menn geta fengið hættuleg efni í augu. Ég þekki dæmi um atvik þar sem rafgeymir sprakk og starfsmaður fékk rafgeymasýru í augun. Vinnustaðurinn var nýbúinn að fjárfesta í augnskolsbúnaði og það tókst að skola augu og andlit í tæka tíð. Maðurinn kom til vinnu eftir fjóra daga með heil augu,“ segir Vignir.

Oliuperriklútar og flotgirðingar

Mengunarvarnarbúnaður er annar mikilvægur þáttur í starfsemi Sölutrausts. Ber þar hæst oliuperriklúta sem nýtast til að halda vinnusvæðum hreinum sem eykur í senn öryggi og ánægju á vinnustað, og hins vegar flotgirðingar sem lágmarka skaða af mengunarslysum. „Ef olía fer í sjó er flotgirðingu kastað út og hún hreinsar upp mengunina á stuttum tíma. Þetta eru uppsogspulsur sem fljóta á vatni og draga eingöngu í sig oliukennda vökva – en ekki vatn,“ segir Vignir.

Fyrir utan þetta eru ónefndar vörur á borð við öryggis- og aðvörunarskilti, sápur og hreinsiefni, fellistiga, hringstiga og flóttastiga. Einnig má nefna LED-ljós fyrir útivistarfólk.

Nánari upplýsingar eru á vefsíðunni solutraust.is.



ISR MATRIX: Sjálfsvörn við hættulegustu aðstæður



Jón Viðar Arnþórsson er meðal annars þekktur fyrir að hafa stofnað íþróttafélagið Mjölni en í dag er hann með nýtt félag sem heitir ISR Matrix. Jón Viðar hefur staðið fyrir sjálfsvarnarnámskeiðum fyrir konur árum saman. Sunnudaginn 25. nóvember hefst nýtt námskeið, ISR Clutch, sem er ætlað fyrir karla og konur frá 16 ára aldri.

„Hingað til hef ég bara kennt karlmönnum öryggistösk og bardagaíþróttir en þetta verður mun víðtækara, þarna læra þeir allan pakkann. Allt frá því að slá frá sér og verja sig yfir í að beita nánast hvaða brögðum sem er, allt eftir því hvers aðstæður krefjast. Kerfið er hannað með það í huga að á götunni, í villtum heimi ofbeldis, þá gilda engar reglur og það verður að taka mið af því. Líkja má þessu við MMA fyrir götuna. Inni í þessari kennslu er meðal annars beiting vopna og mikil taktík,” segir Jón Viðar.

Á fyrsta kennsludegi verður kennt sex tíma grunnnámskeið og fólk getur síðan haldið áfram inn í stigvaxandi framhaldsnámskeið ef það kys svo. Námskeiðið reynir bæði á andlegan og líkamlegan styrk. „Þetta kerfi er notað af sérsveit bandaríska flughersins og er gríðarlega öflugt. Áherslan er á að verja þig og yfirbuga árárarmann með mjög skjóttum hætti,” segir Jón.

Lokuð sjálfsvarnarnámskeið fyrir konur

Jón Viðar hefur haldið sjálfsvarnarnámskeið fyrir konur allt frá árinu 2011 en undanfarin misseri hefur orðið mikil þróun í þessari kennslu hans:

„Síðasta eina og hálfu árið hef ég verið að kenna ISR CAT kerfið sem er miklu betra en það sem ég notaði áður. Þetta nær yfir víðtækara svið og hefur verið þróað fyrir stelpur í bandaríska hernum sem eru sendar sem njósnarar á hættuleg svæði í Mexíkó, Afganistan, Íran og víðar, þar sem þær geta þurft að bjarga sér úr lífshættulegum aðstæðum.”

Jón Viðar segir að þessi þjálfun sé orðin mjög yfirgripsmikil: „Við erum



með grunnnámskeið sem allar konurnar þurfa að fara í gegnum fyrst, en það tekur 6 klukkutíma. Síðan tekur við framhaldsþjálfun fyrir konur sem er mjög vinsæl. Munurinn á þessu og sambærilegum námskeiðum sem hafa verið kennd hér undanfarin ár er sá að þú lærir ekki bara að slá frá þér eða losa þig úr tókum heldur líka að verjast í átökum inni í bifreið, inni í lyftu, lærir að losa þig ef þú ert frelsissvipt og bundin – lærir að beita ýmsum vopnum ef þess þarf, eggvopnum og skotvopnum. Einnig lærirðu taktík til að komast úr slæmum aðstæðum og einnig að fyrirbyggja þær.

Næsta grunnnámskeið fyrir konur verður haldið sunnudaginn 2. desember og í kjölfarið taka við framhaldsnámskeið fyrir þær sem það vilja.

Nánari upplýsingar og skráning eru á vefsíðunni isrmatrix.is. Sjá einnig Facebook-síðuna ISR Matrix – Iceland. Kennsla fer fram í húsnæði ISR Matrix að Stórhöfða 17, Reykjavík. Símanúmer er 862 0808.





PRONET:

Hápróuð öryggistæki og eftirlitskerfi fyrir heimili

ProNet er sérhæft fyrirtæki á sviði fjarskiptalausna með áratuga reynslu af uppbyggingu á ljósleiðarakerfum og öðrum fjarskiptakerfum, öryggis- og myndavélakerfum, bæði á Íslandi og erlendis.

ProNet rekur öfluga framkvæmdadeild með starfsmönnum sem hafa viðamikla reynslu úr tæknigeiranum. Tækjabúnaður fyrirtækisins samanstendur af nýjustu og bestu tækjum sem völ er á, og starfsmennirnir eru þrautþjálfaðir í að leysa öll verkefni, stór sem smá, hvort sem um er að ræða byggingu nýs kerfis, eða mælingu, úttekt eða viðhald eldri kerfa.

ProNet rekur öfluga heildsölu/smásölu og flytur m.a. inn efni fyrir lagna- og netkerfi, verkfæri, raftæki o.fl. Styrkur fyrirtækisins felst í að bjóða vörur á mjög hagstæðu verði, en kannski ekki síður að vörurnar eru valdar af fagmönnum með mikla reynslu.

Helstu birgjar ProNet í öryggiskerfum eru Tiandy (myndavélar og myndþjórnar), Protec (brunaviðvörðunarkerfi), Digifort (myndavélahugbúnaður), TELL (vöktunarkerfi) og Maxkin (öryggiskerfi).

Tiandy – öryggismyndavélar og vídeóþjórnar

Frá Tiandy býður ProNet upp á myndavélar frá 2Mp upp í 12. Til eru vélar með föstum linsum, stillanlegum (varifocal) og stýranlegum (motorised). Ávallt eru til a.m.k. tíu gerðir á lager hverju sinni. Einnig eru í boði PTZ-vélar með frá 20 og upp í 44 x optical aðdrátt sem staðalbúnað.

Enn fremur eru í boði vídeóþjórnar frá Tiandy (NVR upptökutæki) frá 4 og upp í 80 rása með 1 og upp í 8 harða diska. Þessi tæki eru bæði til með PoE og án. Einnig eru til PoE-beinar til að bæta við kerfum.

Kerfin eru einföld í uppsetningu og stillingum. Reyndar eru flest kerfi afhent stillt og uppsett. ProNet setur einnig upp tengingu við síma og spjaldtölvur fyrir viðskiptavinum, þeim að kostnaðarlausu.

Protec – brunaviðvörðunartæki

Protec Algo-Tec(tm) 6100 er hringtengt, stafrænt og tölvustýrt eldskynjunar- og viðvörðunarkerfi sem hentar fyrir litlar og meðalstórar byggingar, s.s. verslanir, hótél og skrifstofur. Stjórnborð kerfisins er hannað og smíðað af Protec og uppfyllir EN 54-2 og 4 eldvarnarstaðla

ESB. Stjórnborðið er hægt að festa á vegg, en einnig hægt að fella það inn, sé þess þörf.

Algo-Tec 6100 stjórnborðið er hringtengt með getu til að tengjast og stýra 192 tengipunktum, auk þess að geta tengst og stjórnað öllum stjórnborðum, nemum, viðvörðunarbjöllum, viðvörðunarljósum og handvirkum neyðarboðum.

Algo-Tec 6000PLUS línuna er einnig hægt að tengja inn í Algo-Tec 6300 upplýsingaskjái sem sýna viðburði með sjálfvirkum flettingum á texta.

Með þeim möguleikum sem þetta kerfi býður upp á er hægt að byggja upp öflugt og öruggt stafrænt eldvarnarkerfi, með mun einfaldari lagnavinnu en áður, með þeim sparnaði sem því fylgir.

Fjöldi aukahluta er fánlegur með stöðinni. Optískir reykskynjarar, skynjarar með viðvörðunarbjöllu, hitanemar, sambyggðir reyk- og hitanemar, handboðar, geislanemar, loftstokkanemar, sírenur og margt annað.

ProPoint PLUS Aspirating er reyksogskerfi, sérstaklega hannað fyrir loftstokka, lyftugöng og t.d. fangelsi eða aðra staði þar sem rafbúnaður hentar ekki. Í staðinn fyrir hefðbundna reykskynjara er kerfið byggt upp þannig að það sýgur loft í gegnum litla pípu og sendir sýni í greiningarbúnað sem skilgreinir agnir og lætur vita ef grunur er um eld. Kerfið er meðal annars notað þar sem hátt er til lofts og viðhald og eftirlit getur verið kostnaðarsamt.

Digifort – myndaeftirlitskerfi

Digifort myndaeftirlitskerfi er í ferns konar útfærslu eftir fjölda myndavéla og möguleika sem kerfi bjóða upp á. Fjöldi myndavéla í Digifort Explorer er 4-16, í Standard 4-32, í Professional 8-64 og Enterprise 8-ótakmarkað.

Einnig er hægt að bjóða upp á númeraplötugreiningu, ítarlega vídeógreiningu, andlitsgreiningu og viðvörðun og sjálfvirkni (Alarm and Automation). Möguleiki er á því að tengja allar þessar einingar við hvaða kerfi sem er. Digifort hugbúnaðurinn gengur með myndavélum frá flestum framleiðendum heims.

T.E.L.L. eru öryggiseiningar sem hægt er að tengja við hvaða tæki sem er og senda þaðan boð í vöktunarmiðstöð. Einingarnar eru til í IP og 3G og allt frá 1 rási upp í 6 rásir. Enn fremur er ProNet að prufukeyra sitt eigið vöktunarkerfi sem kynnt verður á næstunni.



Maxkin – þráðlaus öryggiskerfi fyrir heimili og lítil fyrirtæki

Frá Maxkin koma öryggiskerfi sem henta fyrir heimili og lítil fyrirtæki. Kerfin geta tengst WiFi og GSM-neti. Hægt er að fá auka lykllaborð, reykskynjara, fjarstýringar, hurðanema, vatnsnema, sírenur og fleira.

Nánari upplýsingar um þessar vörur og margar fleiri er að finna á vefsíðunni pronet.is

Pronet er einnig með vörur frá General Cable, Tecnosteel, Coromatic, Ablerec, Cubis, Lantech, LinkBasic og Moxa.

ProNet er til húsa að Ögurharvi 2, Kópavogi. Símanúmer er 540-3520.





VÖRN ÖRYGGISKERFI:

Leiðandi í öryggismálum

Vörn öryggiskerfi var stofnað árið 2008 af Jóni Á. Hermannssyni og hefur síðan vaxið og dafnað og er í dag í viðskiptum við 1200 fyrirtæki auk fjölda heimila. Átta manna teymi sér um sölu og uppsetningu á myndavélum um allt land.

„Vörn hefur frá upphafi lagt mikla áherslu á alls kyns tækninýngar og erum við ávallt með nýjasta og besta búnaðinn frá heimsþekktum framleiðendum. Við vorum með þeim fyrstu sem buðu uppá þann möguleika að skoða myndavélar í gegnum síma,“ segir Jón Ágúst. „Við erum með vörumerkið Dahua og bjóðum upp á 4k myndavélar sem eru 8 megapixla með nýrri gerð af nætursjón sem heitir Starvis. Hún virkar þannig að myndin verður ekki svarthvít að nóttu til, hún heldur lit og þannig er auðveldara að greina einstaklinga í miklu myrkri. Og 4k myndavélar eru það besta sem hægt er að fá í dag í almennum vélum, en þær eru samt á viðráðanlegu verði. Vélarnar henta vel bæði fyrir fyrirtæki og heimili.“

Fyrir heimili býður Vörn upp á 4 megapixla myndavél sem kostar 15.900 kr. auk virðisaukaskatts, einnig er 4K myndavél í boði.

Fyrirtæki geta leitað tilboða, „við setjum upp og þjónustum stærri sem smærri fyrirtæki.“

Snjalltæknin vinsælust í dag

Snjalltæknin er í boði hjá Vörn og langflestir eru að snjallvæðast. „Það er gríðarlega vinsælt, það vilja allir geta haft stjórn á hlutum í gegnum símann,“ segir Jón Ágúst. „Þú getur skoðað myndavélarnar í gegnum símann, getur kveikt og slökkt á þjófavörninni, kaffivélinni, heita pottinum í sumarbústaðnum svo dæmi sé tekið, það er hægt að gera allt með þessu kerfi í dag. Ef þú ert með þjófavörn og myndavélakerfi þá ertu fljótur að sjá í símanum hvað er að gerast, þú ert fljótari en öryggisfyrirtækið er að hringja í þig. Þannig getur þú sparað þér stórar

upphæðir í vöktun.

Við erum leiðandi í tækninýngum í öryggismálum og verslum við bestu fyrirtæki í heimi. Þjónustustöðin okkar er í Reykjavík, en við setjum upp öryggiskerfi um allt land.“

Gæðaeftirlitskerfi fyrir útgerðarfyrirtæki

Fyrir útgerðarfyrirtæki býður Vörn upp á gæðaeftirlitskerfi og er það komið upp hjá mörgum fyrirtækjum og er framarlega þar, sem dæmi má nefna Þorbjörn í Grindavík, GPG Seafood og Fiskmarkað Íslands. „Þessi fyrirtæki og fleiri nota myndavélakerfi sem gæðaeftirlitskerfi fyrir fiskvinnsluna og fleira, enda geta öryggismyndavélar hjálpað til við margt.“

Myndavélakerfi – vörn gegn einelti og skemmdarverkum í skólum

„Vörn hefur sett upp myndavélakerfi í fjölmarga skóla á höfuðborgarsvæðinu og hefur það reynst gott vopn í baráttunni gegn einelti. Skemmdarverk á skólalóðum geta kostað mikla fjármuni og eru nánast úr sögunni þegar myndavélar eru til staðar,“ segir Jón Ágúst.

Allar upplýsingar um Vörn öryggiskerfi má fá í síma 561-5600, netfanginu vorn@vorn.is og á heimasíðunni www.vorn.is.



Öryggis- og myndavélakerfi frá Boðleið

Boðleið hefur lengi sérhæft sig í síma og netmálum fyrir lítil sem stór fyrirtæki og hótél og hefur kappkostað að veita fyrirtækjum heildarþjónustu á þeim sviðum. Núna hefur Boðleið bætt við sig öryggiskerfum og myndaeftirlitsbúnaði sem nýtast jafnt fyrirtækjum sem og einstaklingum sem vilja hafa fullkomið öryggiskerfi án þess að greiða endilega fyrir það mánaðarlegt gjald.

Einföld og þráðlaus kerfi

Einfaldleikinn er í fyrirrúmi varðandi þau öryggiskerfi sem Boðleið veitir. Þorvaldur Harðarson, sölustjóri fer yfir það:

„Allir skynjarar eru þráðlausir, glugga/hurðaskynjarar, hreyfiskynjarar sem henta í ýmis rými, með gæludýrastillingu, vatnsskynjarar, reykskynjarar og gasskynjarar. Allt þráðlaust og með rafhlöðu sem þarf að skipta um á 6 til 12 mánaða fresti, eftir því hvaða búnað er um að ræða en kerfið gefur tilkynningu þegar skipta þarf um rafhlöður. Helsti kosturinn við þetta er að ekki þarf að draga lagnir að öllum skynjum og geta því vel flestir sett kerfið upp sjálfir. Stjórnborðið getur verið á vegg eða með borðstandi og þarf bara rafmagn. Öllu er síðan stýrt í gegnum app og kerfið sendir þér tilkynningar í tölvupósti, í gegnum appið eða með SMS sendingum allt eftir því hvað hentar.

Kerfið er afar sveigjanlegt og þægilegt í notkun. Þú getur til dæmis látið börnin þín hafa snertilykkla sem þau bera einungis að kerfinu til að slökkva á því og þú færð tilkynningu senda um að barnið hafi skilað sér heim.“

Grunnpakkinn í öryggiskerfum kostar aðeins 22.900 kr.

Myndavélakerfi fyrir heimili og sumarhús

Það er alltaf að verða algengara að fólk vilji setja upp myndavélakerfi við heimili sín eða sumarhústaði, sérstaklega utandyra og býður Boðleið upp á frábært kerfi sem uppfyllir þarfir flestra þegar kemur að slíku.

„Við bjóðum upp á einfalt kerfi og pakkatilboð með t.d. fjórum myndavélum og innbyggðum skynjum í myndavélunum ásamt móðurstöð. Vélarnar geta allar verið úti. Upptaka næst á harðan disk og hægt er að uppfæra í skýið með Google Drive eða Dropbox. Þessi pakki kostar frá 60 þúsund krónum,“ segir Þorvaldur.

Boðleið er í sambandi við virta og trausta birgja til að tryggja gæðabúnað. Meðal annars selur Boðleið Yealink sem eru líklega mest seldu IP símar á Íslandi í dag. Ennfremur býður Boðleið upp á 3CX símkerfi sem er afar þekkt og útbreitt.

Nánar má skoða vöruúrvalið í vefverslun Boðleiðar á voruland.is en heimasíða Boðleiðar er bodleid.is. Til að pantan þjónustu eða fá nánari upplýsingar eða tilboð er gott að hringja í síma 535 5200 eða senda tölvupóst á netfangið sala@bodleid.is.



HA-IIGW





OPTIMA:

Verðmæti og trúnaðargögn í þjófheldum og eldtefjandi hirslum

Optima ehf. var stofnað árið 1953 og hefur allar götur síðan þjónustað fyrirtæki með skrifstofuvörur. Optima var fyrsti aðilinn hér á landi til að flytja inn ljósritunarvélar og síðan þá hefur þjónustan þróast í takt við tímann. Í dag er Optima einn af stærstu sölu- og þjónustuaðilum í prentbúnaði og prentlausnum og býður þekkt merki á borð við Ricoh og Xerox.

Optima býður jafnframt fjölbreytt vöruúrval sem tengist öryggi fyrirtækja og einstaklinga. Má þar nefna öryggisskáp, munaskáp og eldtraustar skjalahirslur í öllum stærðum.

Eldtefjandi öryggisskáp og öryggisskjalaskúffur

Að sögn Hildar Birnu Gunnarsdóttur, sölustjóra Optima, hefur sala á öryggisskápum fyrir heimili farið vaxandi undanfarin ár og tekið kipp eftir innbrotahrinu undanfarin misseri. „Við bjóðum einnig upp á eldtefjandi öryggisskáp sem og eldtefjandi skjalaskúffur sem henta vel undir mikilvæg trúnaðargögn,“ segir Hildur. „Eldtöf getur verið í allt að tvær klukkustundir sem eykur líkur á að verðmætin verði ekki eldi að bráð,“ segir hún.

Hún bendir einnig á að sala á sérstökum öryggisskápum fyrir hótél hafi vaxið mjög undanfarin ár í takt við aukna uppbyggingu hótela. Sem ferðamenn þekkjum við öll þá tilfinningu að vilja geta treyst á öryggishólf í herberginu okkar.

Uppgjörsskáp og seðlabox

„Við bjóðum upp á uppgjörsskáp fyrir fyrirtæki. Starfsmaðurinn ber eingöngu ábyrgð á að setja uppgjör dagsins í hólf og fellur það ofan í læst hólf sem eingöngu yfirmenn komast í. Enn fremur bjóðum við upp á sérstök seðlabox fyrir peningaseðla sem staðsett eru hjá afgreiðslufólki. Starfsfólk setur þá verðmætari seðla í boxið í stað afgreiðsluskúffu,“ segir Hildur. Ef til þjófnaðar kemur er hindrað aðgengi að stærstu seðlunum.

„Mjög stór liður í okkar rekstri er sala á starfsmanna-, nemenda- og munaskápum til fyrirtækja, stofnana og skóla. Þar á hver starfsmaður eða nemandi læsanlegt hólf eða skáp til afnota og getur verið öruggur um að verðmæti hans séu á góðum stað meðan á vinnu stendur.“

Optima selur líka talningarvélar



fyrir banka sem eru með öryggisskanna sem skannar falsaða seðla.

Optima er til húsa á tveimur stöðum, að Ármúla 13 í Reykjavík, og Glerárgötu 28 á Akureyri. Í Ármúlanum er, auk skrifstofu, sýningarsalur þar sem hægt er að skoða allar helstu vörurnar, öryggisvörur og aðrar skrifstofuvörur fyrirtækisins. Ópið er virka daga frá 9 til 17.

Sjá nánar á optima.is



STEINAR SMÁRI ER MEINDÝRAEYÐIR ÍSLANDS

Ófögnuður getur fylgt jólatrjám og jólaskrauti

Mörg jólatré landsmanna koma frá útlöndum, einkum Danmörku, og í þeim geta legið hinar og þessar tegundir af pöddum í dvala. Svo kemur þetta inn í hlýjuna í híbýlum okkar yfir jólin og þá getur vaknað líf í þessu sem fer á stjá. Ég hef sjálfur lent í slíkum ófögnuði, fyrir mörgum árum gerðist það daginn eftir að ég hafði skellt upp jólatrénu þá varð það allt út í köngulóarvefjum sem náði yfir í gárdinurnar og upp í loft. Ein pínulítill könguló hafði vaknað til lífsins, tegund sem ég hafði aldrei áður séð, og hún var búin að afreka þetta. Allar götur síðan hef ég úðað jólatré sem ég kaupir með eitri. Ég úðað það utandyra og kem því síðan fyrir inni í bílskúr. Ég hef aldrei lent í neinu svona síðan."

Þessa sögu segir Steinar Smári Guðbergsson sem rekur þjónustuna Meindýraeyðir Íslands. Steinar hefur starfað sem meindýraeyðir frá árinu 2005 og starfsemin er í sífelldri þróun.

Margir vita ekki að starf meindýraeyðis snýst ekki bara um að farga fyrirbyggjandi meindýrum heldur einnig að sinna forvörnum: „Fyrirtækjum í matvælagæiranum, bæði þeim sem framleiða og framreiða mat, ber skylda til að vera með meindýraeyði á samningi sem setur upp meindýravarnir og heldur uppi eftirliti, sem miðar að því að halda meindýrum frá framleiðslu fyrirtækja. Það er réttur neytandans að neysluvaran sé sem best á allan máta," segir Steinar.

„Margir Íslendingar hugsa sjálfkrafa ef minnst er á meindýraeyði að þá hljóti eitthvað að vera að. En það er alls ekki þannig. Forvarnirnar eru einn mikilvægasti þáttur starfsins. Ef þú ert með meindýraeyði þýðir það að þú ert með hlutina í lagi. Þú ert að fyrirbyggja að meindýr komist í matinn sem þú ert að framleiða eða framreiða fyrir neytandann."

Starfsemin er því tvíþætt, annars vegar tilfallandi útköll og hins vegar meindýraeftirlit og forvarnir. „Það eru ekki endilega bara matvælaefyrirtæki og veitingastaðir sem þurfa á svona forvörnum og eftirliti að halda. Flugfélög, skólar, stofnanir og margs konar önnur fyrirtæki sem eru með viðkvæman og dýran búnað þurfa líka að fá eftirlitsþjónustu hjá meindýraeyði til að koma í veg fyrir að nagdýr skemmi leiðslur og þess háttar. Hótel og gististaðir hafa einnig þurft að eiga við veggjalús (bed bugs) og eru því oft með Meindýraeyði Íslands á hraðvali í símanum sínum."

Almenningur getur líka þurft á forvörnum meindýraeyðis að halda: „Til dæmis er ágætis vani að láta eittra húsnæðið sem fólk ætlar að flytja í, því það veit ekki hvaða óæskilegu sambýlingar biða spenntir eftir því. Einnig er sniðugt að láta meindýraeyði eittra á nýja staðnum, sérstaklega ef meindýra varð vart á gamla staðnum, því það kemur í veg fyrir að meindýrin sem flytjast með, nái sér á strik í nýja húsnæðinu."

Silfurskottur geta fylgt jólaskrautinu
„Í desember er mikið hringt í mig út



af silfurskottum. Ástæðan er sú að fólk er búin að geyma jólaskrautið í langan tíma niðri í kjallara og þar geta hafst við silfurskottur án þess að fólk veiti þeim neina athygli. Silfurskottur elskar pappu, blöð og bækur en þær sækja í þetta efni út af sterkuunni sem fylgir því. Það geta kannski 3-4 silfurskottur verið búna að koma sér fyrir í pappakassanum utan um skrautið og svo þegar byrjað er að skreyta eru komnar silfurskottur í íbúðina," segir Steinar og nefnir þarna annað algengt vandamál, tengt hans starfssviði, sem lætur á sér kræla fyrir jólin.

Óvelkomnum gestum fer fjölgandi
Steinar Smári segir að skordýrum hafi fjölgað hér á landi, bæði í tegundum og magni, með auknum fjölda ferðamanna. „Veggjalús hefur fjölgað mikið, sem fyrir segir. Kakkalökkum hefur líka fjölgað og það er reglulega hringt í mig út af þeim. Þá hafa bæst við gestir sem hafa jafnvel ekki fengið íslenskt nafn ennþá. Fyrir ekki löngu fannst hér í fyrsta skipti svokallaður „ghost ant“ og fékk heitið draugamaur," segir Steinar.

Enn fremur hefur köngulóm fjölgað á Íslandi, sérstaklega krossköngulónni, en með hlýrra veðri og auknu skjóli frá stærri trjágróðri hefur henni fjölgað mikið.

„Það eru 84 tegundir af köngulóm á Íslandi. Hins vegar eru geitunga- tegundirnar bara tvær, holugeitungur og trjágeitungur. Holugeitungurinn er minni en bú þeirra eru stærri og þeir eru mun árásgjarnari," segir Steinar Smári og kveður síðan niður algenga bábilju um köngulær:

„Það er oft sagt að þar sem mikið sé um köngulær sé lítið um flugur. En þar sem ég kem til að eittra fyrir köngulóm er yfirleitt mikið um flugur líka, það fara nefnilega ekki allar flug-

ur í vefina. Og svo þegar úðað hefur verið fyrir köngulómum þá hverfa flugurnar líka því eitrið virkar líka á þær."

Góður tækjabúnaður og óreglulegur vinnutími

Meindýraeyðir Íslands leggur metnað sinn í að hafa ávallt nýjasta og besta tækjabúnað sem til er á markaðnum og er því ávallt vel tækjum búinn, ásamt því að halda menntun sinni við og fylgjast með öllum nýjungum á sviði meindýravarna hjá einstaklingum og fyrirtækjum.

„Sem dæmi um tól sem ég þarf að beita er gufubýssa, hitabýssa og skammbýssa annars vegar og hins vegar alls konar ferómón, gildir og

limspjöld. Limbúnaðurinn er á undanhaldi og ég beiti honum bara í neyð og þá undir stöðugu eftirliti. Ég er með mjög góðar dætur til notkunar bæði inni og úti."

Eins og nærri má geta er vinnutími meindýraeyðis mjög óreglulegur en í grundvallaratriðum má segja að Steinar sé alltaf til taks: „Ég loka nú oftast ellefu eða tólf á kvöldin. En ef það er neyðartilvik, til dæmis rotta í svefnherberginu, þá kem ég á vettvang á hvaða tíma sólarhringsins sem er."

Nánari upplýsingar eru á vefsíðunni www.eydir.is og í síma 897-5255. Einnig er hægt að finna Meindýraeyði Íslands á Facebook.



VERKFÆRASALAN:

Hágæða verkfæri beint frá birgjum og framúrskarandi öryggisvörur




Pað hefur verið mikil vöxtur hjá okkur á síðustu misserum, við höfum farið úr einni verslun upp í þrjár á innan við tveimur árum," segir Elvar Aron Sigurðsson, hjá Verkfærasölunni. Verkfærasalan er nú með verslanir að Síðumúla 9 í Reykjavík, Dalshrauni 13 í Hafnarfirði og Dalsbraut 1 á Akureyri. Auk þess rekur hún öfluga vefverslun á vefsíðunni vfs.is en að sögn Elvars Arons fara viðskipti í vefversluninni ört vaxandi.

Verkfærasalan er fyrirtæki sem leggur áherslu á öryggi og kemur það annars vegar fram í því að fyrirtækið selur örugg verkfæri frá traustum birgjum og hins vegar í því að vera með gott úrval af framúrskarandi öryggisvörum.

„Við bjóðum upp á mikið úrval af vörum frá traustum og þekktum birgjum," segir Elvar Aron. Gott dæmi um þetta er hinn virti framleiðandi Milwaukee en Verkfærasalan selur mikið af verkfærum frá þeim. „Við erum til dæmis með klippur fyrir jarðvegkapla, þar er hægt að notast við fjarstýringu og vera þannig í góðri fjarlægð, ef skyldi vera straumur á kaplinum," segir Elvar Aron.

Sem betur fer hafa öryggiskröfur aukist


Verkfærasalan er með mikil úrval af framúrskarandi öryggisvörum. Fyrirtækið selur fallvarnir frá Fallsafe og Skylotec. Meginhlutirnir í þeim eru belti og lína, ekki ósvipað og í fjallaklifri, nema að þessi búnaður er heldur stærri í sniðum. „Sem betur fer eru öryggiskröfur að aukast. Þegar menn eru að vinna á þökum þá verður að vera til staðar einhvers konar fallvörn," segir Elvar Aron. Hann segir að Vinnueftirlitið sé orðið mun virkara en áður fyrr við að framfylgja öryggisreglum og hugsunarháttur starfsmanna hafi breyst til batnaðar. Til dæmis séu yfirleitt allir með öryggishjálma á vinnusvæðum þar sem þörf er á slíku, en Verkfærasalan selur trausta öryggishjálma frá 3M. Einnig eru til sölu heyrnarlífar, ör-




ygjisskór, hnéhlifur, vettlingar, stigar og margt fleira.

Verkfærasalan þjónar bæði stórum og smáum aðilum. Meðal viðskiptavina eru verksmiðjur, byggingarfyrirtæki og verktakar. Allir reiða þessir aðilar sig á fagmannlega þjónustu og vörur sem standast öryggis- og gæðakröfur.

Sjá nánar á vefnum vfs.is



FIRMA VÖRN+



HVAR SEM ÞÚ ERT

Með Firmavörn+ geta stjórnendur fylgst með og stýrt öryggiskerfi, myndeftirliti og snjallbúnaði fyrirtækisins með appi í símanum hvar og hvenær sem er. Stjórnstöð Securitas er á vaktinni allan sólarhringinn, alla daga ársins.

Hringdu í 580 7000 eða farðu á firmavorn.is



SAMSTARFSABILI  ALARM.COM



SMARTAIR™

ASSA ABLOY Smartair Hágæða hótellæsingar fyrir RFID kort. Engar lagnir nauðsynlegar. Fáanlegar með þráðlausri sítingingu. Fyrir læsingar í þýskum staðli eða ASSA-skrár.



ASSA ABLOY

ASSA ABLOY Mikill fjöldi útfærslna og áferða í boði.

Búnaður fyrir hótél

Öryggi, eftirlit og ýmis þægindi fyrir gesti og starfsfólk

Aðgangskerfi, lyklakerfi og lokuð sjónvarpskerfi, fjölbreyttir möguleikar. Þjóðum einnig ýmsar aðrar vörur fyrir hótél s.s. hurðapumpur, aukahluti fyrir salerni, hurðarhúna, töskugrindur, hárbلاسara ofl.



Minibarir Minibarir fyrir hótél. Ýmsar útfærslurog gæðaflokkar, falleg hönnun.



Hotek®
comfort • security • innovation

Hotek Fjöldi lausna í kortalyklakerfum. Frábært verð.



Skápar Verðmætaskápar fyrir hótél. Ýmsar útfærslur og gæðaflokkar.



VÉLAR & VERKFÆRI

Skútuvoði 1c 104 Reykjavík Sími 550 8500 Fax 550 8510 www.vv.is



KRÓKUR:

Sérhæfing í flutningi og björgun ökutækja

Krókur er þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í flutningi og björgun ökutækja. Gísl Jónsson framkvæmdastjóri segir frá því að félagið reki einnig þjónustumiðstöð þar sem veitt er alhliða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða fyrir þá sem þess óska.

„Starfsfólk Króks hefur mikla reynslu og félagið hefur yfir að ráða öflugum bíla- og tækjabúnaði til að sinna þörfum viðskiptavina.“

Helstu þjónustuþættir Króks eru:

- Flutningur, björgun og vistun tjóna- ökutækja.
- Uppboðsmeðferð bifreiða.
- Tjónaskoðun bifreiða.
- Ástandsskoðun og verðmat bifreiða.
- Úttekt á viðgerðum ökutækja eftir stórtjón.
- Björgun, flutningur, vistun, varðveisla og sala lausafjármuna.
- Vegaaðstoð á staðnum, rafmagn, dekk og fleira.
- Þjónusta Króks er aðgengileg allan sólarhringinn alla daga ársins í gegnum síma 522-4600.

Afgreiðslutími bifreiðageymslu og bílauppboðs er frá kl. 8.30–17.00 alla virka daga.

Bílauppboð á vegum Króks

Að sögn Gísla Jónssonar eru bílauppboð örugg, hagkvæm og fljótleg leið til að selja bifreiðar. „Í flestum tilvikum seljast bifreiðar á 3–5 dögum gegn staðgreiðslu. Krókur bílauppboð er viðurkenndur söluaðili sem sér m.a. um sölu á bifreiðum fyrir tryggingafélög og fjármálastofnanir.“

Kostir bílauppboðs eru:

„Við seljum bæði bíla sem eru í góðu ásigkomulagi, en einnig bifreiðar sem þarfnast lagfæringa eða viðgerða. (Ástand bifreiða er tekið fram



í sölulýsingu miðað við fyrirliggjandi upplýsingar). Seljendur þurfa ekki að hafa áhyggjur af því að taka aðrar bifreiðar upp í.“

Uppboðsvöktun er boði fyrir alla þá sem eru skráðir notendur hjá okkur og bjóða í ökutæki og aðra hluti á www.bílauppboð.is. Uppboðsvöktunin virkar þannig að þitt tilboð verður alltaf sjálfkrafa 5.000 krónum hærra en síðasta tilboð frá öðrum – upp að þeirri fjárhæð sem þú hefur skilgreint sem þitt hámarksverð,“ segir Gísl.

Krókur ehf., Vesturhrauni 5, 210 Garðabæ. Sími: 552-4610 Fax: 522-4649.



BENDIR:

Vörurnar sem tryggja heilsu og öryggi veiðihundsins

Pegar farið er á rjúpu eða í aðra skotveiði þá er ekki síður mikilvægt að veiðihundurinn sé vel útbúinn en að veiðimaðurinn sé það. Góðir veiðihundar leggja mikið á sig í veiðiferðum og það þarf að vernda öryggi þeirra og heilsu. Bendir er eina sérsverslun landsins sem selur eingöngu vörur fyrir hunda og sérhæfir sig sérstaklega í vörum fyrir veiðihunda og vinnuhunda. Eigendur eru hjónin Einar Páll Garðarsson og Sigríður Oddný Hrólfsdóttir. Þau hafa áratuga reynslu af þjálfun og umgengni við vinnuhunda og veiðihunda, og miðla af mikilli þekkingu til viðskiptavina verslunarinnar. Einar Páll, sem ávallt er kallaður Palli, fer hér yfir nokkur helstu öryggistæki fyrir veiðihunda. Nánari upplýsingar um allt vöruúrvalið eru síðan á vefsíðunni bendir.is.

Hlífðar- og sýnileikavesti

„Eitt mikilvægasta öryggistækið fyrir hundinn er hlífðar- og sýnileikavesti. Þetta snýst ekki bara um að hundurinn sjáist í myrkri því maður veit aldrei hver er á ferðinni á fjalli, oft geta það verið vopnaðar veiðiskyttur, og viðkomandi getur hæglega ruglað saman hundi og tófu úr fjarlægð, sé hundurinn ekki merktur með þessum hætti. Hundurinn þarf að vera vel merktur svo ekki fari á milli mála að veiðihundur sé á ferðinni,“ segir Palli. Margt konar hlífðarvesti gegna þessu hlutverki en eitt þeirra er Flecta-varmavestið sem auk þess að gera hundinn sýnilegan heldur á honum hita.

Hlífðarsokkar

„Þegar veiðimenn eru að þjálfa hundana sína á það sér oftast stað á heiði eða rétt fyrir utan bæinn, þar sem jarðvegurinn er oft gras eða mosi, einstaka sinnum grjót. Á þessu hefur hundurinn verið að hlaupa í nokkra mánuði en svo loksins þegar kemur að sjálfri veiðiferðinni þá er hún mikið yfir grjót, urð, skriður og hraun – þá mæðir á þófum hundsins. Menn tapa hund-

inum sínum á fyrsta degi í rjúpu þannig að hann er kannski ekki nothæfur í tvær þrjár helgar af því að hann er sárfættur. Þetta er eins og farið sé með ostaskera undir þófa hundsins og flett af,“ segir Palli og nefnir til sögunnar tvenns konar hlífðarsokka, frá Cordura og Mendota: „Hinir fyrrnefndu henta á grjót og urð en þeir síðarnefndu á snjó og snjóskel sem myndast þegar snjór hefur legið lengi á fjöllum, þá myndast hörð skel ofan á sem hundurinn rennur niður í gegnum – og naglaböndin á hundinum verða eitt blóðstykki. Þó að hundurinn sé með drif á öllum fjórum eins og góður jeppi þá eru framfæturnir hans bæði stýri og bremsur og það mæðir gríðarlega á þeim.“

Palli bendir jafnframt á að góður veiðihundur fari yfir miklu lengri vegalengd en veiðimaðurinn: „Í góðu göngufæri hefur meðal rjúpnaskyttta gengið um 20 kílómetra á meðan standandi fuglahundur eða rjúpnahundur getur farið yfir allt frá 70 upp í 120 kílómetra á sama tíma, þar sem hann leitar, bendir á bráð, hleypur, sækir o.s.frv.“

Ljós og flautur

Einn grundvallarpáttur í öryggi hundsins eru góð ljós, vatnsheld og með langa rafhlöðuendingu. Fox 40 ljósin uppfylla þessi skilyrði. Þau geta lýst allt að 8 kílómetra í myrkri og það er 100 þúsunda klukkustunda ending á perunni. Með stöðugu blikki logar ljósið í 10 sólarhringa stanslaust.

Palli bendir enn fremur á mikilvægi þess að vera með góða flautu. Í miklum vindi heyrir hundurinn ekki þó að eigandinn gargi á hann en flauturnar eru 110 upp í 122

desibel – og tryggt er að hundurinn heyrir í þeim.

Þá má nefna burðarpoka sem hægt er að setja á hundinn og láta hann deila byrðinni með veiðimanninum ef vel hefur veiðst og mikið þarf að bera til byggða.

Bendir er til húsa að Hlíðasmára 13, Kópavogi. Verslunin er opin virka daga frá 10 til 18 og laugardaga frá 11 til 15. Nánari upplýsingar eru á vefsíðunni bendir.is og þar er líka vefverslun sem sendir hvert á land sem er.



Prolan stoppar ryðið og endist lengi

Velkomnir í hellinn minn," segir Smári Hólm kankvís þegar hann tekur á móti blaðamanni og myndatökumanni í húsnæði sínu að Rauðhelli 1 í Hafnarfirði. Smári Hólm rekur þar lítið en afar kröftugt ryðvarnarverkstæði ásamt eiginkonu sinni og samstarfsfélagi, Sigríði Ragnarsdóttur.

Smári Hólm sinnir jöfnum höndum bilum fyrir bílaumboðin, bílaflota fyrirtækja og bílum einstaklinga. Hann segir nýja bíla vera ótrúlega fljóta að ryðga. Annar billinn sem búið er að lyfta upp þarna inni er nýr sýningarbill frá umboði og ekki enn kominn á númer. Smári sýnir okkur merkilega marga ryðbletti undir þessum splunkunýja bíl. „Það er bara enginn bíll hannaður fyrir íslenska veðráttu og saltið á götunum fer strax að éta sig inn í þá. Auk þess fer ál sérstaklega illa og tærast mun hraðar en stál," segir Smári.

Ég bið Smára Hólmi um að lýsa ryðvarnarferlinu:

„Ég tek bílana inn daginn áður og þurrka þá í miklum hita til að ná kjörhitastigi áður en Prolan er borið á þá. Billinn verður að vera alveg skraufþurr og heitur. Áður en ég hef lokið við að þurrka hann lyfti ég honum upp, tek dekkinn undan honum, tek allt plast utan af honum, tek pönnurnar undan honum. Svo þegar ég er búinn að hreinsa allt sem ég get tekið undan bílnum þá blæs ég hann með háþrýstilofti.“

Töfraefnið Prolan

Smári Hólm notast eingöngu fyrir hið frábæra ryðvarnarefni Prolan en hann er umboðsaðili fyrir það á Íslandi:

„Ryðið sem er komið til dæmis í bíl drekkur í sig Prolan-vörnina sem endist síðan von úr viti sem forvörn því hún liggur á bílnum og hrindir stöðugt frá honum vatni. Kemur í veg fyrir að súrefni og vatn komist að járninu. Þess vegna skiptir svo miklu máli að billinn sé þurr þegar borið er á hann.“

Meðfylgjandi myndir sýna dæmi um ótrúlega virkni Prolan á hluti sem virðast ónýtir og ekki annað í stöðunni en að kaupa nýja. En Prolan gerir kraftaverk á veðruðum og illa ryðguðum hlutum.

Af hverju Prolan-ryðvörn?

- Myndar þykka sterka filmu.
- Binst við yfirborð og myndar sterka vörn í lengri tíma.
- Hægt að stöðva ryðmyndun sem hafin er.

Yfirborðið myndar filmu og stöðvar yfirborðsaðgengi súrefnis og vatns.

- Myndar ekki rafleiðni upp að 70kV og nýtist því vel þar sem glimt er við rakavandamál í rafmagn.



■ Þolir háþrýstipvott allt að 170bör eftir að hafa tekið sig.

■ Efnið hefur gott þol gegn vægum sýrum, salti, áburði og fjölmörgum öðrum tæringarefnum.

■ Vottað af NSF til notkunar í matvælaframleiðslu og uppfyllir flokkun H1 í því tilfalli.

■ Hefur góða smureiginleika fyrir hreyfanlega hluti, m.a. í kopar- og nælonfóðringu.

■ Hefur almennt ekki áhrif á gler, lakk eða aðra yfirborðsmeðhöndlaða fleti.

Alltaf í bílnum

„Ég fæddist með smurkönnu í annarri hendi og skiptilykilinn í hinni. Pabbi var mikill jeppakall, ég fór mikið með honum á fjöll og fékk að keyra fyrst sjö ára. Ég er búinn að vera á kafi í jeppamennsku alla mína ævi en hef tekið mér hlé frá henni síðustu árin," segir Smári.

Verkstæðið hans hér að Rauðhelli 1 er opið frá 8 til 17 virka daga.

Gott er að fara inn á heimasíðuna hjá Smára Hólmi


WWW.smariholm.com til að sjá hvar Rauðhella 1 er í Hafnarfirði.

Panta þarf tíma símleiðis í 788-5590 og getur biðtíminn verið nokkuð langur. Smári er eftirsóttur í bransanum enda hefur hann afar gott orð á sér:

„Ég kappkosta að vinna af mikilli fagmennsku. Ég er líka búinn að vera í jeppa- og bilageiranum alla mína ævi.“

Sjá nánar á Facebook-síðunni <https://www.facebook.com/prolan-rydvorn/> og vefsíðunni <https://www.smariholm.com/>.





ÞÚ STJÓRNAR
VIÐ VÖKTUM

SNJALLÖRYGGI



MEÐ HEIMILIÐ Í HENDI ÞÉR
- HVAR SEM ER

SNJALLÖRYGGI

Kynntu þér málið á Snjalloryggi.is



Kynntu þér málið á Snjalloryggi.is



ÖRYGGISMIÐSTÖÐIN:

Snjallöryggi er ný kynslóð öryggiskerfa

Öryggismiðstöðin var stofnuð árið 1995 og hefur því langa og góða reynslu á sviði öryggisþjónustu. Hjá Öryggismiðstöðinni fæst allt frá A til Ö fyrir öryggismál heimila og fyrirtækja og þar er boðið upp á alla öryggisþjónustu.

„Snjallöryggi er ný kynslóð öryggiskerfa fyrir heimili og minni fyrirtæki,” segir Kristinn Loftur Einarsson hjá Öryggismiðstöðinni.

„Snjallöryggi er öryggiskerfi sem er komið í simann hjá þér og þú ert með app sem stýrir kerfinu. Þú getur skoðað stöðuna á kerfinu, getur tekið það af verði í gegnum appið, séð hitastig á öllum skynjurum og búið til snjallreglur. Snjallreglurnar eru mjög sniðugar þegar þú ert með börn, þá er barnið með flögu sem það ber að skynjara kerfisins til að taka það af verði. Þú getur þá útbúið reglu sem lætur kerfið senda þér tilkynningu um að kerfið hafi verið tekið af verði.”

Í kerfinu eru tveir einstaklingar settir upp sem aðalnotendur, þeir geta breytt, sett upp snjallreglur, bætt við tengiliðum og búnaði, viðbætur og annað slíkt eru mjög einfaldar aðgerðir. Í heildina geta verið 32 notendur skráðir í kerfið, þannig að Snjallöryggi hentar vel fyrir minni fyrirtæki.

Með Snjallörygginu er einnig hægt að taka kerfið af á fyrirfram ákveðnum tíma, þegar vitað er að von er á umgangi. Snjalllás er viðbót, „þá get ég opnað hurð í gegnum símann hjá mér, til dæmis þegar ég veit að iðnaðarmaður er að koma eða tengdó í heimsókn og þá tek ég kerfið af líka,” segir Kristinn.

Hægt er að stjórna heimilistækjum með snjalltengi, til dæmis ef það gleymist að slökkva á heimilis-

tæki sem er í gangi.

Snjallöryggið er tengt í gegnum netið og með GSM hringibúnaði sem varaleið, enda flestir hættir með landlínu. „Við erum mikið í því núna að aðstoða viðskiptavinum við að skipta út kerfum, svona svipað og þegar fólk fór úr túbusjónvarpi yfir í flatskjá. Mjög einfalt er að skipta um þjónustuaðila og við hjá Öryggismiðstöðinni sjáum um ferlið frá A-Ö.”

Staðalbúnaður er hreyfiskynjari með innbyggðri myndavélalínu, allir fá sér minnst einn slíkan skynjara. „Þá sérðu ef/þegar kemur útkall frá kerfinu hvort það er barnið þitt sem gleymdi að taka kerfið af eða óboðinn gestur. Einnig er hægt að bæta við HD myndavélum, ef vélarnar eru orðnar margar, þá er skynsamlegra að fá sérstakt myndavélakerfi.”

Söluráðgjafi gerir sérstaka þarfagreiningu fyrir hvern viðskiptavin, og ef þörf þykir á þá er farið heim til fólks og aðstæður teknar út sérstaklega. Sérþjálfaður tækniamaður sér um uppsetningu og getur þá jafnvel komið með tillögum að breytingum.

Öryggismiðstöðin selur allt sem tengist öryggismálum: „Við erum með gæslu, tækniþjónustu, vörur frá einföldum heimakerfum upp í flókin aðgangskerfi fyrir risastórar fasteignir, eftirlitsmyndavélakerfi svo fátt eitt sé nefnt,” segir Kristinn.

Öryggismiðstöðin er að Askalind 1, Kópavogi. Verslunin er opin virka daga frá kl. 9-17. Síminn er 570 2400 og netfangið er oryggi@oryggi.is.



ÞÚ STJÓRNAR
VIÐ VÖKTUM

SNJALLÖRYGGI

UPPSETNING ER INNIFALIN OG FRAMKVÆMD AF TÆKNIMANNI OG ÞVÍ EINUNGIS GREITT MÁNAÐ-ARGJALD, 3 SKYNJARA KERFI ER Á 5.900 KR., 5 SKYNJARA KERFI ER Á 6.900 KR. OG 7 SKYNJARA KERFI 7.900 KR. EFTIR ÞAÐ ER GREITT FYRIR VIÐBÆTUR.



SKIPTU Í SNJALLARA
ÖRYGGISKERFI



MÝKRI - STERKARI - ÞYNNRI
SKYNDJAFÐU NÁNDINA



SKYN ER BYLTING:

Eins og að vera ekki með smokk

Umræðan um smokkanotkun er enn allt of mikið tabú og því miður hefur kynsjúkdómatalfellum fjölgað mjög mikið hér á landi undanfarin ár. Við erum til dæmis með einn mesta fjölda klamidíu-smits í heiminum og kynsjúkdómar sem voru nánast horfnir eru farnir að stinga upp kollinum aftur, til dæmis sárasótt. Of lítil smokkanotkun er stór orsakavaldur hér," segir Jón Guðmundsson hjá innflutningsfyrirtækinu Nordica ehf. sem flytur inn hina byltingarkenndu SKYN-smokka.

SKYN-smokkarnir komu á markað í ágúst hér á landi og margir vilja meina að með tilkomu þeirra sé skrifaður nýr kafli í sögu kynsjúkdóma- og þungunarvarna: „Sagt hefur verið að SKYN sé ein mesta bylting á smokkamarkaði síðan smokkurinn var uppgötvaður, þar sem efnablandan sem var þróuð í þennan smokk líkist húð og maður finnur vart fyrir því að smokkurinn sé til staðar. Þeir sem áður hefur þótt óþægilegt að nota smokk munu ekki upplifa það með SKYN," segir Jón.

Latex-ofnæmi: Afar óþægilegt og upp í að vera lífshættulegt

Annar afar mikilvægur eiginleiki SKYN-smokkanna er sá að þeir eru latex-fríir. Afar lítið er um latex-fría smokka á markaðnum. „Latex-ofnæmi er orðið miklu útbreiddara vandamál en áður þekktist en orsökina kann að vera aukin greining á því. Bæði karlar og konur geta verið með latex-ofnæmi sem gerir þeim ókleift að nota latex-smokka. Ég þekki dæmi um konu sem hélt að hún væri að fá þvagfærasýkingar eftir hvert skipti sem hún stundaði kynlíf og var alltaf á sýklalyfjum. Svo kom í ljós að erting vegna snertingar við latex kallaði fram þessi ofnæmisviðbrögð," segir Jón.

Í grein á vef Astma- og ofnæmissamtakanna kemur fram að latex-ofnæmi sé tvíþætt, annars vegar snertiofnæmi sem er hvítleitt og hins vegar bráðaofnæmi sem getur verið lífshættulegt. Af þessum ástæðum eru viðbragðsaðilar á borð við sjúkráflutningafólk og lækna hættir að nota latex-hanska við störf sín.



Gamlar smokkakvartanir hverfa

„Við bjóðum upp á fjórar gerðir af latex-fríum smokkum og verksmíðjan þar sem þeir eru framleiddir meðhöndlar ekkert latex þannig að engin hættu er á að framleiðslan geti innihaldið latex fyrir slysi. Framleiðendur SKYN hafa hannað glænýtt efni til notkunar í þessa framleiðslu, polyisoprene. Það gerir smokkana áþekka húð í viðkomu og eykur gífurlega næmni við samfarir svo tilfinningin er sú að maðurinn sé ekki með

smokk," segir Jón.

Gamlar kvartanir um smokkanotkun, óþægindin af þeim, daufari undastilfinningu og hugsanlega ofnæmi, eiga ekki við lengur.

SKYN-smokkarnir eru til sölu í öllum verslunum Lyfju á landinu, öllum verslunum Heilsuhússins og Íceland verslunum um land allt. Nánari upplýsingar um sölustaði sem og margs konar fróðleik um þessa byltingarkenndu smokka er að finna á vefsíðunni feel-everything.is.


SKYN



„Þetta er alltaf eins og spark í kjaftinn á manni“

■ Átta karlmenn mynda chilimatarklúbb austur á fjörðum
 ■ Þegar þeir hittast er nóg til af klósettpappír á heimilinu

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
 lilja@dv.is



Allur okkar matur er svo sterkur að það er nánast ekki hægt að éta hann. Þetta er hálfgerð pungakeppni þar sem við keppumst við að reyna að halda andlitinu. Þetta er mjög skemmtilegt,” segir Egilsstaðabúinn Guðmundur Bj. Hafþórsson. Hann er einn af átta karlmönnum sem skipa sérstakan chilimatarklúbb austur á fjörðum. Eins og nafnið gefur til kynna er chilipipar heilagur kaleikur klúbbsins.

„Fyrst þegar við stofnuðum klúbbinn keyptum við fullt af ferskum chilipipar, til dæmis habanero og jafnvel sterkari pipar en það. Þetta átti að vera þrepaskipt smökkuun þar sem fyrst yrði smakkaður daufur chili, svo aðeins sterkari og loks mjög sterkur. Nema ég greip óvart sterkasta í þrepi tvö og hélt að ég myndi drepast. Þá rauk ég beint í mjólkina. Hún er alltaf til þegar við hittumst,” segir Guðmundur, oftast kallaður Gummó.

Engin kona sótt um inngöngu

Í klúbbum eru tveir Norðfirðingar, einn Húsvíkingur og fimm Egilsstaðabúar. Klúbburinn var stofnaður í fyrra og var það í raun ástin á chili sem sameinaði þessa átta karl-

menn.

„Ég hafði mikla ást á chili og hitti annan í vinnunni sem deildi þessari ást. Síðan bættust samstarfsfélagar Bjarna yfirkokks við. Þetta er samt alls ekki lokaður klúbbur og góðir vinir eru hjartanlega velkomnir,” segir Gummó, en kvenmenn hafa ekki sýnt því áhuga að ganga í hópinn enn sem komið er.

„Það hefur engin kona viljað taka þátt. Þær eru eitthvað smeykar við þetta. Það eru fáar konur sem ég þekki sem þola mikið af chili. Ég veit ekki af hverju það er. Ég man allavega ekki eftir neinni sem ég hef hitt sem hefur þolað mikið magn af chilipipar.“

Hráefni sótt suður

Gummó segir mikinn undirbúning fylgja hverju matarboði klúbbsins og því þurfi að festa niður dagsetningar með góðum fyrirvara.

„Við getum bara keypt rauðan og grænan chili hér fyrir austan þannig að við þurfum að leita suður eftir hráefni. Við þurfum því að plana þetta vel og getum ekki tekið skyndiákvörðun á fimmtudegi um að halda matarklúbb á laugardegi,” segir Gummó. „Dagurinn er mjög skemmtilegur. Við hittumst snemma og spjöllum og erum búnir að undirbúa daginn með margra vikna fyrirvara. Við nýtum

„Ég býst við að aðeins um hálf prósent landsmanna geti borðað þennan mat.“

undirbúningstímabilið í að við að okkur hráefni sem þarf í matinn. Síðan hittumst við og fáum okkur kaldan bjór í rólegheitum – einn Porter, Stout eða IPA – góðgæti, sko. Svo byrjum við að elda. Sumir eru með ástríðu fyrir eldamennsku og sumir með ástríðu fyrir chili,” segir Gummó og bætir við að hann undirbúi sig vel fyrir matarboðin.

„Ég byrja í ferli um tveimur vikum fyrir matarboðið að gera allan matinn minn sterkari. Maður stekkur ekki bara til daginn fyrir og gúlfar í sig chili,” segir hann og hlær.

Drap nánast hálf líðið

Matarklúbburinn hittist í heimahúsum og skiptast meðlimirnir á að vera gestgjafar. Áttmenningarnir leggja kapp á að elda bragðgóðan mat en ekki aðeins ganga fram af hver öðrum í sterkeika. En auðvitað verður maturinn gríðarlega sterkur, enda strákarnir orðnir ýmsu vanir.



„Þetta er alltaf eins og spark í kjaftinn á manni,” segir Gummó og hlær. „Ég býst við að aðeins um hálf prósent landsmanna geti borðað þennan mat. Eins og gefur að skilja þegar svona matur er gerður verður asískur matur oft fyrir valinu. Ég man mjög vel eftir því þegar einn okkar gerði mjög sterkan Vindaloo-kjúkling sem drap nánast hálf líðið,” segir Gummó.

Mikil og góð hreinsun

Gummó segir þessi matarboð ávallt skilja eftir sig ljúfar minningar – og að salernið sé í mikilli notkun þessi kvöld.

„Við fáum styrk frá hver öðrum. Það er hamingja og gleði í þessu.

Við tökum góðan tíma í þetta allt og höfum alltaf nóg af klósettpappír á heimilinu. Það getur alltaf komið upp eitthvert ástand,” segir Gummó. „Og pappírinn verður að vera þriggja laga – allt annað er vont, sjáðu til.“

Klúbburinn hélt síðasta matarboð laugardagskvöldið 20. október og var ýmislegt á boðstólum, eins og meðfylgjandi myndir sýna. Meðal þess sem var borið fram var rötsterk fiskisúpa, Spice Girls-kjúklingavængir og nautaleggur á beini. Gummó segir kvöldið hafa tekist með eindæmum vel.

„Þetta var í einu orði sagt geggjáð. Og mikil og góð hreinsun.“

Jóhann keyrði aftan á bíl og
 tagnaði á hálsi.

Hann fékk 3,7 m.kr. í bætur.

Lifðu lífinu - Við sækjum bæturnar.

SLYSABÆTUR.IS





MYKIND BÆTIEFNALÍÑAN FRÁ GARDEN OF LIFE ER LÍFRÆN,
VEGAN OG LAUS VIÐ ÖLL AUKAEFNI

Þara það besta fyrir þig og Móður jörð!



Mykind línan var hönnuð með það að leiðarljósi að velja aðeins bestu mögulegu hráefnin og meðhöndla þau þannig að næringin skilaði sér sem best.

Gæði bætiefna skipta öllu máli.

Þau sem eru búin til úr fæðu eins og þessi er líklegra að líkaminn nái að nýta að fullu. Öll línan er 100% vegan og inniheldur því engar dýraafurðir. Meira að segja D3 og B12 vítamínin eru vegan en þessi tvö er oft erfitt að fá vegan í bestu formunum.

EITTHVAÐ FYRIR ALLA

Hvort sem þig vantar fjölvítamín, B12, járn, D3 vítamín, steinefni eða C vítamín

Allt lífrænt - allt vegan

Uppskriftir chiliklúbbsins



Brjáluð sósa – Slatti af öllu

barbeque-sósa
Franks hot sauce
Ghost pepper sósa
Scorpion sósa

smá ólífuolía
Allt hrært saman og bragðað til. Haft með vængjunum.

Sturlaðir kjúklingavængir a la Spice Girls

Skerið vængendann af, og skerið um líðinn á vængnum þannig að hann fari í tvo bita. Takið heilheiti og blandið við það broddkúmen, Garam Masal, papriku og chilidufti. Veltið vængjunum upp úr hveitinu og steikið á pönnu þar til þeir verða fallega brúnir. Setjið á ofnrist á 200°C í klukkutíma – þá verða þeir vel stökkir og geggjáðir.



Gráðaostasósa

Takið gráðaost og setjið í töfrasprota ásamt hvítlauki, grískri jógúrt og safa úr einu súrldini. Maukið og setjið í skál. Skerið niður sellerí. Veisla.



Nautaleggur á beini

Hráefni:
12 chili með kjarna, meira af rauðum en grænum
ca. 60 þurrkaðir chili, 4 tegundir
1½ hvítlaukur
stórt stykki engifer
3 laukar
1 dós chilibaunir
nokkrar skeiðar af Dijon skvettur af Lefever HotSauce
tómátþúrta
askja af ferskum smátómötum
pípar og salt
1 flaska Myrkví Stout olía



Aðferð:
Setja kjötið í pott og sturta Myrkva út í. Olía yfir kjötið sem og Dijon, chilibaunir, tómátþúrta og Lefever HotSauce. Kryddið. Skera allt annað niður (ekki hvítlaukinn, hafa geirana heila) og setja í pottinn. Við ætluðum að sjóða hann

við 60°C í 12 tíma og láta duga, beljan var eitthvað þrjósk og gáfumst við upp eftir 14 tíma, þar af á 200°C síðustu tvo tímana. Skárum kjötið af beininu og sturtuðum öllu maukinu í pott og suðum í 1½ tíma. Kjötið varð fullkomið og við rifum það niður í réttinn.

Köld sósa með réttinum

1½ dós grísk jógúrt
¾ af gúrku
3 hvítlauksgeirar, kramdir

síróp, dass – lítið í einu
soja, dass – lítið í einu
salt og pípar

Naan-brauð

Hráefni:
11,8 g þurrger
2 dl ylvogt vatn
600 g hveiti (Manitoba)
1 msk. maldonsalt
4 msk. ólífuolía
180 g hrein jógúrt/súrmjólk/grísk jógúrt
½ msk. kúmin
½ msk. garam masala
1 tsk. chiliduft
25 g smjör



Aðferð:
Hrærið öllu gumsinu saman og látið hefast í klukkustund. Fletjið út á bökunarpappír og látið hefast í ca. 90 mínútur þannig að þetta verði mitt á milli hefðbundins

Naan og hamborgarbrauðs. Þetta er gert sérstaklega fyrir þennan rétt. Bræðið smjör í potti og setjið helling af hvítlauki saman við, þetta er notað til að pensla brauðið þegar það er grillað, hafið Maldon við höndina og sáldrið yfir þegar búið er að grilla brauðið og pensla aftur.

Chilimauk

Tvær lúkur af þurrkuðum chili settar á vel heita pönnu og vel af ólífuolíu. Þegar chili hefur verið á pönnunni í dálítinn tíma eru það sett í töfrasprotakönnuna ásamt hvítlauki og salti og pípar. Maukað vel og boríð fram með nautinu.

Fiskisúpa chiliklúbbsins

Hráefni:
rauðlaukur
bláulaukur
gulrætur
hvítlaukur
engifer
galangal
sitrónugras
Kafir Lime-lauf
rauð pakrika
þurrkaðir sveppir
þurrkaður chillipípar
safi úr 4 súrldinum
fiskisósa
humarskeljar
2 dósir kókosmjólk
Mae Pranom Thai Chili Paste
Shrimp Paste með Soya Bean olíu
Tom yum paste
rækjur
þorskur
silungur

Aðferð:
Magn grænmetis fer eftir magni súpunnar og tilfinningin og hjartað ræður því. Svissa grænmeti á pönnu og koma í pott ásamt vatni sem flýtur vel yfir. Svissa humarskeljarnar vel og henda í pottinn. Kreista súrldinsafa í pottinn og bæta þurrrefninu í, s.s. þurrkuðum sveppum og chili. Krydda með salti og pípar. Bæta við til að byrja með 1 msk. af fiskisósu allt



20%

afsláttur

Yuup sjampó fyrir hunda og ketti

(án SLS, SLES, þalata og parabena)

Yuup!



gæludýr.is

www.gaeludyr.is

HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir
íbúðir í skammtímaleigu



Flogið á vængjum ástarinnar

Við á Fókus elskum ástina og ný pör og nýlega barst okkur til eyrna að tvær af föngulegustu konum landsins væru gengnar út.

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Arna Ýr Jónsdóttir, fyrverandi Ungfrú Íslands og Miss Universe Iceland, sem starfar sem flugfreyja hjá WOW air og Vignir Þór Bollason eru par sem tekið er eftir. Vignir Þór starfar sem kírópraktor og er sá eini hér á landi sem hefur lokið þjálfun í svokallaðari Webster-tækni, sem er sérhæfð meðferð fyrir óléttar konur.



Bárna Jónsdóttir kom, sá og sigraði þegar hún keppti á bikarmótinu í fitness í nóvember í fyrra. Þar vann hún þrjá titla á mótinu, fyrst kvenna til að ná þeim árangri eftir að hafa æft íþróttina í aðeins fimm mánuði. Bárna sem starfar sem flugfreyja hjá WOW air gengur undir nafninu Bárna beauty, en hún er algjör snillingur þegar kemur að förðun, bæði hefðbundinni og hrekkjavökuförðun.

Saumastofa ÍSLANDS



TÖKUM AÐ OKKUR MERKINGAR OG FATAVIÐGERÐIR

EINNIG FRAMLEIÐSLU Á MINNI OG STÆRRI VERKEFNUM

MALARHÖFÐA 2, 110 REYKJAVÍK




Bárna skráði sig í byrjun september í samband með Benedikt Hlökkverssni, sem er sex árum yngri en hún. Fókus þekkir því miður engin deili á honum fyrir utan að þau virðast deila áhuganum á ræktinni.

ÓSAL

Varahlutaverslun og þjónusta

ÓSAL VARAHLUTAVERSLUN

TANGARHÖFÐA 4 | www.osal.is
110 REYKJAVÍK | osal@osal.is
SÍMI 515 7200 | FAX 515 720



Ósal sérhæfir sig í þjónustu og varahlutasölu í aftanivagna af öllum gerðum. Allt frá ljósaperum upp í vagnöxla.

Ásetning á bremsuborðum. Bilanagreining í bremsukerfum vagna. Stilling á loftventlum. Sérpantarir á varahlutum.

KOMDU Í PIZZU



Eldofninn er í Grímsbæ við Bústaðaveg

KÍKTU Á NÝJA VEFINN OKKAR www.eldofninn.is

Eldofninn

ÍSRÖR




Hjá Ísrör færðu einangruð hitaveiturör frá LOGSTOR

- Stálrör
- Stálfittings og samsetningar
- Pexrör
- Pexfittings og samsetningar
- PexElextra sveiganlegri plaströr
- Pexfittings og samsetningar

Og svo allt annað sem þarf til hitaveitulagna

ÍSRÖR



Nýtt hjá ÍSRÖR

Bjóðum nú kaldvatnslagnir PE-100 og PE-80 ásamt tilheyrandi fittings

Bjóðum einnig snjóbræðslurör PP og PE

Líklega besta verðið

Hringhella 12, 221 Hafnarfjörður · Sími 565 1489 · isror@isror.is · www.isror.is

„Þetta er eins og að hjóla niður stiga með ís í dollu“

■ Sópaði rykinu af píanóinu eftir sextán ár
■ Þótti geislafræði ferleg hugmynd

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is



Að vera hrædd og að þora ekki er svo ótrúlega eðlilegt þegar þú ætlar að elta draumana þína. Það er svo margt sem getur farið úrskaiðis, en það er líka svo margt sem getur gengið upp. Fyrsta skrefið er alltaf erfiðast því það þýðir að þú ert farinn af stað,” segir söngkonan og lagahöfundurinn Eva Björk Eyþórsdóttir.

Eva hefur vakið mikla athygli undanfarna mánuði og gaf nýlega út myndband við sitt fyrsta lag, *This is It*, við góðar undirtektir. Eva er þaulreynd í faginu og hefur spreytt sig í einsöng, tríóssöng, kór- eða bakraddasöng. Hún byrjaði að læra á píanó í öðrum bekk í grunnskóla og á unglingsaldri var hún í rokkhljómsveitinni Karlmannsgrey í konuleit sem spilaði rómantískar ballöður í bland við ýmislegt fleira. Seinna meir gekk hún til liðs við kór og hóf feril í bakraddasöng árið 2013.

Fór að elta stráka

„Ég hef sungið síðan áður en ég kundi að tala,” segir Eva, „Það eru til upptökur af mér, eins og hálfss árs gamalli, að syngja hástöfum. Ég hélt alltaf tónleika uppi á stofuborði. En ég er líka alin upp í sveit og tilhugsunin um að fara og elta söngkonudrauminn þótti mér mjög óraunsæ, þannig að ég fór að elta stráka í staðinn,” segir Eva og hlær.

Að sögn Evu voru aðrir hlutir sem ýttu stóra draumnum til hliðar, þó svo að hjarta hennar hafi ekki verið í þeim verkefnum. „Ég hafði ákveðið mjög snemma að eltast aldrei við þetta. Ég var ekki nógu góð söngkona. Ég bjó á hjara veraldar og ég átti, eins og allir í kringum mig, bara að finna mér eitthvað praktískt nám sem gæfi mér almennilega vinnu,” segir Eva sem byrjaði ung að vinna að þessu „plani B”. Eva lærði félagsfræði í menntaskóla en endaði á því að útskrifast af viðskiptabroti. „Svo fór ég í geislafræði í eitt ár, sem var ferleg hugmynd. Þá fór ég í förðunarnám og endaði svo í kennaranámi,” segir hún.

Eva segir sig hafa verið týnda á þessu tímabili. „Ég týndi alveg þessari stelpu sem samdi lög og texta eins og ekkert væri auðveldara. Ég var alltaf í einhverri örvæntingu að leita að einhverju til að gera, námi sem hentaði mér eða vinnu sem mér þætti

skemmtileg þótt ég vissi inni við beinið alveg nákvæmlega hvað ég vildi. Ég bara þorði ekki. Þorði ekki að taka skrefið. Eitt skref þýddi annað skref og annað skref og svo koll af kolli,” segir Eva.

Kröfurnar meiri í dag

Það var ekki fyrir en Eva náði 32 ára aldri sem hún fékk yfirþyrmandi þörf til þess að gera meira, sem hún segir hafa verið sína köllun. Þá dustaði hún rykið af píanóinu og tók skrefið sem

hún hafði ekki lengi þorað. „Ég þurfti að búa til meiri tíma fyrir mig. Svo ég hætti í kórnum og fór að spila aftur á píanóið sem ég hafði ekki snert í einhver sextán ár. Hægt og rólega fór ég að finna mig aftur en á enn langt í land,” segir Eva og tekur fram að það sé allt annað en áreynslulaust að syngja og spila á hljóðfæri á sama tíma. „Þetta er eins og að hjóla niður stiga með ís í dollu. Þetta er svö mikil samhæfing og það að syngja ofan á allt er áskorun út af fyrir sig. Það

er afar erfitt en mjög gefandi og skemmtilegt.”

Eva ræðir ýmsar jákvæðar breytingar sem hafa komið upp í tónlistarbransanum á undanförunum árum. „Ég er þakklát fyrir að tónlistarbransinn virkar þannig í dag að þú þarft ekki að gefa út tuttugu laga plötu til þess að koma hér á framfæri. Þú getur gefið út eitt lag í einu. Þú þarft ekki að fara í rándýrt

stúdíó lengur. Þú hefur miklu meira rými til þess að finna út þitt einkenni og þinn eigin stíl. Þetta er orðið miklu einfaldara. En samt eru kröfurnar orðnar miklu meiri. Það þýðir varla að fara út í söng nema maður sé með frábæra rödd,” segir hún.

Að sögn Evu hefur hún þroskast heilmikið á liðnum árum. Einnig segir hún að öll reynsla hennar og allt sem á undan hefur gengið hafi mótad þá söngkonu sem hún er í dag. „Ég sé kannski mest eftir að hafa eytt allri þessari orku og öllum þessum tíma í hluti sem skiptu mig ekki máli og sé eftir því að hafa bara ekki stokkið fyrir af stað. En þessi vegferð endurspeglar samt hver ég er, svo ég er ótrúlega þakklát fyrir hana,” segir hún. Ég hef sagt ótal sinnum að ef það sem þú gerir veitir þér hamingju haltu þá áfram. Hlustaðu á hvað hjartað þitt segir þér, því það hefur oftast rétt fyrir sér.“

Athyglisverðir punktur



Sum fyrirtæki senda bara starfsmann út í búð. Það kostar ekkert því hann er hvort sem er í vinnunni



Ávextir alla daga vinnuvikunnar kosta um 550 kr. á mann. Hamborgaratilboð kostar hátt í 2.000 kallinn, einu sinni.



Ávaxtabiti um miðjan morgun eða um nónið, getur bjargað deginum þegar starfsmenn eru orðnir orkulausir. Vinnuveitendur geta hagnast nokkuð á því.



Þegar fyrirtæki eru í áskrift hjá Ávaxtabílnum, þurfa þau aldrei að muna að panta – ávextirnir koma bara.



Ef fyrirtæki í áskrift vill breyta pöntun sinni, er hún kölluð fram á heimasíðu okkar, breytt og send inn – gæti ekki verið einfaldara.



Fyrirtæki í áskrift fá 20% afslátt af veislubökkum okkar.



Starfsmenn Múlalundar sjá um alla tiltekt ávaxtanna fyrir Ávaxtabílinn og fá svo að sjálfsögðu ávexti upp á borð hjá sér alla vikuna



Þess vegna löðumst við hvert að öðru

Hvaða þættir hafa áhrif á aðlöðun

Hvers vegna verðum við skotin í sumum frekar en öðrum? Hvað er það eiginlega sem fær okkur til að laðast að öðru fólki? Áhugaverðar spurningar, því hver hefur ekki komið sjálfum sér á óvart með því að laðast óstjórnlega að einhverjum sem líkist alls ekki fyrri elskhugum eða ástkonum. Aðlöðun virðist velta á samspili fjölmargra þátta og vísindarannsóknir á fyrirbærinu eru fjölmargar. Sumir þáttanna eru lífræðilegir, aðrir sálfræðilegir og enn aðrir hafa með félagslegt umhverfi okkar að gera.

Hér eru tíu áhugaverð atriði sem vísindamenn hafa komist á snodir um í rannsóknum á aðlöðun:

1. Við höfum tilhneigingu til að laðast að þeim sem líkjast okkur. Hjónasvipur er sem sagt vísindalegt fyrirbæri. Í rannsókn voru gagnkynhneigðar konur og karlmenn beðin um að skoða nokkrar andlitsmyndir og gefa þeim einkunn. Ein myndanna var andlit þátttakandans, sem hafði með tölvutækni verið breytt í hitt kynið. Þetta var það andlit sem þátttakendum þótti mest aðlaðandi.

2. Þetta hljómar kannski örlítið krípí, en við virðumst líka laðast að fólki sem minnir á foreldra okkar. Til dæmis hefur komið í ljós að þeir sem eiga eldri foreldra laðast frekar að eldri fólki.

3. Ef líkami þinn er í æsingsástandi (til dæmis eins og eftir líkamsrækt), og þú hittir einhvern álitlegan ertu líklegri til að finna fyrir aðlöðun en ella. Þetta er talið gerast vegna þess að þú misskilur líkamleg merki um æsing og upplifir að þau séu af völd-

um einstaklingsins. Þú lítur djúpt í augun og finnur hita í kinnum og hraðari hjartslátt en horfir framhá því að líklega er ástandið til komið vegna crossfit-tímans sem þú varst að koma úr.

4. Það er engin lygi að kortér í fimm breytast allir í losta-göð og gyðjur. „Björgleraugu“ eru nefnilega raunverulegt fyrirbæri. Því meira sem þú drekkur á barnum, því meira aðlaðandi upplifir þú fólkið í kringum þig. Áfengið hefur líka áhrif á það hversu girnileg við upplifum okkur sjálf - enda oft talað um það sem sjálfstraust í fljóttandi formi.

5. Ef þú ert að leita að langtíma rómantísku sambandi, er líklegt að þú hafir meiri áhuga á þeim sem eru dálítið erfiðir og falla ekki fyrir þér eins og skot. Þarna er kannski að verki sama lögmál og gildir um aðra fágæta muni sem mannskepnan girnist.

6. Pikköplínur virka sjaldan - þetta hafa vísindin leitt í ljós. Bæði konur og karlar kjósa miklu frekar að heyra eitt-hvað einlægt og einfalt, eins og hæ, halló, viltu dansa, eða hvernig þekkir þú gestgjafann... Línur eins og „hei ég er með tannpínu, þú ert aðeins of sæt“ eða „ég er eldfjallafræðingur, má ég síga ofan í sprunguna þína?“ eða „var ekki vont að detta af himnum ofan?“ eru mun ólíklegri til að virka.

7. Aðlöðun er samspil margra skynfæra. Það skiptir ekki bara máli hvernig mannskjan lítur út, heldur hvernig hún lýktar, hvernig bragð er af munni hennar við fyrsta kossinn, hvernig röddin hljómar og hvernig hún snertir þig.

Þetta hljómar kannski örlítið krípí, en við virðumst líka laðast að fólki sem minnir á foreldra okkar

8. Tíðahringur gagnkynhneigðra kvenna hefur áhrif á það hvers konar körlum þær laðast að. Í kringum egglos laðast þær frekar að mönnum með ytri einkenni karlmennsku og testósteróns, eins og djúpa rödd, vöðvamassa, hæð og hárvöxt. Kvenlegri gaurar eiga meiri séns utan egglostímans.

9. Gagnkynhneigðir karlmenn eru sérstaklega veikir fyrir rauðklæddum konum. Enginn annar litur á séns í þann rauða. Möguleg skýring á þessu gæti verið sú að ýmsir líkamspartar kvenna roðna við kynferðislega örvun. Nýleg rannsókn leiðir að því líkur að konur, sem vilja láta frjógva sig, nýti sér þetta ómeðvitad með því að klæðast rauðu á frjósemistíma tíðahringisins.

10. Árstíðirnar virðast skipta máli. En öflugt við það sem flestir halda eru það ekki sumrin sem æra okkur af losta. Í rannsóknum hefur komið fram að gagnkynhneigðir karlmenn verða sjúkari í líkama kvenna á veturna, en ekki á sumrin þegar sést í meira hold.



HAGBLIKK

Brotna ekki

Ryðga ekki

Álpakrennur & niðurföll

Litir á lager:

Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt og dökkgrátt

Smiðjuvegur 4C - 202 Kópavogur - S 587 2202



Ragnheiður Haralds- og Eiríksdóttir er hjúkrunarfræðingur og kynlífsráðgjafi
Spurningar og tímabantanir:
raggaeiriks@gmail.com
www.raggaeiriks.com

HREIÐUR

HREIÐUR OPNAR NÝJA VERSLUN:

Globber-hlaupahjólin eru jólagjöfin í ár

Hjónin Guðrún Guðmundsdóttir og Valgeir Ingason opnuðu vefverslunina hreidur.is í febrúar árið 2016. Verslunin hefur frá upphafi skapað sér sérstöðu með því að bjóða upp á vörur sem eru í senn nýstárlegar og af miklum gæðum, en á mjög hagstæðu verði þar sem þau hjón flytja vörurnar sjálf inn og engin yfirbygging er í rekstri fyrirtækisins.

Nú nýlega urðu tímamót rekstri Hreiðurs þegar opnuð var hefðbundin verslun undir nafni Hreiðurs að Auðbrekku 6, sem rekin verður samhliða vefversluninni hreidur.is. Verslunin er opin virka daga frá kl. 12 og 18 og 11-15 á laugardögum. Það er mjög gott að gera innkaup í aðgengilegri vefversluninni en það er líka þægilegt og skemmtilegt fyrir þá sem hafa tök á að koma í verslunina í Auðbrekku, þreifa á vörum og fá upplýsingar og ráðgjöf hjá þeim hjónum.

Hlaupahjól sem stækkar með barninu

Hreiður er fyrirtæki sem selur aðrar barnavörur en barnaföt og vöruúrvalið fer breikkandi og munu þau kynna nýjar vörur á næstunni.

Vörur frá Globber eru áberandi í versluninni en um er að ræða framsækni hlaupahjól og hjólabúnað. Hreiður er eini aðillinn á Íslandi sem selur þessi hjól en Globber er margverðlaunaður framleiðandi og til í ótal útfærslum fyrir alla fjölskylduna. Ein áhugaverðasta varan er EVO COMFORT 4in1 hlaupahjól fyrir börn frá 15 mánaða aldri og upp úr. Hlaupahjólið vex með með barninu, þegar barnið er mjög ungt geta foreldrar teymt hjólið á meðan barnið situr á því en svo er því breytt með afar einföldum hætti í hefðbundið hlaupahjól sem tekur allt að 50 kg þungan notanda.

Globber-hlaupahjólin eru til

í mörgum fallegum litum.

Þess má geta að Hreiður selur einnig rafmagnshlaupahjól fyrir fullorðna sem eru afar vinsæl.

Raptor rafmagnsfjór hjól og fleiri vörur

Það er ekki að undra að leikföngin í Hreiðri séu mörg hver afar vinsæl og sum þeirra eru óskagjöf margra krakka, ekki síst þetta glæsilega Raptor-rafmagnsfjór hjól sem hér gefur að líta á mynd. Einnig er hægt að fá rafmagnsbíla með foreldrafjarstýringu fyrir yngri börnin.

Grátt York þríhjól er afskaplega fallegt og sterkt og York hjólin eru til í ýmsum litum og gerðum.

Mikið úrval af öryggishjálum fyrir börn og fullorðna frá Globber er einnig til í Hreiðri. Hjálarnir eru allir hágæða, þeir eru mjög fallegir og litaúrvalið er breitt.


Caratero vagga og ferðarúm: Barnið sefur í jafnhæð við rúmið þitt

Framsækni og nýjungar einkenna vörurnar í Hreiðri og gott dæmi um það eru Sleep2gether vaggan frá Caratero. Hægt er að stilla hæð rúmsins og festa við rúmið hjá foreldrunum og fella niður þá hlið rúmsins sem snýr að rúmi foreldranna, svo engin hindrun er á milli. Einnig er hægt að hafa það í halla ef barnið er með bakflæði. Rúmið er síðan fullkomnað með hlýju og vönduðu hreiðri sem er selt sér og barnið sett í og síðan ofan í rúmið.

Hér hefur aðeins fátt verið nefnt í vöruúrvalinu hjá Hreiðri. Það er um að gera að fara inn á hreidur.is og skoða úrvalið eða koma í verslunina að Auðbrekku 6 en hún er opin virka daga frá 12 til 18 og 11-15 á laugardögum Vefverslunin sendir hvert á land sem er en pantanir yfir 10.000 kr. eru án aukagjalds.



Tímarvélín



Ungan pilt

langar að kynast ungrri stúlku, siðprúðri og laglegri. Má ekki hafa mentað sig í fisk- eða síldarvinnu. Gifting ef samhugur næst. Bréf merkt: „Siðprúði“ óskast sent til afgreiðslu Vísis.

Gamla auglýsingin

Vísir 14. apríl 1925

MÁLIÐ SEM EKKI MÁTTI TALA UM

■ Heftúðlegt skilnaðarmál og forsjárdeila Steingríms Hermannssonar ■ Flótti á flugvöllum

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar fór fram harðvítug forræðisdeila á milli Steingríms Hermannssonar, síðar forsætisráðherra, og bandarískrar sundfímleikakonu. Þau áttu saman þrjú börn sem oft lentu harkalega á milli í deilunum og hasarinn var mikill þegar þau reyndu að komast úr landi. Skilnaðurinn var stórt fréttamál í Bandaríkjunum en ekki var ritaður stafkrókur um það í íslenskum dagblöðum.

Stormasamt samband

Steingrímur kynntist Söru Jane Donovan, sem hann kallaði Dollý, þegar hann var í verkfræðinámi í Bandaríkjunum á seinni hluta fimmta áratugarins. Þau giftust árið 1951 og eignuðust þrjú börn á næstu árum; Jón Bryan, Ellen Herdís og Neil. Á sjötta áratugnum bjuggu þau í Kaliforníu og á Íslandi. Steingrímur fékkst þá við ýmis verkfræðistörf og Dollý kenndi sundballett og sundfímleika.

Samband þeirra var stormasamt og rifrildi tíð og heftúðleg. Árið 1957 fluttu þau frá Bandaríkjunum, eignuðust sitt þriðja barn, byggðu hús við Laugarásveg og Steingrímur tók við stöðu framkvæmdastjóra Rannsóknarráðs. Faðir Steingríms, Hermann Jónasson, var þá aftur orðinn forsætisráðherra Íslands. Þetta sama ár sauð upp úr hjá Steingrími og Dollý.

Stöðvaði flóttu í tvígang

Undir lok ársins var meðgöngu Dollý að ljúka og vildi hún fara út til fjölskyldu sinnar í Chicago til að fæða og ætlaði að taka börnin tvö með sér í ferðina. Samband þeirra var þá orðið svo slæmt að Steingrímur svaf yfirleitt á skrifstofunni. Þegar hún sagði honum þetta brást hann illa við því að hann grunaði að Dollý og börnin myndu ekki snúa aftur til baka.

Kvöld eitt hringdi síminn á skrifstofunni þar sem Steingrímur var sofandi. Þegar hann svaraði var vinur hans á línunni sem sagði að Dollý væri á leið út á flugstöð Loftleiða með börnin. Steingrímur rauk af stað og var kominn um svipað leyti og hún. Í ævisögu Steingríms, sem Dagur B. Eggertsson ritaði, segir:

„Börnin voru með í för, berfætt og illa klædd. Fjöldi fólks sá mig taka börnin og bera þau út í bílinn minn.“

Dollý reyndi aftur að komast úr landi með börnin skömmu síðar og pantaði miða hjá Loftleiðum. Steingrímur ræddi þá við forsvarsmenn félagsins og stöðvaði flóttann. Þann 16. desember fæddi hún dreng á Landspítalanum.

Kynntist annarri konu

Fyrstu mánuðirnir eftir fæðinguna voru rólegir á heimilinu og í byrjun febrúar fór Steingrímur til New York vegna vinnu. Premur dögum síðar fékk hann símhringingu frá flugvellinum í New York og var Dollý á línunni, með öll börnin með sér. Hún hafði undirbúið

flóttann vel en ekki sagt neinum frá honum nema vinafólki sínu í Bandaríkjunum. Steingrímur skipaði henni að snúa rakleitt aftur til Íslands en hún neitaði því.

Hélt hún þá beint heim til fjölskyldu sinnar í Chicago og Steingrímur elti. Þegar þangað kom reyndi hann að fá hana aftur með sér heim til Íslands en hún neitaði. Eftir næstum þrjár vikur gafst Steingrímur upp og sneri aftur til Íslands. Skilnaður virtist óumflýjanlegur en Steingrímur var mjög gramur að sjá ekki börnin. Hann kynntist einnig annarri konu, Guðlaugu Eddu Guðmundsdóttur. Hann skrifaði því til Dollýjar og bað um að skilnaðurinn yrði kláraður í ágúst 1958.

Dollý snýr aftur

Þann 25. september árið 1958 fékk Steingrímur símskeyti frá Dollý þar sem hún sagðist vera á leiðinni til Íslands. Þegar Steingrímur bar upp skilnað tók hún því illa og því var ástandið á heimilinu spennuþrungið. Steingrímur vildi hefja líf með Eddu en hann vildi ekki missa börnin sem voru þá allt í einu komin til hans á ný. Í október skrifaði hann bréf til hennar áður en hann fór til Parísar í viðskiptaferð. Í því stóð:

„Ég treysti þér ekki lengur og tilhugsunin um að búa með þér og vera þér eiginmaður finnst mér mjög fráhrindandi. Með það í huga bið ég þig að átta þig á því að ég gæti aldrei gert þig hamingjusama hér á Íslandi. Ég gæti hvorki uppfyllt þrjár þínar né verið þér

„Fjöldi fólks sá mig taka börnin og bera þau út í bílinn minn“

trúr.“

Með bréfinu fylgdu skilnaðarsáttmálar og segir Steingrímur að hún hafi lagt fram falsaða útgáfu af bréfinu í forræðisdeilunni sem fór í hönd. Í því bréfi myndi Steingrímur afsala sér forræði allra barnanna og veita Dollý meðlag, lífeyri, hús í Bandaríkjunum og hluta í heimili þeirra við Laugarásveginn.

Þegar Steingrímur sneri heim sagði hann Dollý frá Eddu. Þau bjuggu í sama húsi næstu mánuðina en lá við stríðsástandi. Þau rifust, sváfu hvort á sínum staðnum og leituðu til prests. Allan þennan tíma hélt Steingrímur áfram að hitta Eddu og að lokum flutti hann út af heimilinu.

Handalögmál og lögregluheimsóknir

Um miðjan febrúar árið 1959 var skilnaðurinn dómfestur í Borgardómi Reykjavíkur. Bæði gerðu þau kröfu um fullt forræði. Á meðan málið var í meðferð kom Steingrímur oft á Laugarásveginn og þá urðu árekstrar, líkamlegir og þurfti lögreglan að hafa afskipti af.



Steingrímur Hermannsson

Í eitt skiptið var lögreglan kölluð að Laugarásveginn og sagði Dollý að Steingrímur hefði reynt að keyra á sig. „Kærði mig í raun fyrir morðtilraun,“ segir í ævisögunni. „Lýsir það vel því óefni sem öll okkar samskipti voru komin í og sjálfsgagt áttum við þar bæði sök.“

Í annað skipti fór Steingrímur með eldri soninn til að byggja laxastiga. Þá kom til áfloga milli þeirra og Steingrímur kippti símanum úr sambandi þegar Dollý ætlaði að hringja á lögregluna. Þegar hann fór með drenginn út í bíl og ætlaði að keyra af stað kom hún út á náttfötunum og reyndi að stöðva bílinn. Þegar það tókst ekki fór hún til nágrenns og tilkynnti málið til lögreglu. Var Steingrímur yfirheyrður í kjölfarið en engir eftirmálar urðu.

Málið endaði fyrir Barna-

ÍSLENDINGUR Á TÍRÆÐISALDRI

■ Of gamall til að vera einn

Miðvikudaginn 6. júlí árið 1949 var auglýst eftir 94 ára gömlum íslenskum manni, Lárusi Jóhannssyni, í breskum dagblöðum. Hann hafði komið með flugvél frá Íslandi til Prestwick í Skotlandi og verið neitað um landvistarleyfi. Ástæðan var sú að hann væri of gamall og enginn til að sjá um hann í Bretlandi. Lárus lét það hins vegar eins og vind um eyru þjóta og stakk af.

Flúði af vellinum

Hafnirðingurinn Lárus hafði starfað sem predikari og trúboði og því ferðast víða um heim. Hann bjó hjá fólki við Austurgötu en lét það ekki vita að hann væri á leiðinni til útlanda, en það gerði hann reyndar sjaldnast. Mánudagsmorguninn 4. júlí keypti hann sér farseðil til Skotlands hjá Flugfélagi Íslands og flaug út degi seinna. Ætlaði hann að vera í landinu í tvær vikur.

Þegar hann lenti með Gullfaxa á Prestwick-flugvelli vildi útflendinga- eftirlitið þar ekki hleypa honum inn í landið. Hann væri 94 ára gamall og gæti ekki nefnt neina aðstandendur

í Bretlandi sem myndu sjá um hann meðan á dvöl hans stæði. Hann lét þó ekki segjast og náði að flýja af flugvellinum.

Þegar vinir Lárusar voru spurðir hvort þeir óttuðust um hann neitðu þeir því. Þeir sögðu að Lárus væri vel ern þó hálftrúður væri. Einnig ætti hann marga félagi í Skotlandi sem hann gæti leitað til enda tvisvar ferðast til landsins á árunum eftir stríð.

Aldrei séð svo gamlan mann

Flóttinn stóð ekki lengi yfir. Dagblöðin auglýstu eftir honum á miðvikudeginum og þá um kvöldið hafði lögreglan í Edinborg uppi á honum. Hafði þá leit staðið yfir í 18 klukkutíma. Eftir flóttann hafði hann farið til vina sinna í Glasgow og gist þar eina nótt. Var samstundis farið með hann á Prestwick og var hann settur um borð í fyrstu vél aftur heim til Íslands. Hafði lögreglan í Skotlandi þá verið í sambandi við íslenska lækna sem ráðlögðu honum að snúa aftur heim.

„Þetta gerir ekkert til. Ísland er besta landið og hér er best að vera,“

EIGUM MARGA
LITI Á LAGER

ÁLKLÆÐNINGAR &
UNDIRKERFI

HANNAÐ FYRIR
ÍSLENSKT VEÐURFAR

Nánari upplýsingar á
mt.is og í s: 580 4500



verndarnefnd sem þríklofnaði í afstöðu sinni og fór síðan til Barnaverndarráðs sumarið 1959. Á meðan sú meðferð stóð yfir átti Dollý að vera á landinu en Steingrímur var þá farið að gruna að hún myndi reyna að fara til Bandaríkjanna á nýjan leik með börnin. Var þá móðir hennar komin til Íslands.

Steingrími tókst að fá það staðfest með hjálp lögreglunnar á Keflavíkurlugvelli að Dollý og börnin væru á farþegalista hjá Pan American Airlines. Stöðvaði lögreglan þá ferð með tilskipun dómismálaráðuneytisins. Tíu dögum síðar gerðu Dollý og móðir hennar aðra misheppnaða tilraun til að flýja. Steingrímur krafðist þess að börnin yrðu tekin af henni en þess í stað voru lögregluþjónar fengnir til að vakta Laugarásveginn í mánuð.

Hasar í Kaupmannahöfn og Miami

Úrskurðurinn dróst og 18. desember fékk Steingrímur hringingu frá vini um að húsið við Laugarásveginn væri mannlauð. Hafði Dollý þá komist til Kaupmannahafnar með börnin um morguninn undir fölskum nöfnum og í dulbúningi. Fékk hún nemandá sinn úr sundballettinum til að aðstoða sig og fljúga með út.

Steingrímur hringdi strax í sendiherrann í Kaupmannahöfn og var Dollý yfirheyrð á flugvelli um en þar sem hún hafði bandarískt vegabréf aðhafðist danska lögreglan ekki. Sama kvöld komust Dollý og börnin til New York en nemandinn flaug aftur til Íslands.

Varð Steingrímur mjög reiður yfir þessu og í kjölfarið kallaði utanríkisráðherra sendiherra Bandaríkjanna á sinn fund. Ekkert kom þó út úr þeim fundi. Þann 17. febrúar árið 1960 úrskurðaði Barnaverndarnefnd að elsti drengurinn skyldi vera hjá Dollý en hin tvö hjá Steingrími.

Hóf Steingrímur þá að reyna að fá börnin frá Bandaríkjunum en Dollý bjó þá í Flórída. Fór hann með lögfræðingi til fögeta í Miami og fékk liðsinni fulltrúa þar til að ná í börnin. Þau voru ein heima hjá sér en Dollý var við vinnu. Þeir



Dollý Kennir lömuðum sund.

tóku tvö yngri börnin en skildu elsta drenginn eftir og brunuðu út á flugvöll. Í Miami keypti Steingrímur fyrsta flug út, sem var til Kúbu en seinkun varð á því flugi.

Dollý krafðist ógildingar á íslenska úrskurðinum og aflaði liðveislu lögreglunnar til að stöðva brottför Steingríms og barnanna. Rétt áður en vélin fór í loftið komu lögreglumenn, stöðvuðu Steingrím og tóku börnin í sína vörslu. Var þeim komið fyrir á fósturheimili uns málið yrði útkljáð fyrir bandarískum dómstólum.

Í febrúar 1961 var íslenski úrskurðurinn dæmdur ógildur og í nóvember það ár var Dollý dæmt forræði yfir öllum börnunum en Steingrímur umgengnisrétt yfir sumartímamann.

Kæft á Íslandi

Mikið var fjallað um málið í bandarískum fjölmiðlum og þar sagt frá öllum smáatriðum í barningi Steingríms og Dollýjar í þeirra hjónabandi. Steingrímur var jú einu sinni sonur fyrrverandi forsætisráðherra og hafði þar að auki starfað á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Á Íslandi heyrðist hins vegar ekki múkk.

Steingrímur sendi mág sinn,



Sara Jane Donovan Tíminn 26. mars 1954.

Sveinbjörn Dagfinnsson hæstaréttarlögmann, til að funda með öllum ritstjórum dagblaðanna og samþykktu þeir að fjalla ekki um málið nema með leyfi Steingríms. Morgunblaðið var með tilbúna frétt sem dregin var úr birtingu og afhenti Matthías Johannessen Steingrími öll gögn um málið. ■

ÞRJÁTÍU HANDTEKNIR EFTIR LEIK VÍKINGS OG FRAM

■ Bakvörður tók högg fyrir dómara



Íþróttavöllurinn Fram og Víkingur takast á.

Upp úr sauð á Reykjavíkurmótinu í knattspyrnu vorið 1940 í leik Víkings og Fram. Eftir atvik á vellinum veittust áhorfendur að dómara leiksins og þurfti lögreglan að handtaka þrjátíu pílta.

„Uss, það var bara box,“ sagði ungur piltur sem kom af leik Víkings og Fram á Íþróttavellinum. Leikurinn var rólegur í fyrri hálfleik en í þeim seinni færðist harka í hann. Var allt að verða vitlaust á vellinum og þurfti dómarrinn, Gunnar Axelsson, margsinnis að hafa afskipti af leikmönnum.

Um tólf hundruð áhorfendur voru á leiknum. Undir lokin hljóp einn áhorfandi inn á völlinn og ætlaði að slá Gunnar en þá kom bakvörður Víkings, Gunnar Hannesson, honum til varnar. Endaði það

með því að bakvörðurinn fékk bylmingshögg.

Lögreglan kom aðvífandi og skarst í leikinn og urðu þá margir áhorfendur reiðir. Gerði hópur pílta og fullorðinna manna aðsúg að lögreglunni og dómaramannum. Stympingar milli lögreglu og óeirðarseggjanna stóðu lengi yfir inni á Íþróttavellinum og bárust slagsmálin út á Suðurgötuna. Að lokum fór svo að þrjátíu óeirðaseggir voru handteknir, yfirheyrðir og loks sleppt.

Umfjöllun blaðanna var á eina leið; að árasin hafi verið tilhæfalaus og óeirðaseggirnir ættu að fá bann og sektir. Meira að segja blaðamenn Morgunblaðsins og Þjóðviljans voru sammála um það. Úrslit leiksins voru 1-0 Víkingi í vil. ■

FLÚÐI AF SKOSKUM FLUGVELLI



Lárus við heimkomuna Morgunblaðið 8. júlí 1949.

sagði Lárus við Morgunblaðið við komuna á Reykjavíkurlugvöll. „Þeir ætluðu alveg að verða vitlausir í útlandingaeftirlitinu í Skotlandi þegar þeir sáu hvað ég var gamall. Í Prestwick höfðu þeir víst aldrei séð svona gamlan mann og því síður að hann væri að ferðast,“ sagði Lárus brosandí.

Lárus var fæddur árið 1855 og lést tæpu ári eftir flugferðina afdrifaríku. ■

„Þeir ætluðu alveg að verða vitlausir í útlandingaeftirlitinu í Skotlandi þegar þeir sáu hvað ég var gamall“

RÁIN

FERSK OG FALLEG
ÞJÓNUSTAR
ÞIG Í MAT OG
DRYKK

Hafnargata 19a
Keflavík
S. 421 4601

DEILURNAR UM BERLÍN 1948–1949

Mesta loftbrú sögunnar

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Þegar síðari heimsstyrjöldinni lauk skiptu sigurvegararnir; Bandaríkin, Bretland og Sovétríkin, Þýskalandi á milli sín og skiptu upp í hernumín svæði þar sem hvert ríki fór með stjórnina. Berlín var langt inni á yfirráðasvæði Sovétríkjanna í austurhluta Þýskalands og var borginni skipt á milli ríkjanna. Bandaríkin, Bretland og Frakkland fóru með stjórn vesturhluta borgarinnar en Sovétríkin réðu yfir austurhlutanum.

Eins og samstarf vestrænu bandamanna annars vegar og Sovétríkjanna hins vegar hafði verið gott í stríðinu þá dugði það ekki til að stríði loknu og hin vinsamlegu samskipti og samstarf ríkjanna snerist til hins verra. Ekki var sjálfgefið að vestrænu ríkin myndu halda yfirráðum sínum yfir Berlín og því ekki útilokað að borgin myndi öll falla undir yfirráð Sovétríkjanna. Þetta leiddi til fyrstu Berlínarkrísu kalda stríðsins en hún hófst 24. júní 1948. Þá lokuðu hersveitir Sovétríkjanna fyrir allar lestarsamgöngur, lokuðu vegum til borgarinnar og skrúfuðu fyrir vatn til þeirra hluta borgarinnar sem vestrænu ríkin réðu yfir. Þessu svöruðu Bandaríkin og Bretland með því að flytja mat og eldsneyti loftleiðis til borgarinnar frá herstöðvum sínum í vesturhluta Þýskalands. Þessari krísu lauk 12. maí 1949 þegar Sovétríkin afléttu herkvínni og opnuðu á nýjan leik fyrir samgöngur á landi til Berlínar.

Afleiðing vaxandi spennu

Krísan var afleiðing samkeppni hernámsríkjanna og vaxandi spennu á milli vestrænu ríkjanna annars vegar og Sovétríkjanna hins vegar. Þegar stríðinu lauk var framtíð Þýskalands óráðin enda hafði landinu verið skipt á milli sigurvegara stríðsins. Eina ákvörðunin, sem hafði verið tekin um framtíð landsins, var tekin í stríðinu þegar Bandamenn komu sér saman um skiptingu landsins að stríði loknu. Þegar stríðsátökum lauk var ekki tekist nægilega kröftuglega á við spurninguna um framtíð Þýskalands þegar Potsdam-ráðstefnan fór fram 1945. Það skorti á samræmi í stefnumótum Breta og Bandaríkjanna og pólitískir leiðtogar voru ekki nægilega sterkir eða áhugasamir um málið. Ákvörðunin um skiptingu Þýskalands að stríði loknu var heldur ekki nægilega vel útfærð og upp komu ófyrirséð vandamál. Þar á meðal var að tvær og hálf milljón Berlínarbúa bjó á fjórum hernámssvæðum þar sem ástandið var ansi misjafnt og margir bjuggu við mikinn skort. Harðar sprengjuárásir Bandamanna höfðu nánast lagt borgina í rúst, lítið var um húsnæði eða annað skjól, svart markaðurinn stýrði efnahagslífi borgarinnar og hungur vofði yfir borgarþúum. Berlín var einhvers konar aðalátakapunktur í deilum vestrænu ríkjanna við Sovétríkin.

Miklar breytingar

Miklar breytingar urðu á hernámssveifunni árið 1947 en á fyrsta degi ársins sameinuðu Bandaríkin og Bretland hernámssvæði sín en það leiddi til aukinnar spennu á milli vesturblokkarinnar og austurblokkarinnar. Í mars varð utanríkisráðherrum hernámsríkjanna lítið ágengt á fundi í Moskvu og birting Truman-stefnuskráarinnar varð til

að skerpa enn á átakalínum hvað varðaði skipan heimsins. Í júní var hin svokallaða Marshall-áætlun Bandaríkjanna kynnt til sögunnar en henni var ætlað að reisa efnahag ríkja í Vestur-Evrópu við en einnig að mynda vörn gegn kommúnisma með því að draga þau ríki, sem fengu aðstoð samkvæmt Marshall-áætluninni, inn í heimsmynd Bandaríkjanna hvað varðaði efnahagsmál.

Snemma árs byrjuðu Bandaríkin, Bretland og Frakkland í leynd að skipuleggja myndun nýs þýsk ríkis á þeim svæðum sem ríkin höfðu á valdi sínu. Þegar Sovétmenn komust að þessum fyrirætlunum í mars hættu þeir þátttöku í the Allied Control Council, Stjórnarráði Bandamanna, sem hafði fundað reglulega frá stríðslokum til að samhæfa stefnuna í mállefnum herteknu svæðanna. Í júní kynntu Bandaríkin og Bretland nýjan gjaldmiðil, Deutschmark, til sögunnar á yfirráðasvæðum vestrænu ríkjanna, þar á meðal í Vestur-Berlín. Markmiðið með nýja gjaldmiðlinum var að binda enda á efnahagsleg yfirráð Sovétríkjanna í Berlín og gera mögulegt að hrinda Marshall-áætluninni úr vör og takast á við svarta markaðinn í borginni. Sovétríkin svöruðu þessu með svipuðum aðgerðum á yfirráðasvæðum sínum. Auk þess að gefa út eigin gjaldmiðil, Ostmark, var lokað fyrir allar samgöngur á láði og legi til Vestur-Berlínar. Einnig var lokað fyrir rafmagnsflutninga og vatn til borgarinnar.

Loftbrúin

Bandaríkin og Bretland áttu ekki marga möguleika í stöðunni þegar Sovétmenn settu Vestur-Berlín í herkví. Bandaríkin og Bretland höfðu dregið stóran hluta af herliði sínu heim að stríði loknu og Rauði herinn var miklu sterkari í Þýskalandi en herir vestrænu ríkjanna.

Ríkisstjórn Truman Bandaríkjaforseta var staðráðin í að gefa Vestur-Berlín ekki upp á bátinn þar sem það væri merki um einarða afstöðu Bandaríkjanna í Evrópu að halda stöðu sinni í Vestur-Berlín. Ekki var annað til ráða en að mynda loftbrú til borgarinnar en Sovétríkin og vestrænir Bandamenn þeirra höfðu skrifað undir samning 1945 sem heimilaði flugsamgöngur frá vesturhluta Þýskalands til borgarinnar. Ríkisstjórn Truman komst að þeirri niðurstöðu að ef Sovétmenn myndu beita valdi til að hindra flugumferð til borgarinnar myndi það teljast áráð á óvopnaða flutninga í mannúðarskyni og væri jafnframt brot á fyrrgreindum samningi. Það yrði því á ábyrgð Sovétríkjanna ef til átaka kæmi vegna þessa.

Loftbrúin komst í gagnid í júní 1948 og stóð yfir þar til í maí 1949. Bandaríkin höfðu vaðið fyrir neðan sig ef til átaka kæmi og voru B-29 sprengjuflugvélar sendar til Bretlands en þær gátu borið kjarnorkuvopn. Þetta var gert til að sýna Sovétmönnum að vestrænu ríkjunum væri full alvara með loftbrúnni. Hún var ekki auðveld í framkvæmd og þá sérstaklega í upphafi. Vestrænir stjórnarindrekar lögðu hart að sovéskum starfsbræðrum sínum að leita diplómátskra lausna á málinu. Sovétmenn buðust þá til að aflétta herkvínni ef Deutschmark yrði tekið úr umferð í Vestur-Berlín.



Birgðaflutningar þýsk börn fylgjast með.

Þessu var hafnað.

Þegar loftbrúin var í hámarki lentu flugvélar á 45 sekúndna fresti á Tempelhof-flugvælinum. Þegar kom fram á vor 1949 höfðu vestrænu ríkin sýnt að þau gátu haldið loftbrúnni gangandi og séð Vestur-Berlín fyrir nauðsynjum. Samtímis voru gagnaðgerðir vestrænu ríkjanna gegn austurhluta Þýskalands farnar að valda búsiþjum og óttuðust sovéskir ráðamenn pólitískan óstöðugleika í austurhlutanum vegna þessa.

11. maí 1949 afléttu Sovétmenn herkvínni um Vestur-Berlín. ■



Harry Truman Gaf Vestur-Berlín ekki upp á bátinn.



HÁDEGIS TILBOÐ
VIRKA DAGA
GRILLAÐ ÞORSKSPJÓT,
HUMARSÚPA & BRAUÐ
2.850



EILÍF HAMINGJA

Sægreifinn

Við gömlu höfnina



W COLLECTION:

Einstök upplifun



W Collection er nýjasta línan frá hinu vinsæla merki Whirlpool sem fæst í Heimilistækjum. Línan inniheldur eldunartæki, svo sem ofna, helluborð, örbylgjuofna og fleiri tæki sem hjálpa þér að galdra fram fullkomna rétti í eldhúsinu.

Miðpunktur nýju W Collection-línunnar frá Whirlpool er hin einstaka 6th Sense-tækni, snjallskyngjarar sem einfalda matreiðsluna og aðstoða þig við að ná fram því besta úr hráefninu. Það eina sem þú þarft að gera er að velja hvað skal elda úr listanum og tækin stilla sig sjálfvirk til þess að hámarka árangur matreiðslunnar.

W Collection-tækin eru tengd við 6th Sense LiveApp sem gerir þér kleift að vera skilvirkari í eldhúsinu, hafa fullkomna yfirsýn yfir þín tæki og skipuleggja matarinnkaupin. W Collection-tækin spara þér þannig tíma sem þú getur ráðstafað með ástvinum frekar en að standa yfir eldavélinni.

W Collection er hannað með einfaldleika og klassíska hönnun í huga. Hvert tæki er nútímalegt og fágáð í útliti með einföldu stafrænu kerfisvali með myndum og texta á mannamáli.

Notandavænn LED-skjór sér til þess að þú getir hætt að giska og 6th Sense-tæknin sér til þess að eldunartími og hitastig sé eins og best verður á kosið fyrir hvert hráefni. W Collection-tækin hafa yfir 100 forstilltar uppskriftir fyrir þig að velja úr.

Þú hefur fullkomna stjórn með LiveApp sem hjálpar þér að fylgjast með tækjunum þínum, skipuleggja máltíðir og



hafa fulla stjórn og yfirsýn yfir tækin þín.

Glæsileg hönnun tækjanna er nútímaleg og þau njóta sín í hvaða eldhúsi sem er. Þú getur eldað fram á rauða nótt eða bakað fyrir sólarupprás með hæglokun á ofnhurðum svo þær lokast mjúklega og hljóðlaust. Vandað útlit og hreinar línur einkenna W Collection-tækin.

Einstakur innbyggður Multisense-hitamælir skynjar hitastig hráefnisins á 4 stöðum í einu. Þannig verður eldamennskan áhyggjulaus. Fjölrétt matseðill er ekkert mál með COOK 4 fjögurra hæða matreiðslukerfi og með READY2COOK-tækniinni verður forhitun óþarfi, þú getur byrjað að elda strax.

Sjá nánar á heimilistaeki.is



NOTAÐI EIGIN SAUR TIL AÐ BJARGA SER ÚR SNJÓFLOÐI

■ Hitler vildi hann feigan
■ Át sinn eigin fót

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Ævi Danans Peters Freuchen var lyginni líkust. Hann var ævintýramaður sem kannaði norðurheimskautið á tíma sem lítið var vitað um staðinn. Hann vildi fremur glíma við ísbirni en vera innan um fólk og lenti í mörgum ævintýrum á ferðum sínum. Auk þess kvæntist hann þremur mjög ólíkum konum, barðist við nasista og skrifaði metsúlubækur.

Missti eiginkonu í spænsku veikinni

Peter Freuchen var fæddur í Nyköbing í Danmörku árið 1886. Á unga aldri varð hann stór og mikill að burðum, vel yfir tveir metrar á hæð. Hann ætlaði að verða læknir en fékk nóg af náminu í Kaupmannahafnarháskóla og ákvað þess í stað að verða landkönnuður. Í ævisögu sinni frá árinu 1953 segir hann: „Til helvítis með fólk, ég ætla að rannsaka fjandans óbyggðirnar.“

Árið 1906 fór hann í sína fyrstu Grænlandsferð af mörgum og starfaði hann gjarnan með Knud Rasmussen, einum fremsta inúítafræðingi síns tíma. Í einni ferðinni kynntist hann fyrstu eiginkonu sinni, Navarana Mequpaluk, og eignuðust þau saman tvö börn. Hún lést úr skæðustu farsótt sögunnar, spænsku veikinni.

Freuchen og Rasmussen komu upp verslunar- og veiðistöð á Thule á norðurhluta eyjunnar þar sem í dag er flugstöð Bandaríkjahers. Þaðan fóru þeir og margir fleiri í könnunarleiðangra um eyjuna næstu tvo áratugina, hina svokölluðu Thule-leiðangra, sem voru margir hverjir mjög hættulegir. Líkt og Roald Amundsen notuðu þeir sleðahunda til að komast yfir ísbreiðurnar og veiddu rostung, hval, úlfa, seli og hvítabirni.

Sargaði af sér fótinn

Í einni slíkri ferð, árið 1926, lenti Freuchen í mikilli lífshættu og sagði hann frá því í æviminningum sínum. Hann var á ferð með fram fjalli í miklum snjóstormi þegar snjóflóð kom æðandi niður og grófst hann undir. Freuchen hélt stillingu sinni undir farginu og hugsaði hvað hann ætti til bragðs að taka.

Mundi hann þá eftir því að inúítarnir nota frosinn skít úr sleðahundum til að búa til verkfæri og ákvað að nýta sér þá aðferð. Freuchen bjó sér til smá rými í skaflinum og hafði hægðir. Síðan kældi hann þær niður í snjónum og meitlaði úr þeim lítinn hníf. Þennan hníf notaði hann til að klóra sig út úr snjónum.

Þrátt fyrir þessa ótrúlegu útsjónarsemi var vandræmum Freuchen hvergi nærri lokið. Hann var kaldur og örmagna þegar hann komst úr flóðinu og átti þá eftir að ganga þriggja tíma leið yfir ísbreiðuna til baka. Á leiðinni fékk

hann alvarleg kalsár og þurfti að taka af sér fótinn án deyfingar. Hluta af fætinum át hann til að fá orku.

Óskarsverðlaunakvikmynd


Árið 1924 giftist hann Magdalene Vand Lauridsen, sem var milljóna-mæringur og dóttir smjörmógúls. Norðurslóðirnar voru ekki eini staðurinn sem Freuchen kannaði. Heimurinn var hans ær og kýr. Hann var í frumskógum Afríku, SÍberíu, Suðurskautslandinu og fleiri framandi slóðum. Hann skrifaði næstum þrjátíu bækur sem rokseldust, flestar um Grænland og inúíta en einnig mikið um siglingar. Þá skrifaði hann einnig nokkrar skáldsögur. Var ein þeirra, Eskimo, gerð að kvikmynd árið 1933 og vann Óskarsverðlaun fyrir bestu klippingu. Foreldrar Magdalene gerðu hann að ritstjóra tímarits um tíma.

Freuchen fyrirleit nasismann sem var í miklum uppgangi á fjórða áratugnum. Stefan hafði einnig áhrif í Danmörku og lenti hann nokkrum sinni upp á kant við fólk því hann var ekki hræddur við að segja meiningar sínar. Ef einhver talaði illa um gyðinga gekk hann upp að þeim sama og sagði með ógnandi röddu: „Ég er gyðingur, hvað ætlar þú að gera í því?“ Hann var þó ekki gyðingur.


Dæmdur til dauða

Þegar Þjóðverjar hernámu Danmörku árið 1940 gekk hann, einfættur maður á sextugsaldri, í andspyrnuhreyfinguna. Hann tók að sér að fela flóttamenn og skemma fyrir aðgerðum þýska hersins. Að lokum var hann handtekinn af hernámliðinu og dæmdur til dauða. Sagt er að Hitler sjálfur hafi fyrirskipað dauðadóminn yfir Freuchen. En hann náði að sleppa og flýja yfir Eyrarsund til Svíþjóðar. Þar hélt hann áfram að aðstoða andspyrnuhreyfinguna.

Undir lok stríðsins skildi hann við Magdalene og skömmu síðar kvæntist hann sinni þriðju eiginkonu, Dagmar Gale, tískuhönnuði hjá Vogue. Fluttu þau saman til Bandaríkjanna þar sem hann bjó síðustu árin. Freuchen lést 71 árs gamall eftir hjartaáfall á flugstöð Bandaríkjahers í Anchorage í Alaska. Lík hans var brennt og öskunni dreift yfir ísbreiðurnar við Thule. ■



Peter Freuchen Bordaði eigin fót.



Peter og Dagmar Kápan gerð úr feldi ísbjarnar sem hann felldi.



Peter og Navarana Hún lést úr spænsku veikinni.



Er gamla æðardúnssængin þín orðin slitin?

Fólki þykir eðlilega vænt um æðardúnssængurnar sínar enda afskaplega notalegt að sofa með slíkar ábreiður ofan á sér. En æðardúnssængur slitna eins og aðrir veraldlegir hlutir og stundum fara þær að leka að auki og æðardúnninn getur verið orðið óhreinn. Margir vita ekki að hér á landi er hægt að fá þá þjónustu að fá gömlu slitnu æðardúnssængurnar sínar góðar á ný. Dóróthea

Guðrún Sigvaldadóttir rekur fyrirtækið Morgunroða, sem staðsett er við Borgarnes, og þar er meðal annars boðið upp á þá þjónustu að koma með slitnar æðardúnssængur. Æðardúnninn er þá þvegin og settur í nýtt ver og fólk fær til baka mjúka, slétta og fallega æðardúnssæng.

„Við þvöum æðardúnninn, skiptum um dúnver á gömlum æðardúnssængum og setjum nýjan æðardún í

dúnver. Einnig seljum við nýjar æðardúnssængur og merkjum æðardúnssængur,“ segir Dóróthea.

Fyrir utan þessa þjónustu við sængureigendur sinnir Morgunroði öllum æðardúnþvotti fyrir dúnhreinsistöðvar. Dóróthea fær þá æðardúnninn til sín hreinsaðan og skilar honum hreinum til baka svo hann er tilbúinn í framleiðsluvörur, sængur eða annað. Dúnþvotturinn er þar í vissum

skilningi hluti af framleiðsluferlinu.

Enn fremur sinnir Morgunroði dúnþvotti fyrir einstaklinga sem hafa dúntekju og þurfa að láta þvo dúnninn sinn. Margt dúntekjufólk veit ekki af þessari þjónustu en hún getur komið sér afar vel.

Til að kynna sér og nýta sér þjónustu Morgunroða ehf. er best að hafa samband í síma 893-2928.




Led húsnúmer

Sérsmíðum númer á öll hús • sendu okkur mynd þegar þú ert búinn að setja þitt húsnúmer upp

- Ledlýsing sem endist og eyðir litlu rafmagni
- Hægt að fá í lituðu áli eða ryðfríu stáli
- Verið velkomin á facebooksíðu okkar: Led húsnúmer

Best er að panta í gegnum facebooksíðuna okkar.
Einnig hægt að hringa í sími 789 3010

Helgarkrossgátan

	Teikning: Halldór Andri eftirprentun bonnuð	heiðina	stafur			fugl	syngur
	→			4	↘		
	ármynni			garmur			
	ílátíð			1			
			mjög	eldstæði gjamm			
	saumar						
	vatnsfallið	ómarga				pési	súldin
krossgátugerð: Bjarnisími: 845 2510	↓	næring	nöldrar	tunna nærður		spöng miði	
þrautin					pípan 4 eins		
vinnu- samar					dugleysi tvihijóði		
mykju					beð kvaka		anganina
8		áreiti skömmum				málmur kjaftana	
gremst		3			uns		elska
2 eins			flugfélag	ílát	kvendýr		dýrahljóð
aflagar					lengd	2	
fiskar					eldstæði fanga	2 eins tímabil	
spendýrið					nibbuna feiti		
		féfletta	úldnar knæpa				hrun snemma
dans					hljóm ávöxtinn	öðlast lítlausar	
	slabb banka			5	bætir lélegar		
ófullgerð				spendýr kvendýr		3 eins mann	
samtök			sæmd 3 eins		hæna kvað		
6		vörubíll umfram					án afláts röð
dá				tæpast			
hamlar				9	sönglagi	7	

1	2	3	4	5	6	7	8	9
---	---	---	---	---	---	---	---	---

Sudoku

Auðveld

		9	2					3
5	8				4		9	
			7	8		5		
3	2						7	8
4	1	5						
7			9	1	2		4	
8						2	3	7
	2		4	6		8		
		3					1	

Í síðustu viku urðu mistök svo nafn vinningshafa fyrir krossgátu DV 12. október var ekki læsilegt. Við birtum nafn hans hér með aftur og biðjumst velvirðingar á mistökunum.

Vinningshafi krossgátu þar síðustu helgar er ...

Sigurður Örn Búason Dalsflöt 9 300 Akranes

Lausnarorðið var **DÓTAKASSI**


Sigurður Örn hlýtur að launum bókina Sænsk gúmmistígvél

Þegar Antoine Courtin er tólf ára verður hann sex ára dreng að bana í skógi nálægt heimabæ þeirra. Fullur skelfingar felur hann lík litla drengsins í gjá í skóginum. Leitarflokkar eru kallaðir til en leitin ber engan árangur og smám saman fjarar málið út.

Meira en áratug síðar er Antoine að ljúka læknisnámi, býr í París með kærustunni og framtíðin virðist björt. Hann hefur ætíð forðast að snúa aftur á æskulóðirnar en þarf þess nú af fjölskylduástæðum. Yfir hann hellist gamalkunn sektarkennd, hrollkaldur ótti við að upp um hann komist og hamingjuríkt líf hans breytist í martröð.

Pierre Lemaître er einn vinsælasti spennusagnahöfundur Frakka og bækur hans hafa verið þýddar á fjölmörg tungumál. Hann er margverðlaunaður, hlaut meðal annars hin virtu Goncourt-bókmenntaverðlaun 2013 og hefur í þriggja hlotið glæpasagnaverðlaunin Alþjóðlega rýtinginn.

Friðrik Rafnsson þýddi.
Höfundur: Pierre Lemaître



Í verðlaun fyrir gátu helgarblaðsins er bókinn Þrjú dagar og eitt líf

Verðlaunagáta

Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.

Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið **krossgata@dv.is**




FORLAGIÐ
www.forlagid.is

Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...

Nicolai Þorsteinsson Dalsel 11 109 Reykjavík

Lausnarorðið var **HORNKERLING**
Nicolai hlýtur að launum bókina Þrjú dagar og eitt líf



Í verðlaun fyrir gátu helgarblaðsins er bókinn Kapítóla

Kapítóla

Höfundur: Emma D.E.N. Southworth, Eggert Jóhannsson þýddi
Skapstyggi karlfaskurinn Ira Warfield – Fellibyltur – fer að leita að horfnu stúlkubarni sem er erfingi mikilla auðæfa – og finnur frakka og klára góttustelpu í New York.

Hann tekur hana með sér heim í Fellibyljahöll og reynir að ala hana upp sem hefðardömu – með æði misjöfnum árangri. En kjarkmikli fjórkálfurinn Kapítóla heillar alla upp úr skónum, hvort sem það er þjónustufólkið, lögregluþyrirvöld, yngismaðurinn Herbert Grayson eða ræningjaforinginn ógurlegi, sjálfur svartí Donald ...

E.D.E.N. Southworth (1819–1899) var vinsælasti skáldsagnahöfundur Ameríka á sínum tíma og skrifaði yfir sextíu sögur, margar um sjálfstæðar og uppreisnargjarnar stúlkur. Kapítóla, eða Upp koma svik um síðir kom fyrst út 1859 og naut frá upphafi gífurlegra vinsælda. Íslendingar kynntust Kapítólu fyrst sem framhaldssögu í Heimskringlu 1896–1897 í þýðingu Eggerts Jóhannssonar og síðan hefur hún komið út mörgum sinnum hér á landi. Silja Aðalsteinsdóttir sá um þessa útgáfu og ritaði eftirmála.



— AÐ LEIÐARLOKUM —

Hvað vil ég?

FRÆÐSLUFUNDUR ÚTFARARSTOFU KIRKJUGARÐANNA

Grafarvogskirkju 30. október frá kl. 17.00 til kl. 19.00

Kl. 17:00 AUKIN AÐSTOÐ – BÆTT ÞJÓNUSTA
Elín Sigrún Jónsdóttir lögfræðingur og framkvæmdastjóri ÚK ræðir um reynsluna af nýrri, aukinni og persónulegri þjónustu.

Kl. 17:15 HVAÐ MÁ OG HVAÐ MÁ EKKI?
Sr. Guðrún Karls Helgudóttir spyr útfararstjórana Jón G. Bjarnason og Magnús Sævar Magnússon spjörunum úr.

Kl. 17:30 KAMPAVÍN OG BALLÖÐUR
Erum við að missa stjórn? Er það slæmt? Breytt samfélagsgerð kallar á nýja nálgun. Sigrún Óskarsdóttir guðfræðingur hjá ÚK fjallar um mikilvægi samtalsins og ólíkar þarfir aðstandenda við kveðjustund. Hefðin er sterk og rík en ekki meitluð í stein.

Kl. 17:45 ÓSKALAGIÐ
Katrín Halldóra Sigurðardóttir, söngkona. Undirleikur Hákon Leifsson, organisti.

Kl. 18:00 HLÉ – Boðið upp á léttar veitingar.

Kl. 18:15 AF HVERJU ÆTTI ÉG AÐ GERA ERFÐASKRÁ OG KAUPMÁLA? ER UNNT AÐ FÁ STYRKI VEGNA ÚTFARARKOSTNAÐAR?
Sr. Grétar Halldór Gunnarsson spyr Kötlu Þorsteinsdóttir, lögfræðing og Emilíu Jónsdóttur, félagsráðgjafa ÚK út í ýmis mál sem honum liggja á hjarta.

Kl. 18:30 EINSÖNGSLAGIÐ
Gissur Páll Gissurarson, óperusöngvari. Undirleikur Hákon Leifsson, organisti.

Kl. 18:40 AF SJÓNARHÓLI SYRGJANDANS „Þá grét Guðrún Gjúkadóttir“
Vilborg Davíðsdóttir, rithöfundur sat við dánarbeð fimm ástvina á fimm árum og stofnaði ásamt öðrum samtökin Ljónshjarta til stuðnings ungum ekkjum og ekkjum. Hún deilir sýn sinni á útfararsíði sem hjálp í sorgarúrvinnslu aðstandenda og gildi sorgartjáningar sem er orðin æ algengari á samfélagsmiðlum síðustu misseri.

Kl. 18:55 SAMANTEKT FUNDARSTJÓRA
Sr. Arna Ýrr Sigurðardóttir.

SAKAMÁL



1992 framdi Grikkinn Antonis Daglis sitt fyrsta morð. Hann var dæmdur fyrir morð á þremur vændiskonum í Abenu. Eftir að hann var handtekinn játaði hann að hafa nauðgað tveimur konum, kyrkt þær síðan og sundurlímað lík þeirra. Daglis játaði enn fremur að hafa reynt að myrða sex konur að auki og að hafa rænt þær allar átta. Við réttarhöldin sagði hann: „Ég hataði allar vændiskonur og mun gera það áfram.“ Daglis fékk, árið 1997, þrettánfaldan lífstíðardóm og 25 ár að auki.

ÞVOTTAKONAN OG ÞJÓFURINN

■ Toddy var þjófóttur drykkjurútur ■ Milly lét hann róa

Einu sinni var ekkja í Chadwell Heath í Essex á Englandi. Ekkjan hét Milly Blunt og var 43 ára þegar þessi saga hefst árið 1864. Milly sá sér farborða með því að þvo þvott fyrir þá sem þess óskuðu, og þeirri vinnu hafði hún sinnt eftir að eiginmaður hennar féll frá og tvö börn þeirra hjóna, af fjórum, höfðu dáið. Um þriggja ára skeið hafði Milly verið í sambandi með þjófóttum drykkjusvola, Francis „Toddy“ Wane, en þegar þarna var komið sögu hafði hún fengið sig fullsadda af honum og því sem honum fylgdi og slitid sambandinu.

Brúðkaup í vændum

Í kjölfarið vænkaðist hagar Millyjar því hún fékk starf sem fólst í þrifum á krá einni og að auki gerðist hún ráðskona hjá 78 ára gömlum herramanni, James Warren. James þessi bjó ásamt 49 ára syni sínum, John, í gömlu húsi á Chadwell-heiðinni. Þess var skammt að biða að Milly og John felldu hugi saman og um síðir ákváðu þau að ganga í hjónaband.

Þegar Toddy heyrði þau tíðindi varð hann vægast sagt brjáláður og hugsaði sitt.

Toddy í morðskapi

Í ágústlok þetta ár kíkta Toddy inn á White Horse-krána á leið sinni

White Horse-kráin Vinur Toddys fékk að heyra af áformum hans yfir ölkrús á þessari krá.



Cooper's-kráin í Chadwell Heath Hér hleraði Toddy samtali Millyjar og vinkonu hennar.

heim frá Romford. Þar sem hann sat og knefjaði öl hitti hann kunningja sinn, opinberan starfsmann að nafni Joseph Rogers. Þeir tóku tal saman og sagði Toddy honum að hann hygðist drepa konu. Rogers leist ekkert á hvert samtalið stefndi og bað Toddy lengstra orða að láta af öllum slíkum áformum.

Biður um annað tækifæri

Toddy gaf lítið fyrir ráðleggingar Rogers og sagði: „Nei, lagsi. Ef þú verður staddur einhvers staðar á Englandi næsta mánuðinn þá munt þú komast að raun um að ég hef orðið henni að bana.“ Segir ekki frekar af samræðum Toddys og Rogers og vikur frásögninni nú fram um viku.

Þá sat Milly á kránni og sötraði öl með framtíðartengdaföður sínum og sonarsyni hans. Birtist þá

ekki nema Toddy sem vindur sér að henni og grátbað hana að gefa honum annað tækifæri.

Milly tók óstínt í bón Toddys og sagði að myndi aldrei verða. Brást Toddy hinn versti við: „Milly, þú verður að deyja.“ Vertinn á White Horse-kránni, Charles Fitch, sem lengi hafði haft horn í síðu Toddys, ákvað að skerast í leikinn og gerði Toddy brottrækan af kránni.

Legið á hleri

Þann 24. september fór Toddy á Cooper's-krána í morgunsárið. Hann vissi sem var að Milly keypti inn í verslun við hliðina og masaði gjarna við vinkonu sína í leiðinni. Milly brá ekki út af vana sínum og samræður vinkvennanna snerust eðli málsins samkvæmt að mestu leyti um væntanlegt brúðkaup. Þar

„Milly, þú verður að deyja.“

sem Toddy sat á kránni gat hann heyrt hvert einasta orð sem þeim fór á milli.

Skorin á háls

Milly fór síðan heim, kláraði þvottinn og hóf svo vinnu við brúðarkjölinn. Innan skamms fann hún til þorsta og bað því James gamla að skjótast á White Horse og kaupa handa henni öl, eina og hálf pintu nánar tiltekið.

James taldi það ekki eftir sér,

rölti á krána og kom heim um hálf tíma síðar. Litlu mátti muna að James hnyti um illa útleikið lík Millyjar. Hafði hún verið skorin á háls og voru skurðirnir, þrjár talsins, svo djúpir að hægt var að finna fyrir hálsliðunum.

Toddy hittir William Calcraft

Toddy var handtekinn í snarhasti en bar af sér allar sakir, sagðist ekki einu sinni hafa verið í Chadwell Heath þennan morgun. Ekki var hlustað á hann og síðar réttað yfir honum í Chelmsford þann 14. desember 1864.

Hann sagðist vera saklaus en kvíðdómur taldi hið gagnstæða og Francis „Toddy“ Wane var hengdur af William Calcraft 28. desember 1864 fyrir framan um 1.500 áhorfendur. ■

GJAFFA VÖRUDAGAR



GJAFVARA
20%
AFSLÁTTUR

Síðumúla 30 - Reykjavík
Hofsbot 4 - Akureyri

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VONDI STJÚPINN

William fann sig einhverra hluta vegna knúinn til að fyrirkoma eiginkonu sinni

Tilvera hins fimmtán ára George Hollingdale, á heimili hans á Cavendish-stræti 10 í Brighton á Englandi, var ekki létt, en hann lét sig hafa það, enda margt sem hægt var að hafa áhyggjur af á því herrans ári 1887. George bjó með móður sinni og stjúpöður í lítilli leiguíbúð, svo lítilli að hann þurfti að deila svefnherbergi með þeim. Þrengslin á heimilinu voru eitt en verra var að móður George, Söruh, 35 ára, og stjúpa, William Wilton, 40 ára, þótti sopinn helst til góður og stöðug drykkja þeirra olli miklum núningi innan veggja heimilisins.

Allsgáð, ótrúlegt en satt

Þann 8. júlí, 1887, vildi svo ólíklega til að hjónin voru allsgáð. William kom heim að vinnu lokinni, en hann gerði við vagnhjól, og um kvöldið tók eiginkona hans til kvöldverð; kál, léttsaltað nautakjöt með lauk. Um ellefu leytið það kvöld höfðu hjónin ekki enn feng-

ið sér í glas og öll þrjú tóku á sig náðir á sama tíma.

Í morgunsárið, klukkan fimm, vaknaði George. Móðir hans og faðir voru enn í fastasvefni og hann yfirgaf heimilið.

Höfuðkúpan mölbrotin

Þegar George kom heim að kvöld þessa dags kom hann að útidyrnum læstum. Greip unglingurinn til þess ráðs að skríða inn um opinn glugga svefnherbergisins. Þar mætti honum óhugnanleg sjón. Allt virtist með kyrrum kjörum en blóð sem lak af rúminu og niður á gólf gaf til kynna að sú væri ekki raunin. Þegar hann svipti sænginni af rúminu blasti við honum lík móður hans. Höfuðkúpan hafði verið barin í mauk og höfuðið sjálfst nánast skilið frá búknunum. Af stjúpa George sást hvorki tangur né tetur.

Sat að sumbli

Skelfingu lostinn hljóp George yfir



3 dagar liðu frá því að Bandaríkjamadurinn Mesac Damas myrti alla sína fjölskyldu þar til hann var handtekinn. Um var að ræða eiginkonu hans Guerline og fimm börn þeirra; Michzach, 9 ára, Marven, 6 ára, Maven, 5 ára, Megan, 3 ára, og Morgan, 11 mánaða. Damas stakk þau öll til bana. Morðin framdi hann 18. september, 2009, á Flórída en hann var handtekinn á Haítí og síðan framseldur til Flórída. Hann fékk dauðadóm 27. október 2017.

ÁSTÆÐULAUST MORD

■ Gary Hirte myrti mann og montaði sig af því ■ Bar síðar við stundarbrjálæði

Ótal ástæður geta legið fyrir því að einhver ákveði að verða öðrum að bana; afbrýðisemi, fjármunir og hrein og klár sturlun, svo fátt eitt sé nefnt. Ekkert af þessu átti við hjá Bandaríkjamanninum Gary Hirte, hann langaði einfaldlega að vita hvort hann kæmist upp með morð.

Þann 31. júlí, 2003, myrti Hirte, sem þá var 17 ára, 37 ára afgreiðslumann, Glenn Kopitske, í Wisconsin. Umræddur Kopitske hafði það sér til frægðar unni að hafa sjö árum áður sóst eftir embætti forseta Bandaríkjanna, þrátt fyrir að hafa þá ekki aldur til. En það er önnur saga.

Enginn meðaljón
Gary Hirte



Gary Hirte Virðist hafa myrt til þess eins að prófa það.

var enginn meðaljón og árið 2002 varð hann fyrstur drengja frá bænum Weyauwega í Wisconsin til að hljóta titilinn Eagle Scout í 20 ár. Um er að ræða ædstu tignargráðu sem hægt er að ná innan skátahreyfingar drengja í Bandaríkjunum.

Í menntaskóla keppti Hirte í hvort tveggja fótboltaíði og glímuliði síns skóla. Gary Hirte vann skólasyrkr til að nema við St. Cloud-skólann í Minnesota, þar sem hann nam refsirétt. En það er einnig önnur saga.

Gums lekur úr gati

Sem sagt, 31. júlí skaut Hirte Kopitske til bana. Hann lét líkið liggja en tók bifreið fórnarlambins traustataki. Tveir dagar liðu áður en líkið

”Tveir dagar liðu áður en líkið af Kopitske fannst og slíkur var hitinn að líkið var þegar farið að rotna þegar móðir hans, Shirley, fann það.

af Glenn Kopitske fannst og slíkur var hitinn að líkið var þegar farið að rotna þegar móðir hans, Shirley, fann það.

Hún hafði ítrekað reynt að ná sambandi við hann án árangurs og því ákveðið að kanna hverju sætti.

Það var ekki fyrr en að krufningu lokinni, 5. ágúst, sem ljóst varð að dauða Kopitske hafði ekki borið að með eðlilegum hætti. Meinafræðingur tók þá eftir að eitthvert gums lak út um gat á aftanverðri höfuðkúpunni. Einnig voru stunguáverkar á bringunni en úrskurðað að þeir voru veittir að Kopitske látum.

Montar sig af morðinu

Hver veit nema Hirte hefði komist upp með morðið ef hann, hálfum mánuði síðar, hefði látið vera

að guma sig af því. Hann sagði vini sínum, Eric Wenzelow, frá morðinu og þegar Wenzelow lagði ekki trúnað á frásögnina, sýndi Hirte honum veiðihnífinn sem hann hafði stungið Kopitske með. Einnig sýndi hann Wenzelow lykklana að bifreið Kopitske. Allt þetta hafði þó ekki nokkrar afleiðingar.

Í ágúst tók Hirte upp samband við snót að nafni Olivia Thoma. Hirte sagði henni að hann hefði skotið Kopitske í hnakkann og síðan stungið hann í bak og fyrir. Það var síðan í janúar 2004 sem Olivia Thoma hafði samband við lögregluna.

Ótrúverðug frásögn

Eftir að Thoma hafði upplýst lögregluna um frásögn Hirte fékk lögreglan hana til að hringja í hann og reyna að fá hann til að játa verknaðinn. Það gekk allt eftir og lögreglan náði játningunni á upp-töku.

Vindur nú sögunni fram til 30. ágúst þetta sama ár. Þá var Hirte ákærður fyrir morð að yfirlögðu ráði. Við réttarhöldin bar hann því við að hann yrði samkynhneigður þegar hann væri undir áhrif-

Glenn Kopitske Var kannski einfaldlega óheppinn.



um áfengis. Þannig hefði verið ástatt fyrir honum 31. júlí, 2003, og hann hefði þá haft samræði við Kopitske. Eftir á hefði hann fyllt viðbjóði á sjálfum sér og ekki verið í andlegu jafnvægi þegar hann banaði Kopitske.

Sakhæfur og sakfelldur

Lítill trúnaður var lagður á frásögn Hirte og talið nokkuð augljóst að hann hefði, eins og áður er getið, framið morðið til þess eins að sjá hvort hann kæmist upp með það. Þann 4. febrúar, 2005, var úrskurðað að Hirte væri, og hefði verið, heill á geði og hann sakfelldur fyrir morð. Hann fékk lífstíðardóm fyrir lífið sem hann slókti. ■

Lewes-fangelsi (fyrir miðri mynd) Síðasti viðkomustaður Williams Wilton.



í næsta hús eftir hjálp og var umsvifalaust leitað til lögreglunnar. Upphófst mikil leit að William og kannski eðlilega kíkt inn á allar knæpur í grenndinni. Um síðir fannst William á Windmill Inn þar sem hann sat að sumbli og án málalenginga sagði hann við lögregluþjóninn sem handtók hann: „Já, ég gerði það. Hún hefur átt það skilið í langan tíma ... Ég veit að ég mun finna lykkluna um hálsinn á mér vegna þess.“

18 sentimetra skurður

Líkiskoðun leiddi í ljós að skurðurinn á hálsi Söruh var 18 sentimetra langur og grófur og greinilegt að William hafði þurft að beita

þónokkru afli til að skera eiginkonu sína á háls. En talið var nokkuð víst, í ljósi viðamikilla höfuðáverka, að Sarah hafði verið látin þegar William beitti kutanum.

Réttað var yfir William 10. ágúst, 1897, og þrátt fyrir viðleitni verjanda hans til að fá hann úrskurðaðan veikan á geði tók það kviðdóm aðeins þrettán mínútur að sakfella hann.

William brá ekki svip þegar dómarrinn dæmdi hann til dauða. William Wilton var hengdur 29. ágúst í Lewes-fangelsi og síðar hafði böðullinn á orði að William hefði verið viljasterkasti maður sem hann hefði sent yfir móðuna miklu. ■

Gerid gæða- og verðsamanburð

Sofðu betur á **BODYPRINT**

vefverslun svefnogheilsa.is

BODYPRINT Reverie

Stillanlegt hjónarúm
Reverie 7S með Bodyprint heilsudýnum
Allar nánari upplýsingar á www.svefnogheilsa.is

UM FJÓRÐUNGUR
LANDSMANNA SEFUR Á HEILSUDÝNU
FRÁ SVEFN & HEILSU Skv. Gallup

12 mán. VAXTALAUSAR GREIÐSLUR

Svefn & heilsa
★★★★★

Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

Umboðsaðilar: HúsgagnaVal - Höfn / Bara snilld ehf. - Egilsstöðum

EF ÍSLENSKAR KVIKMYN

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is



Það er tákni um vinsældir kvikmynda þegar klámmyndaframleiðendur ræna þekktum titlum og stílfæra þá örlítið fyrir sinn groddalega geira. Margir hverjir kannast ábyggilega við titla eins og Good Will Hunting sem varð að Good Will Hump-

ing, Saturday Night Fever sem varð að Saturday Night Beaver, The Terminator sem varð að The Sperminator eða Ocean's Eleven sem varð að Ocean's Eleven Inches.

En hverjir yrðu titlar íslensku klámmyndanna? Hér eru missmekklegar hugmyndir frá nokkrum álitsgjöfum DV. Kíkjum á þær og sjáum hver þeirra taki Gredduverðlaun næsta árs.



HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

20-60% AFSLÁTTUR AF ÚTSÖLUVÖRUM

ALLRA SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR

TRYGGÐU ÞÉR HÁGÆDA HEILSURÚM Á FRÁBÆRU VERÐI Á MEÐAN BIRGDIR ENDAST!

-60% LÁTTUR SÖLUVÖRUM

Royal Corinna
160 x 200 cm
Hágæða málafífill írm svæða skipt heilsuþýna með pokagormakerfi ásamt botni og fótum.
ÚTSÖLUVERÐ 98.726 kr. 30% AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ 141.037 kr.

Royal Layla
160 x 200 cm
Hágæða málafífill írm svæða skipt pokagormakerfi með afótum 10 cm mjúkum toppi ásamt botni og fótum.
ÚTSÖLUVERÐ 130.414 kr. 30% AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ 186.306 kr.

Royal Corinna
180 x 200 cm
Hágæða málafífill írm svæða skipt heilsuþýna með pokagormakerfi ásamt botni og fótum.
ÚTSÖLUVERÐ 121.737 kr. 30% AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ 173.910 kr.

Royal Layla
180 x 200 cm
Hágæða málafífill írm svæða skipt pokagormakerfi með afótum 10 cm mjúkum toppi ásamt botni og fótum.
ÚTSÖLUVERÐ 157.509 kr. 30% AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ 225.013 kr.


20-60% AFSLÁTTUR AF ÚTSÖLUVÖRUM

20-60% AFSLÁTTUR AF ÚTSÖLUVÖRUM

20-60% AFSLÁTTUR AF ÚTSÖLUVÖRUM

rekkan
HEILSURÚM

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955
rekkan@rekkan.is | rekkan.is




DIR VÆRU KLÁMMYNDIR



**KÓRINN
OG HEKLA**



Orsteinn GUÐMUNDSSON
Robert DOUGLAS



Based on the novel "DAYBREAK" by Víktor Arnar Ingólfsson
I HUNT MEN
MANNAVEIÐAR




BYGGT Á METSÖLUBÓK YRSU SIGURDARDÓTTUR

**ÉG
MANNA
ÞIG**

Hér má sjá fleiri hugmyndir að klúrum kvikmyndatitlum:

- | | |
|----------------------|--------------------------------|
| Hýrt líf | Algjör Sveppi og töfrasprotinn |
| Svartur í sleik | Girnd |
| Mannaveiðar | Graður og beinn |
| Kristinn undir Jökli | Ófær |
| Nonni á Manna | Rið |
| Hrafninn sýgur | |
| Foss í oss | |



**BESSIR
BESSIR**
by Júlíus Kemp

SOMETTIMES NOWHERE IS THE ONLY PLACE YOU WANNA BE

Síðan má ekki gleyma íslenskum titlum sem mætti misskilja sem heiti á klámmyndum, án þess að nokkru sé breytt. Á meðal þeirra eru:

- | | |
|-------------------------|--------------------|
| Djúpið | Mahrens |
| Vargur | Kóngavegur |
| Stundin okkar | Fólk með Sirrý |
| Fyrir framan annað fólk | Okkar á milli |
| XL | Hross í oss |
| Hamarinn | Stuttur Frakki |
| Meistarinn | Opinberun Hannesar |
| 2001 nótt | Sódóma Reykjavík |
| Samfarir Báru | |



KVIKMYND EFTIR FRÍDRIK DÓR FRÍDRIKSSON

Djöflameyjan

Baltasar Kormákur
Gísli Halldórsson
Sigurveig Jónsdóttir

„Ákaflega vel heppnuð...“ – Ö.T.H. Rás 2



A NORDISK FILM INTERNATIONAL RELEASE
Ungfrúin graða og húddið

BASED ON A STORY BY NOBEL PRIZE-WINNER HALLDÓR LAXNESS

TINNA GUNNLAUGSDÓTTIR · RAGNHILDUR GÍSLADÓTTIR · AGNETA ERMANNER,
REINE BRYNOLFSSON · RÚRIK HARALDSSON · EGILL ÓLAFSSON
BJÖRN FLOBERG · GHITA NORBY · HELGI BJÖRNSSON



Falin nöfn íslensks frægðarfólks

■ Hvað fólk er Örn Eyjólfsson, Lúðvík Haraldsson, Þorkelína Kjeld og Guðmunda R. Gísladóttir?

Allmargir Íslendingar kannast eflaust við að bera skírnarnöfn sem fólk notar þó ekki dagsdaglega. Það á sérstaklega við um fræga Íslendinga sem nota iðulega styttri útgáfur af nöfnum sínum. DV fann átta dæmi um þjóðþekktu Íslendinga sem skarta for- eða millinöfnum sem fæstir hafa hugmynd um.

Indriði



Fullt nafn okkar dádasta handboltakappa er Ólafur Indriði Stefánsson.

Lúðvík Haraldsson



Fullt nafn bardagakappans Gunnars Nelson er Gunnar Lúðvík Haraldsson Nelson.

Þorkelína



Fullt nafn Kristbjargar Kjeld er Kristbjörg Þorkelína Kjeld

Guðmunda



Söngkonan góðkunnna, Ragnildur Gísladóttir, heitir fullu nafni Guðmunda Ragnildur Gísladóttir.

Lóa



Fullt nafn söng- og leikkonunnar Selmu Björnsdóttur er Selma Lóa Björnsdóttir.

Örn Eyjólfsson



Fullt nafn Magnúsar Sheving er Magnús Örn Eyjólfsson Scheving

Kristján



Útvarpsmaðurinn góðkunnni hét upphaflega Kristján Frosti Logason en heitir núna Frosti Kr. Logason samkvæmt Þjóðskrá.

Þórólfur



Fullt nafn rapparans fræga er Erpur Þórólfur Eyvindsson.

SÉRHÆÐ Í EL RASO



ÍBÚÐ Í VILLAMARTIN

VERÐ FRÁ € 136,000

FÁÐU SENDAN BÆKLING Í TÖLVUPÓSTI OG KYNNTU ÞÉR HVAÐ ER Í BOÐI Á COSTA BLANCA Á SPÁNI

VERÐ FRÁ € 128,000

HAFÐU SAMBAND 555 0366
MASAICELAND@GMAIL.COM
JÓN BJARNI & JÓNAS

Svíf þú inn í svefninn ...í rúmi frá okkur!



Rúm, springdýnur, sængurver,
púðar, rúmteppi & gjafavara!
...við erum með þetta allt og meira til!



Við vorum að taka upp nýja
sendingu af ilmstrám og
ilmkertum frá Mysenso.



Íslensk
hönnun

RB rúm | Dalshrauni 8 | Hafnarfirði | Sími: 555 0397

www.rbrum.is | rum@rbrum.is | erum á [facebook](https://www.facebook.com/rbrum)

Opið alla virka daga frá kl. 09.00–18.00, laugardaga 10.00–14.00, sunnudaga lokað

Orkustöðvarnar þurfa að vera heiðarlegar

■ Sycamore Tree taka upp hjá heimsfrægum framleiðanda ■ Bítlarnir þrætuepli

Kristinn Haukur Guðnason
Guðni Einarsson
kristinn@dv.is / gudnieinarsson@dv.is

Pau Ágústa Eva Erlendsdóttir og Gunnar Hilmarsson skípa hljómsveitina Sycamore Tree en hljómsveitin hefur verið á mikilli siglingu undanfarin misseri. Hljómsveitin gaf út sína fyrstu breiðskífu, Shelter, á síðasta ári og hlaut mikið lof gagnrýnenda og fór beina leið á topplista landsins. Bandið hlaut fjölda tilnefninga og verðlaun á hlustendaverðlaunum nú fyrr á árinu auk þess sem Ágústa Eva var kosin söngkona ársins.

Bandið vinnur nú hörðum höndum að gerð nýrrar plötu en plötuna vinna þau með hinum virta útsetjara Rick Nowel. Rick, sem er einn sá stærsti í sínu fagi, hefur unnið með stórstjörnum á borð við Lana Del Rey, FKA Twigs, Lykke Li og Madonnu svo einhverjir séu nefndir. Hljómsveitin stefnir á útgáfu plötunnar á nýju ári.

Átti að leika hund í mynd Hrafns

Ágústa segist hafa sungið síðan hún var barn og sex ára hafi hún komið fyrst fram en það var á helgileik.

„Pabbi minn sendi mig í prufur fyrir kvikmyndina Hin helgu vé eftir Hrafn Gunnlaugsson þegar ég var tíu ára. Ég komst í lokaúrtak þar en þá fékk pabbi að lesa handritið og dró mig snarlega úr því verkefni.“ Myndin fjallar um sjö ára dreng sem verður ástfanginn af tuttugu ára heimasætu. „Ég átti að leika hund og þetta var mjög skrytið allt saman.“

Átján ára gömul fór Ágústa í alþjóðlega hæfileikakeppni í Bandaríkjunum og kynntist þá leiklist í fyrsta sinn.

„Ég gerði þetta í flippi. Það var kennaraverfall og ódýrt að fljúga. Þarna voru stelpur í svona „pageant“ kjólum og mér fannst þetta rosalega fyndið. Þar keppti

ég í sápuoperuleik og endaði í öðru sæti. Ég hef alltaf haft áhuga á rugli og að brjóta upp aðstæður eins og ég gerði með Silvíu Nótt. Ég hef sinnt bæði tónlistinni og leiklistinni alla tíð síðan, tekið þátt í söngleikjum og sungið með kór-um. Leiklistin hefur verið meira áberandi síðustu tíu ár en nú er það að breytast.“

Gunni hóf tónlistarferilinn í bílskúrnum þrettán eða fjórtán ára eins og svo margir unglingsstrákar gerðu. Þetta var á tíunda áratugnum og sterk tónleikasena í borginni.

„Ég ætlaði að fara í músík, flutti til London og spilaði sem bassaleikari. Síðan tók lífið U-beygju og ég fór á kaf í hönnun og setti tónlistina á hilluna. Á síðustu árum hef ég fundið þörfina fyrir að byrja aftur að semja og spila,“ segir hann.

Tómatakast á sviði

Ágústa segir að sameiginlegur vinur þeirra, gítarleikarinn Ómar Guðjónsson, hafi leitt þau saman. Gunni segir:

„Við höfðum aldrei talað saman þegar við hittumst á fyrsta Sycamore Tree fundinum sumaríð 2016 fyrir utan eitt vink á Klapparstígnum fyrir fimm árum sem Ágústa man ekkert eftir, en hún var þar að leggja bílnum sínum ólöglega.“ Ágústa áréttar að hún hafi ekki lagt í stæði fatlaðra.

„Hálftu ári áður en við hittumst á fundinum voru ég og Ómar byrjaðir að vinna að efninu. Okkur fannst kvenrödd hæfa efninu og ég gerði lista yfir fjórar söngkonur sem komu til greina. Ágústa var að sjálfsgöðu efst og var sú fyrsta og eina sem var spurð,“ segir Gunni.

Hingað til hefur Gunni samið flesta textana en hann hefur hvatt Ágústu til að skrifa. Þegar hún byrjaði komu þeir tuttugu í einu.

„Hans textar eru oft um ástina en mínir miklu dekkri. Ég er að bíða eftir staðfestingu á því hvort ég sé snillingur eða aumingi,“ segir

Ágústa og hlær. „Ég hef enga dómgreind á það sem ég geri, enga. Sumt er frábært en niútiú prósent fíflangangur. Einhver annar þarf að sigta þetta út og grípa.“

Gunni segir að hvert lag hljómsveitarinnar sé ein saga og einn heimur. Textarnir séu byggðir á reynslu þeirra beggja og annars fólks einnig. „Þegar þú ert með fólk sem vill hlusta er glatað að segja ekki eitthvað sem skiptir máli.“

Ágústa bendir Gunna á að hann hafi samið lag á síðustu plötu sem er einmitt um eitthvað sem skiptir engu máli. „Ég læt hann finna fyrir því á hverjum einustu tónleikum og segi fólk að nú ætlum við að spila leiðinlega lagið. Þá fær hann persónulegt tómatkast frá sínum eigin hljómsveitarmeðlimi,“ segir Ágústa og hlæja þau bæði. „Fólki finnst þetta samt fyndið,“ bætir hún við.

Heimsfrægur framleiðandi

Sycamore Tree gáfu út sína fyrstu plötu, Shelter, á síðasta ári og gekk hún vonum fram. Enduðu sex af átta lögnum inni á vinsældalistum. „Meira að segja leiðinlega lagið endaði á lista,“ segir Gunni. Um haustið áttu þau að spila á Iceland Airwaves hátíðinni en þá var Ágústa komin á steypirinn. Hún segir:

„Í bjartsýnskasti hélt Gunni í vonina um að við gætum spilað þann níunda nóvember en ég fæddi þann sjöunda.“

Hátíðin er mikill sýningargluggi fyrir íslenska tónlistarmenn og erlendir útsendarar að leita að tónlist fyrir kvikmyndir, auglýsingar og fleira. Það var á þessum tíma sem Gunni tók eftir að framleiðandinn Rick Nowels var búinn að skrifa við eitt af lögnum þeirra á Youtube: „Great band, great song.“ Nowels hefur meðal annars unnið með Stevie Nicks, Madonnu, Cher og Rod Stewart.

Gunni komst í samband við Nowels og flaug í kjölfarið út til



Textagerð „Ég er að bíða eftir staðfestingu á því hvort ég sé snillingur eða aumingi.“

Los Angeles til að hitta hann.

„Hann vildi heyra nýja efnið og við tókum það upp fyrir hann hérna heima. Honum leist það vel á þetta að hann ákvað að við myndum gera heila plötu. Það verkefni hefur verið í gangi síðan í febrúar.“

Þið ætlið væntanlega á alþjóðlegan markað með þetta?

Ágústa segir: „Við erum á kafi í öðrum verkefnum, og Rick líka, en við höfum nýtt hverja lausa stund til að halda plötunni gangandi og það hefur gengið vel. Um áramótin ætlum við að kynna þetta á alþjóðavettvangi.“

Vildi ekki skemmta útrásarvikingakonum

Spurning um áhrifavalda bandsins varpar strax ljósi á mikinn ágreining milli Ágústu og Gunna, það er Bítana. „Við erum ekki sömu megin þar,“ segir Ágústa. „Ef hann semur lag í anda Bítanna þá breytist ég í skessu.“ Gunni viðurkennir að það komi stundum „smá bít í hann“ og hann heldur mjög upp á John Lennon.

Er það að koma fram á tónleikum sambærilegt við að leika á sviði?

„Nei, tónlist getur ekki verið þannig. Þessar orkustöðvar sem maður notar til að flytja lög þurfa að vera svo heiðarlegar til að virka. Tónlist snýst um það að hreyfa við fólk og á tónleikum þarf

hún að ganga upp tilfinningalega,“ segir Ágústa.

Hafið þið verið beðin um að koma fram í undarlegum einkasamkvæmum?

„Ég er ennþá beðin um að koma fram sem Silvíu Nótt,“ segir Ágústa og brosir. „Í eitt sinn átti að fljúga mér upp á Esjuna með þyrllu til að skemmta eiginkonum útrásarvikinganna. Þær voru með einhvern flipp-klúbb og voru að flippa með peninga. Þegar þær voru búnar að ganga upp fjallið átti ég að vera Silvíu Nótt og taka á móti þeim með kampavín.“

Var þetta gert?

„Ég sagði þessu nei takk.“

Fatahönnuður og tímaflakki

Tónlistin er ekki það eina sem Gunni og Ágústa bardúsa við þessa dagana. Gunni hefur starfað sem fatahönnuður víða um heim í tuttugu ár. Meðal annars hjá All Saints í London, Bestseller í Danmörku og Kormáki og Skildi hér á Íslandi.

Ágústa er með annan fótinn í Noregi og Litháen. Þar er hún að leika í HBO sjónvarpsþáttaröð sem nefnist Beforeigners. „Þetta er vísindaskáldskapur og satíra um fólk frá öðrum tímum. Ég leik eitt af þremur stærstu hlutverkum, persónu frá víkingatímanum sem gengur ekki vel að passa inn í nútímann.“ ■



**LOKAÐIR STURTUKLEFAR
MEÐ TOPPI, SPORNA
GEGN RAKA OG MYGLU**

Kíktu á sturta.is og
skoðaðu úrvalið
S. 856 5566





**GULLAUGAÐ Í UMHVERFISVÆNUM
UMBUDUM FRÁ 1000 ÁRA SVEITAPÖRPF
HEFUR NOTIÐ MIKILLAR HYLFI Á ÍSLANDI,
EINKUM VEGNA BRAGÐSINS.**



HÁKOT, ÞYKKVABÆ, 851 HELLA | SÍMI: 859 6197 | HALLO@1000ARASVEITATHORP.IS



Lítt þekkt ættartengsl

Femínistinn og fjölmiðlakonan

Undanfarnar vikur hefur hálfgerð kynjastríð geislað á netmiðlum þar sem Hildur Lilliendahl Viggósdóttir, verkefnastjóri hjá Reykjavíkurborg og femínisti, fer fremst í flokki. Ljóst er að fáir hafa jafnmikla hæfileika og Hildur til þess að yfa stélfjaðrirnar hjá sperrtum karlfuglum. Hildur er ekki ein um að vera umdeild í fjölskyldu sinni. Faðir Hildar heitir Viggó Bragason en systir hans er fjölmiðlakonan Agnes Bragadóttir. Agnes gerði allt vitlaust innan verkalyðshreyfingarinnar á dögunum með röð fréttu um óeiningu innan Eflingar og tengsl forystunnar við Gunnar Smára Egilsson og eiginkonu hans. Þær standa stöðugt í ströngu, frænkurnar.



Óþægileg ættartengsl

Lögmaðurinn og femínistinn

Jón Steinar Gunnlaugsson hefur staðið í fremstu víglinu kynjastríðs sem geislað hefur í netheimum undanfarna daga. Í stuttu máli vakti lögfræðingurinn athygli á því í blaðagrein að fjölmargar konur væru að níða hann á lokuðu vefsvæði sem stjórnað er af þremur þekktum femínistum, Hildi Lilliendahl, Sæunni Ingibjörgu Marinósdóttur og Sóleyju Tómasdóttur. Síðan þá hafa netheimar logað og skoðanaskipti Jóns Steinars og þremminganna verið hörð.

Þannig vill til að talsverð ættartengsl eru milli Jóns Steinars og Sóleyjar. Tengdafaðir Jóns Steinars er Páll Bergþórsson, veðurfræðingurinn kunnir. Bróðir Páls er Jón Bergþórsson en hann er afi Sóleyjar. Fjölskyldubóðin hljóta að vera afar fjörug.



Ég fell í trans...

Loki

Ráðist á transkonu á Lækjartorgi


Líkamlegu áverkarnir eru í raun aukaatriði, þetta tekur mest á sálina," segir transkonan Candice Ápena Jónsdóttir. Síðastliðið þriðjudagskvöld varð Candice fyrir aðkasti og árás hóps Pólverja á Lækjartorgi. „Ég var bara á rölti þegar einn úr hópnunum fór að abbast upp á mig. Kallaði mig öllum illum nöfnunum og hrækti síðan á mig. Ég reyndi að tala hann til en þá stökk hann upp og sparkaði í höndina á mér. Ég hélt fyrst að

ég væri brotin," segir Candice í samtali við DV.

Hún fór í kjölfarið upp á bráðamóttöku til þess að fá bót meina sinna. Blessunarlega var höndin ekki brotin heldur brákuð. Að sögn Candice er þetta ekki í fyrsta skipti sem hún verður fyrir áreiti og aðkasti á almannafæri.

„Þetta gerist því miður reglulega og útlendingarnir eru mun verri en Íslendingar. Yfirleitt eru þetta þó ljót orð en ekki líkamlegt ofbeldi. Ég myndi

ekki segja að Íslendingar væru alveg fordómalausir en þeir eru mun umburðalyndari," segir Candice. Hún segist ekki hafa ákveðið hvort hún kæri árásina. „Þetta var mikið sjokk og ég var óttaslegin. Ég var fegin að þetta fór ekki verr. Ég á enn eftir að ákveða hvort það hafi eitthvað upp á sig að kæra þessa árás. Ég vil að minnsta kosti að allir séu meðvitaðir um hvað transfólk þarf að ganga í gegnum og fordæmi hegðun sem þessa," segir Candice.



BBQ BACON TOWER BORGARI

"it's finger lickin' good"

1.299 kr.

Original kjúklingabringa böðuð í unaðslegri BBQ sósu, ostur, beikon, kartöfluskífa, iceberg salat og léttmajónes.



1.999 kr.

BBQ Bacon Tower borgari, 3 Hot Wings, franskar, gos og bleikar Appoloreimar.

